SHALIDOR
skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur

DOMTI®
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
19. nóvember 2010
272. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Rænd tvisvar í Köben

Fyrirsætan Athena Ragna fórnarlamb í miðri ránsöldu í Kaupmannahöfn.

fólk 62

Það er gott að eldast

Pétur Eggerz leikari fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag.

tímamót 30

Loksins sigur hjá Val

Valur vann Aftureldingu í gær og fékk þar með sín fyrstu stig í N1-deild karla.

sport 58

veðrið í dag

HVASST með suðurströndinni en annars hægari vindur. Rigning sunnan- og austanlands en skýjað og þurrt að mestu vestan- og norðan til. Hiti verður á bilinu 2 til 8 stig.

VEÐUR 4

Össur og Störe ræða málefni tengd íslam

Íslensk og norsk stjórnvöld eru í sambandi vegna málefna tengdra íslam. Sami félagsskapur og keypti Ýmishúsið vinnur að byggingu mosku í Tromsö. Málið hér á landi er annars eðlis að sögn talsmanns Menningarseturs múslima.

TRÚMÁL Íslensk og norsk stjórnvöld hafa verið í sambandi varðandi málefni sem tengjast fyrirhugaðri mosku í Tromsö, en félagsskapurinn sem keypti Ýmishúsið við Skógarhlíð vann að því verkefni. Sami hópur vinnur einnig að fleiri svipuðum verkefnum annars staðar á Norðurlöndunum.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur rætt við hinn norska starfsbróður sinn Jonas Gahr Störe, en nýlega var hætt við byggingu moskunnar í Tromsö vegna ágreinings um fjármögnun og starfsemi hennar. Norsk stjórnvöld gátu ekki staðfest að moskan mætti starfa á forsendum fjárfesta og sádi-arabísku stjórnarinnar, og drógu fjárfestarnir sig því út úr verkefninu.

Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, staðfesti þessi samskipti við Norðmenn í samtali við Fréttablaðið.

„Við þekkjum til málsins í Noregi. Norðmenn hafa haldið okkur upplýstum um það hvernig þeir vinna að þessu máli og Össur og Jonas Gahr Störe hafa rætt þessi mál."

Staðan er þó öðruvísi hér á landi að sögn Karims Askari, talsmanns Menningarseturs múslima á Íslandi, sem hyggst hafa starfsemi í Ýmishúsinu við Skógarhlíð.

Hann segir að féð sem notað sé til kaupa á Ýmishúsinu komi frá styrktarsjóði óháð sádi-arabískum stjórnvöldum. **- gb, þj / sjá síðu 6**

VELTA VÍNINU Vínræktendur velta tunnum af nýjasta árgangi Beaujolais nouveau eftir götum Lyonborgar. Það er orðinn árlegur siður að hefja sölu á víni úr uppskeru sumarsins í nóvembermánuði. NORDICPHOTO/AFP

NÝ PLÁNETA Tölvuteikning af nýju plánetunni. NORDICPHOTOS/AFP

Aðkomupláneta finnst:

Pláneta utan vetrarbrautar

VÍSINDI Stjörnufræðingar telja sig í fyrsta sinn hafa fundið plánetu sem er upprunnin utan Vetrarbrautarinnar.

Pláneta þessi er af svipaðri gerð og Júpíter en nokkuð stærri. Samkvæmt rannsókninni, sem birt var í tímaritinu Science, var þessi hnöttur eitt sinn hluti af sólkerfi utan við Vetrarbrautina. Sólkerfið virðist hafa sogast inn í Vetrarbrautina og er nú 2.000 ljósárum frá jörðu.

Þessi uppgötvun sem birtist í gegnum stjörnukíki í Síle hefur glatt vísindamenn sem fá nú innsýn í mögulega framtíð okkar eigin sólkerfis. **- þj**

Kom í heimsókn á Álftaborg:

Páll Óskar söng fyrir börnin

FÓLK Söngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson kom í heimsókn á leikskólann Álftaborg á miðvikudagsmorguninn. Heimsóknin var heldur betur óvænt því Palli fór húsavillt. Hann lét það ekki á sig fá og eftir beiðni frá starfsmönnum leikskólans tók hann lagið fyrir börnin.

„Þetta var án efa ánægjulegasta óvænta heimsókn sem ég hef farið í," segir Palli í samtali við Fréttablaðið. - ka / sjá síðu 46

Geir H. Haarde segir óhæfilegan drátt hafa orðið á því að verjandi væri skipaður:

Krefst þess að fá verjanda án tafar

LANDSDÓMUR Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur ekki verið skipaður verjandi vegna málshöfðunar Alþingis á hendur honum fyrir landsdómi.

Telur Geir óhæfilegan drátt hafa orðið á skipuninni og hefur með bréfi vakið athygli forseta dómsins, Ingibjargar Benediktsdóttur, á því. Krefst hann þess að lögmaður hans, Andri Árnason, verði skipaður verjandi án tafar.

Í lögum um landsdóm segir að forseti hans skipi ákærðum verjanda svo fljótt sem verða megi. Sjö vikur eru síðan Geir var formlega tilkynnt um ákæru.

Í bréfinu til Ingibjargar segist Geir telja að nú þegar hafi orðið óhæfilegur dráttur á því að honum væri skipaður verjandi. Honum hafi ekki verið gerð grein fyrir ástæðum þess.

„Augljóst er að ég hef verulega hagsmuni af því að lögmaður minn fái þegar formlega stöðu verjanda svo hann geti hafið gagnaöflun og fylgst með öllu, er fram kemur í málinu," segir Geir í bréfinu.

Hann heldur jafnframt til haga því mati sínu að ályktun Alþingis um málshöfðun hafi fallið niður við lok síðasta löggjafarþings. Byggir hann þá skoðun á þingskaparlögum þar sem segir að þingmál, sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok, falli niður.

Áskilur hann sér allan rétt í því sambandi. **- þþs**

Kynngimögnuð
„... af þeim skáldsögum sem þessi penni hefur lesið á þessu hausti er *Mörg eru ljónsins eyru* sú merkilegasta vegna stílgáfu, næmni og skáldlegra tilþrifa." PBB / FT
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


Egill Árnason™
ÞÝSKAR LOFTAÞILJUR
Verð frá kr. 1.990 m²
VIÐ ERUM FLUTT!
Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.
Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

SPURNING DAGSINS

Úlfar, eru þetta nokkuð eintómar svikamyllur sem þið ætlið að setja upp?

„Alls ekki, og þetta er ekkert út í vindinn heldur."

Landsvirkjun íhugar að koma upp vindmyllum á Suðurlandi til raforkuframleiðslu. Úlfar Linnet er sérfræðingur hjá Landsvirkjun.

Breska blaðið Times segir Færeyinga ævareiða Skotum og hóta að veiða lax í net á nýjan leik:

Þáðu netaveiðistyrk frá Evrópusambandinu

UMHVERFISMÁL Færeyingar eru ævareiðir Skotum en fyrirtæki í Skotlandi hefur þegið styrk Evrópusambandsins upp á hundrað þúsund pund, jafnvirði átján milljóna króna. Fyrirtækið veiðir lax í net.

Færeyingar segja styrkveitinguna geta stefnt alþjóðlegum samningum um verndun laxastofna í hættu. Í netútgáfu breska dagblaðsins The Times í gær kom fram að reiði Færeyinga væri slík að þeir hótuðu að hefja veiðar á laxi í net á ný.

Orri Vigfússon, formaður Norður-Atlantshafslaxasjóðsins (NASF), segir ólíklegt að Færeyingar hóti þessu og málið hljóti að vera byggt á misskilningi Times. Færeyingar hafi gert verndarsamning við NASF árið 1991 og hafi þeir leyfi til að veiða 550 tonn af laxi á 26 línubátum á sjó. „Færeyingar hugsa mikið um gæði. Netveiddur lax er verri og lítið fæst fyrir hann miðað við línuveiddan fisk," segir Orri og efast stórlega um að Færeyingar hlaupi til og byrji að veiða lax í net í allra nánustu framtíð.

Hann bendir á að NASF hafi keypt upp netarétt við strendur flestra landa sem liggi við Atlantshaf. Skotar og Norðmenn hafi alltaf verið til vandræða, þeir vilji þjóðnýta réttindi landeigenda að ám og vötnum. „Skotar halda alltaf að allt sé frítt. Þegar þeir greiddu í sjóðinn okkar söfnuðu þeir í hann í Bretlandi," segir Orri.

- jab

ORRI VIGFÚSSON Skotar og Norðmenn hafa alltaf verið til vandræða, segir formaður NASF. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LÆKNAVAKTIN Á SMÁRATORGI Formaður samninganefndar sérfræðilækna, Kristján Guðmundsson, segir að þeir muni ekki semja um átján prósenta lækkun á taxta til að mæta sparnaðarkröfu fjárlaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Læknar semja ekki um stórfellda lækkun

Áætluð útgjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna lækniskostnaðar árið 2011 eru 1,2 milljörðum hærri en ríkið ætlar málaflokknum. Sjálfhætt fyrir sérfræðilækna ef lækka á gjaldskrá um allt að 20 prósent, segir formaður samninganefndar.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég tel mér skylt að standa vörð um þessa þjónustu hér á landi. Ef semja á niður verð um allt að tuttugu prósent er sjálfhætt og læknarnir fara annað," segir Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar sérfræðilækna. Sérfræðilæknar munu ekki semja um átján prósent lækkun á taxta til að mæta sparnaðarkröfu fjárlaga, að hans sögn.

Sjúkratryggingar Íslands áætla að útgjöld vegna lækniskostnaðar árið 2011 verði rúmlega sex milljarðar króna en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir rétt tæpum fimm milljörðum. Stjórnvöld áætla því 1.126 milljóna króna sparnað á þessum fjárlagalið eða 18,7 prósent.

Kristján segir í raun þrjá kosti í stöðunni til að mæta kröfu fjárlagafrumvarpsins. „Semja við lækna um lægra verð, hækka sjúklingagjöld eða henda út úr kerfinu vissri þjónustu."

Viðmælendur Fréttablaðsins hafa á orði að án afgerandi breytinga á fjárlagafrumvarpinu stefni í harkaleg átök lækna við ríkið. Kristján segir of snemmt að spá slíku en ef svo yrði væri það ekki fyrsta skipti. „Það má líka segja að það tekur langan tíma að byggja upp gott heilbrigðiskerfi en það tekur enga stund að rífa niður."

Samningar sérfræðilækna við Sjúkratryggingar Íslands eru allir lausir 1. apríl næstkomandi, þeir fyrstu renna út um áramótin. Undir nefndum fjárlagalið fjárlagafrumvarpsins eru sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar, rannsókna- og röntgenstofur en jafnframt sjálfstætt starfandi heimilislæknar og greiðslur til rannsóknastofa á Landspítala vegna sjúklinga utan spítalans.

Um fjörutíu prósent lækna sem vinna samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar eru ekki í neinu eða afar litlu starfi hjá ríkinu eða stofnunum sem njóta rekstrarstyrkja frá hinu opinbera. Þessir læknar eru með um sextíu prósent af veltunni. Rúmlega 140 læknar starfa alfarið á eigin vegum en sérfræðilæknar eru um 340 talsins á Íslandi.

Skipta má heilbrigðisþjónustu á Íslandi niður í þrjár meginstoðir. Þjónustu heilbrigðisstofnana, heilsugæslu og starfsemi sérfræðilækna. Sérgreinarnar eru fjölmargar, eða ríflega 25 talsins. Komur til sérfræðilækna árið 2009 voru 443 þúsund talsins.

svavar@frettabladid.is

Gætti ekki lögmætra aðferða:

Lögreglumaður fær skilorðsdóm

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sakfellt lögreglumann á höfuðborgarsvæðinu fyrir að hafa farið offari við framkvæmd lögreglustarfa og ekki gætt lögmætra aðferða. Maðurinn var dæmdur á tveggja ára skilorð, en ákvörðun um refsingu var frestað.

Umræddur lögreglumaður var enn við störf hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Málið snerist um það er hann sem stjórnandi lögregluaðgerðar, í miðbæ Reykjavíkur, fyrirskipaði öðrum lögreglumanni að aka með handtekinn mann þaðan út á Granda og skilja hann þar eftir.

- jss

Handtekinn með amfetamín:

Með eiturlyf í skónum

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 1. desember eftir að hafa reynt að smygla um 800 grömmum af amfetamíni til landsins. Maðurinn hafði falið amfetamínið í tveimur pörum af skóm sem hann hafði meðferðis, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Maðurinn er serbneskur en hefur komið hingað til lands í nokkrum sinnum. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði hann síðastliðinn miðvikudag, þegar hann var að koma til landsins frá Kaupmannahöfn.

- jss

SKRÁNINGU FAGNAÐ Bílar GM stóðu fyrir utan kauphöllina í New York í tilefni af skráningu á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn þriggja flokka:

Vilja í mál við breska ríkið

ALÞINGI Fjórtán þingmenn úr Framsóknarflokki, Hreyfingunni og Sjálfstæðisflokki vilja að forsætisráðherra undibúi málshöfðun á hendur breska ríkinu fyrir alþjóðlegum dómstól vegna beitingar hryðjuverkalaga gegn íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum.

GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Þingsályktunartillaga þess efnis var lögð fram í gær. Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki er fyrsti flutningsmaður.

Vilja þeir að gerð verði krafa um skaðabætur fyrir það tjón sem beiting laganna olli íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum.

Nauðsynlegt sé að fá staðfest að sá gjörningur hafi verið með öllu óviðeigandi, ómálefnalegur og ólöglegur.

- bþs

GM aftur á hlutabréfamarkað:

Ríkið gæti komið út á sléttu

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa bandarískra bílaframleiðandans General Motors, GM, hækkaði um tæp átta prósent frá útboði í fyrstu viðskiptum með bréfin á hlutabréfamarkað í New York í í gær.

Bandaríska ríkið lagði í kringum fimmtíu milljarða dala, jafnvirði 5.600 milljarða króna á núvirði, til fyrirtækisins til að forða því frá þroti í fyrra. Fyrirtæki stjórnvalda sem skráð er fyrir hlutnum seldi um fjörutíu prósent af hlutafjáreign sinni í útboðinu. Bloomberg-fréttastofan segir ríkið geta komið út á sléttu selji það afganginn, 37 prósenta eignahlut, á rétt rúma 53 dali á hlut.

- jab

Fjölgað hefur um nokkra í hópi yfirheyrðra vegna Glitnismálsins:

Lárus Welding yfirheyrður í gær

LÖGREGLUMÁL Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, var yfirheyrður af starfsmönnum sérstaks saksóknara í allan gærdag vegna rannsóknar embættisins á nokkrum málum tengdum Glitni.

Lárus féllst fyrr í vikunni á að mæta til yfirheyrslu í gær, eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag. Lárus kom til landsins í gærmorgun með flugi frá London og mætti stuttu síðar til yfirheyrslu.

Tíu starfsmenn Glitnis, Saga Capital og FL Group voru yfirheyrðir á þriðjudag vegna rannsóknarinnar og fleiri bættust í þann hóp í gær. Yfirheyrslurnar í gær stóðu fram á kvöld.

Auk Glitnis beinist rannsóknin meðal annars að félögunum Stím, Baugi, FL Group, 101 Capital, Fons og Landic Properties. Félögin voru öll á vegum fólks úr svokallaðri sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar; Ingibjargar Pálmadóttur, Hannesar Smárasonar, Pálma Haraldssonar og Jóns Ásgeirs sjálfs. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að lagt hafi verið hald á töluvert magn af gögnum í húsleitunum tuttugu vegna málsins á þriðjudag. Nokkurn tíma muni taka að fara yfir þau.

Meðal þeirra sem hafa verið yfirheyrðir vegna málsins er Magnús Pálmi Örnólfsson, sem var sjóðsstjóri gjaldeyrissjóðsins GLB FX. Sjóðurinn keypti verðlaust skuldabréf á Stím hf. af Saga Capital á 1,2 milljarða haustið 2008. Fréttablaðið hefur síðan á þriðjudag ítrekað reynt að ná tali af Magnúsi Pálma til að leita skýringa á því hvers vegna sjóðurinn kaus að skera Saga Capital úr snörunni með þessum hætti. Tilraunirnar hafa ekki borið árangur og Magnús Pálmi hefur ekki svarað skilaboðum blaðsins.

- sh

LÁRUS WELDING Í viðtali í Silfri Egils örfáum vikum fyrir bankahrun sagði Lárus að Stím-viðskiptin hefðu bara verið viðskipti eins og hver önnur sem bankinn gerði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

VERTU TIL...

... ÞVÍ ALPARNIR KALLA Á ÞIG!

Frábært skíðatilboð!

Vika á skíðum
í Madonna á Ítalíu frá.

134.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í viku
í tvíbýli með morgunmat
á Hótel Hubertus.
Brottför: 26. feb 2011

*

Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía) og Davos (Sviss)

Ath!

Ef þú bókar skíðaferð hjá okkur þá látum við bera undir skíðin þín og brýna kantana frítt hjá Útilíf!*

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is

* Framvísa þarf farseðli til að fá kaupaukann frá Útilíf í Glæsibæ.

GENGIÐ 18.11.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,38	112,92
Sterlingspund	179,32	180,20
Evra	153,08	153,94
Dönsk króna	20,532	20,652
Norsk króna	18,776	18,886
Sænsk króna	16,360	16,456
Japanskt jen	1,3495	1,3573
SDR	174,75	175,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,0938

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgin biðst afsökunar:

Vilja styðja þá sem níðst var á

REYKJAVÍKURBORG Borgarráð Reykjavíkur samþykkti í gær að biðja afsökunar alla þá sem vistaðir voru á stofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda í Reykjavík á árum áður og urðu fyrir ofbeldi eða illri meðferð.

„Starfsmenn Reykjavíkurborgar munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða og styðja þá einstaklinga sem um ræðir og þess óska, til dæmis með viðtölum við ráðgjafa og sálfræðinga," segir borgarráð, sem kveður áherslu lagða á að eftirlit með aðbúnaði og líðan barna í vistun standi. „Öllum börnum á að veita eftirfylgd og nauðsynlegan stuðning samkvæmt barnaverndarlögum bæði á meðan á vistun þeirra stendur og eftir að vistun lýkur." - gar

VESTMANNAEYJAR

Semja um nafn í íþróttahúsi

ÍBV hefur óskað eftir leyfi tómstundaráðs Vestmannaeyja til að semja við styrktaraðila um nafn á nýja íþróttahúsinu við Hástein. Ráðið vill kanna málið áður en ákvörðun verður tekin.

LEIÐRÉTTINGAR

Orðið Sýklalyfjaónæmi misritaðist við frágang fyrirsagnar á grein Vilhjálms Ara Arasonar heilsugæslulæknis, sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Vilhjálmur og lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að Þórir Guðmundsson ætti fimmtugsafmæli 18. nóvember. Hið rétta er að hann varð fimmtugur 18. október. Einnig var ranghermt að hann væri kynningar- og markaðsstjóri Rauða krossins, hið rétta er að hann er sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða krossins. Fréttablaðið biðst velvirðingar á mistökunum.

Högum gert að greiða 315 milljónir fyrir bolabrögð í verðstríði við Krónuna:

Hæstiréttur staðfestir risasekt Haga

DÓMSMÁL Hagar gerðust sekir um grófa misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði þegar þeir undirverðlögðu mjólkurvörur í verðstríði Bónuss við Krónuna árið 2005. Þetta er endanlegur dómur Hæstaréttar um málið, en hann staðfesti í gær dóm héraðsdóms.

Högum er gert að greiða 315 milljóna króna sekt vegna málsins, sem er hæsta sekt sem lögð hefur verið á vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

Forsvarsmenn Haga viðurkenndu strax í upphafi að hafa tapað hundruðum milljóna á að selja mjólkina á undirverði. Þeir hafa hins vegar alla tíð hafnað því að hafa brotið af sér og fullyrt að undirverðlagningum hafi einungis orðið neytendum til góða.

„Þessi dómur Hæstaréttar skiptir miklu fyrir þróun samkeppnismála hér á landi. Með honum er komið mikilvægt fordæmi sem fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum ber að horfa til," er haft eftir Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, í yfirlýsingu frá því í gær.

„Af dóminum leiðir m.a. að það getur verið markaðsráðandi fyrirtækjum dýrkeypt að misbeita styrk sínum og takmarka samkeppni neytendum og atvinnulífi til tjóns," segir Páll Gunnar. - sh

Í BÓNUS Hagar greiddu hundruð milljóna fyrir þau skilaboð að samkeppni yrði ekki liðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bifreiðaþörf hins opinbera:

Þarf 100 nýja bíla á næsta ári

VIÐSKIPTI Gert er ráð fyrir að stofnanir og fyrirtæki ríkisins þurfi að kaupa eða leigja allt að hundrað nýja bíla á næsta ári.

Ríkiskaup hafa efnt til útboðs vegna þess. Verða viðskiptin gerð á rekstrarleigukjörum næsta árs.

Í auglýsingu frá Ríkiskaupum segir að um kaup eða leigu á bifreiðum af ýmsum stærðum og gerðum sé að ræða. Veigamikill þáttur í mati á tilboðum verði koltvísýringslosun. - bþs

Rauðvínið reyndist vera amfetamínbasi

Tæplega fertugur karlmaður kvaðst ekki hafa vitað að hann væri að smygla til landsins rúmum lítra af amfetamínvökva, sem hann var tekinn með í ágúst. Hann vissi hvorki hver átti að taka á móti honum né hvar hann átti að vinna og dvelja.

DÓMSMÁL Þrjátíu og sjö ára karlmaður, Daniel Danielewicz, kvaðst fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær hafa talið sig vera að færa samlanda sínum hér á landi rauðvín, skinku, bjúgu og lyf, þegar hann kom til landsins í ágúst síðastliðnum. Í „rauðvínsflöskunni" reyndist vera rúmlega einn lítri af amfetamínvökva. Úr honum hefði mátt vinna rúmlega átta kíló af amfetamíni, sem hægt hefði verið að selja fyrir 25 milljónir króna, að því er fram kom hjá saksóknara í málinu, Júlíusi Kristni Magnússyni.

Maðurinn, sem er pólskur ríkisborgari og var að koma frá Póllandi, bar fyrir rétti í gær að hann hefði ekki haft hugmynd um hvað var í flöskunni.

„Ég kom hingað af því að mér hafði verið lofað að ég fengi vinnu á Íslandi," sagði hann. „Kunningi minn í Póllandi, Pawo, lét mig hafa þessar upplýsingar," bætti maðurinn við en kvaðst ekki vita eftirnafn kunningjans.

Hann sagði að Pawo hefði sagt sér að á Íslandi væri maður, einnig pólskur, sem gæti útvegað vinnu. Sá maður hefði greitt fyrir farið til Íslands.

„Ég þurfti bara að sýna passa á flugvellinum," útskýrði flutningsmaður amfetamínsins, sem sagði flugmiðann til Íslands hafa beðið sín þar. „Pawo lét mig hafa flöskuna, eitthvað matarkyns og lyfin, sem ég átti að afhenda manninum á Íslandi. Ég var ekkert að velta því fyrir mér hvað væri í flöskunni."

AÐALMEÐFERÐ Daniel Danielewicz, tæplega fertugur að aldri, mætti fyrir Héraðsdóm Reykjaness í gær. Hann var tekinn með rúmlega lítra af amfetamínvökva í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maðurinn kvaðst hafa átt að fá vinnu við rafvirkjun hér. Sér hefði verið sagt að búið væri að ganga frá öllu varðandi dvölina hér. Hann hefði átt að gista á hóteli fyrstu nóttina en síðan í fyrirtækinu sem hann fengi vinnu hjá. Þar væri gistiaðstaða fyrir hendi. Spurður um þann sem átti að útvega honum vinnuna sagði hann að sá héti Polec. Eftirnafnið vissi hann ekki, hafði aldrei séð manninn og þekkti ekkert til hans.

Jón Halldór Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður sem bar vitni í héraðsdómi sagði að greinilega hefði verið föndrað við flöskuna með amfetamínvökvanum. Meðal annars hefði sílikonkítti verið komið fyrir í innsigli hennar svo hún læki örugglega ekki.

Halla Geirlaug Gunnlaugsdóttir tollvörður sagði að flaskan og fatnaður hefðu verið í tösku mannsins. Hún kvaðst hvorki minnast matvæla né lyfja í töskunni. jss@frettabladid.is

Úr dómsalnum

Eindregið sakleysi
Daniel Danielewicz, þrjátíu og sjö ára, mætti í dómsal, ákærður fyrir að hafa reynt að smygla til landsins rúmum lítra af amfetamínvökva, sem hægt hefði verið að framleiða úr rúm átta kíló af amfetamíni. Hann lýsti eindregnu sakleysi sínu gagnvart slíku athæfi. Á baki jakka hans stóð skýrum stöfum: **„GANGSTER UNIT"**

Daniel Danielewicz spurður um ástæður þess að hann var að flytja meint „rauðvín", lyf og matvæli til landa síns á Íslandi:
„Ég hef heyrt að lyf séu dýr hér og þessi maður vildi fá sína óskaskinku."

Daniel Danielewicz um tilgang komu sinnar hingað til lands: *„Ég vann svart í Póllandi en frétti þar að það væri hægt að fá og stunda góða, löglega vinnu á Íslandi."*

Jón Halldór Sigurðsson lögreglumaður um framburð Danielewicz: *„Þetta er dæmigerð burðardýrasaga."*

Bragi Björnsson verjandi spurði skjólstæðing sinn:
„Þekkirðu mun á rósavíni og rauðvíni?"
Daniel: *„Ég gæti kannski séð einhvern litamun."*

Daniel Danielewicz um sína afstöðu til málsins:
„Ég hef aldrei haft áhuga á eiturlyfjum né neinu slíku dæmi."

Framboð til stjórnlagaþings

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR
Nú kólnar á landinu um helgina og má búast við frosti víða í innsveitum norðan- og austanlands á sunnudag. Það verður væta sunnan- og vestan til í dag og á morgun en víða bjart og hægur vindur á landinu á sunnudag.



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	12°
Berlín	4°
Billund	4°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	18°
New York	9°
Orlando	25°
Ósló	-4°
París	9°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Friðrika Hjördís Geirsdóttir

ELLEFTA MATREIÐSLUBÓK HAGKAUPS ER KOMIN ÚT!

Höfundur uppskrifta er Rikka

Verði þér að góðu





NÆRINGARGILDI	LDS
Kcal:	158 / 8%
Prótein:	3 G / 6%
Fita:	10,2 G / 16%
Kolvetni:	14,8 G / 5%
Trefjar:	2,9 G / 12%
C-vítamín:	60 MG / 100%
Járn:	0,9 MG / 5%

Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) er miðaður við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.

NÆRINGARINNIHALD
fylgir hverri uppskrift

1.999kr.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Keyptir þú Rauða nef Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna?

Já	3,1%
Nei	96,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Styður þú málshöfðun gegn Bretum vegna hryðjuverkalaga?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Hafrannsóknastofnunin leggur til tvö hundruð þúsund tonna aflamark á loðnu:

Eins árs loðnan lofar góðu

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnunin leggur til að heildaraflamark loðnu á yfirstandandi vertíð verði samtals tvö hundruð þúsund tonn. Stofnunin mun kanna hvort tilefni sé til að endurskoða tillögurnar eftir mælingu á loðnustofninum eftir áramót.

Mælingar á loðnunni fóru fram seint í september og fram í byrjun þessa mánaðar. Loðna fannst víða, bæði eins árs ungloðna og fullorðin tveggja og þriggja ára loðna. Hún hrygnir í mars á næsta ári. Eins árs loðnan fannst í Grænlandssundi og við Grænland, að sögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, benti á það í gær að mjög lítið hefði sést af eins árs loðnu á síðustu árum. Ástand hennar nú muni hins vegar vera mjög gott, bæði meðallengd og meðalþyngd yfir meðallagi. Sýni sem tekin hafi verið í síðustu mælingu bendi til að tíu prósent eins árs loðnu hrygni næsta vor. Það er meira en sést hefur í fyrri mælingum á þessum árstíma.

„Miðað við framangreindar mælingar, að teknu tilliti til náttúrulegra affalla, þyngdaraukningar

NÓG AF LOÐNU Mælingar á eins árs loðnu lofa mjög góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

fram að hrygningu og að skilin verði eftir fjögur hundruð þúsund tonn til hrygningar, reiknast veiðistofn loðnu 198 þúsund tonn," segir LÍÚ. - jab

Forseti Íraks Aziz til bjargar:

Staðfestir ekki líflátsdóminn

ÍRAK, AP Jalal Talabani, forseti Íraks, sagðist í gær ekki ætla að staðfesta líflátsdóm yfir Tariq Aziz, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Saddams Hussein.

Talabani skipar sér þar með í lið með mannréttindasamtökum, Páfagarði og fleirum sem fordæmt hafa líflátsdóminn.

Ekki er þó víst að afstaða Talabanis verði til þess að líflátsdóminum verði aldrei fullnægt, því neiti forseti nægir að þingið eða einhver staðgengla forsetans staðfesti hann. - gb

MARINÓ G. NJÁLSSON Stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna vill ekki að fjölmiðlar fjalli um skuldir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úr stjórn Hagsmunasamtaka:

Vildi ekki frétt um skuldirnar

FJÁRMÁL Marínó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, hefur látið af stjórnarsetu. Hann segir ástæðuna hnýsni fjölmiðla í mál sín.

Marinó segir í bloggi sínu ritstjóra og fréttastjóra Fréttatímans hafa ákveðið að skuldir hans væru söluvara og ætla að birta frétt um skuldastöðu hans í blaðinu þótt hann hafi beðið þá um að gera það ekki. Ekkert var fjallað um skuldastöðu Marinós í netútgáfu blaðsins í gærkvöldi.

„Við stjórnum ekki viðbrögðum fólks við fyrirspurnum blaðamanna," segir Jón Kaldal ritstjóri. - jab

Traust til presta og kirkju:

Tæplega 50% treysta prestum

ÞJÓÐKIRKJAN Tæplega helmingur landsmanna ber mikið traust til sinnar sóknarkirkju og prestanna í sinni sókn. Tæp tuttugu prósent bera lítið traust til þeirra. Kemur þetta fram í niðurstöðum nýlegrar könnunar Capacent sem unnin var fyrir Biskupsstofu.

Traust landsmanna til kirkju og presta virðist vera meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og kirkjusókn er það einnig. Samkvæmt könnuninni fara Íslendingar fjórum sinnum í kirkju á ári að meðaltali.

Tæp 45 prósent aðspurðra sögðust bera mikið traust til sóknarkirkjunnar sinnar, en rúm tuttugu prósent bera lítið traust til hennar.

Könnunin var gerð á tímabilinu 30. september til 7. október síðastliðinn. Úrtakið var 1.171 einstaklingur, 18 ára og eldri, af landinu öllu. - sv

Jólavertíðin hjá póstinum:

Styttist í síðasta sendingardag

SAMGÖNGUR Síðasti öruggi skiladagur til að póstleggja jólapakka til landa utan Evrópu er mánudagurinn 6. desember og föstudagurinn 10. desember fyrir jólakort til landa utan Evrópu.

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum til Evrópu er mánudagurinn 13. desember og á jólakortum til Evrópu föstudagurinn 17. desember, eigi þau að skila sér í tæka tíð fyrir jólin.

Segja annað gilda um starfið á Íslandi

Talsmaður Menningarseturs múslima á Íslandi segir ekkert af fjármunum til kaupa á Ýmishúsi koma frá Sádi-Arabíu. Kröfur yfirvalda þar settu strik í reikninginn varðandi mosku í Tromsö. Ekkert að vanbúnaði hjá Menningarsetrinu.

TRÚMÁL Sömu aðilar standa á bak við sjálfseignarstofnunina Islamic Endowment Center in Iceland, sem festi nýlega kaup á Ýmishúsinu við Skógarhlíð, og verkefni um að byggja mosku í Tromsö í Noregi.

Hætt var við bygginguna í Tromsö þar sem norsk stjórnvöld gátu ekki uppfyllt kröfur fjárfesta frá Sádi-Arabíu, en talsmaður Menningarseturs múslima á Íslandi segir málum ólíkt farið hér á landi.

Tarjei Skirbekk, pólitískur ráðgjafi í norska utanríkisráðuneytinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að málið í Tromsö hefði í raun strandað á fjárfestunum.

„Sádi-arabísku fjárfestarnir þurftu skriflega yfirlýsingu frá norskum stjórnvöldum um að moskan, sem reist yrði fyrir fé frá Sádi-Arabíu, fengi að starfa í samræmi við sádi-arabískar reglur. Það eru sádi-arabísk stjórnvöld sem setja fjárfestunum þetta skilyrði ef þeir hyggjast senda fé úr landi til að fjárfesta í moskum í öðrum ríkjum."

Yfirlýsingu af því tagi vildu norsk stjórnvöld ekki gefa út, og segir Skirbekk sádi-arabísku fjárfestana þess vegna hafa hætt við. „Það er almenn regla hjá okkur að gefa ekki út slík leyfi," segir Skirbekk.

Hann tekur þó fram að norsk stjórnvöld eigi í góðu sambandi við stjórnvöld í Sádi-Arabíu og Espen Barth Eiden aðstoðarutanríkisráðherra hafi tekið málið upp við þau þegar hann átti erindi til Sádi-Arabíu. Þarlend stjórnvöld sýni afstöðu norskra stjórnvalda fullan skilning.

Fréttablaðið hafði samband við Hussein Aldaoudi, sem er einn af aðstandendum Islamic Endowment Center in Iceland og fleiri verkefna á Norðurlöndum, en hann vildi ekki tjá sig um málið.

ÝMISHÚSIÐ Félagsskapurinn sem festi kaup á Ýmishúsinu undir starfsemi Menningarseturs múslima á Íslandi er tengdur fyrirhugaðri mosku í Tromsö.

Norðmenn segjast ekki á móti moskum

Tarjei Skirbekk segir Norðmenn gera athugasemdir við það að stjórnvöld í Sádi-Arabíu skuli ekki leyfa að reistar séu kristnar kirkjur þar í landi. Norsk stjórnvöld ætla að taka málið upp á vettvangi Evrópuráðsins. Þetta mál snerti ekki bara Norðmenn heldur fleiri ríki í Evrópu, og snúist um það að gagnkvæmnissjónarmið séu virt, þannig að hægt sé að gera kröfu til Sádi-Araba um að standa sjálfir við það sem þeir ætlist til af öðrum.

Fjárfesting Sádi-Araba í moskum í Noregi hafi hins vegar ekki strandað á þessu, því norsk stjórnvöld hafi ekkert á móti því að moskur séu reistar þar í landi.

„Þvert á móti ríkir hér trúfrelsi og við styðjum það að hér séu reistar moskur," segir Skirbekk.

Karim Askari, varaformaður stjórnar Menningarseturs múslima á Íslandi, sem verður með starfsemi í Ýmishúsinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að fjármagn til kaupa á húsnæðinu kæmi úr styrktarsjóði óháð sádi-arabískum stjórnvöldum.

„Við þiggjum ekki fé frá Sádi-Arabíu. Féð kemur úr styrktarsjóðum sem eru notaðir til að hjálpa fátækum eða í verkefni eins og að byggja skóla eða moskur."

Karim segir að starf Menningarseturs og Islamic Endowment Center in Iceland sé unnið í samvinnu við stjórnvöld og í raun sé ekkert að vanbúnaði að hefja starfsemi.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn um málið til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis en fékk ekki svör áður en blaðið fór í prentun.

thorgils@frettabladid.is
gudsteinn@frettabladid.is

RISAÞOTA FER Á LOFT Alvarlegar bilanir urðu í hreyflum tveggja A380-risaþota frá Airbus með stuttu millibili fyrir skömmu. MYND/AIRBUS

Galli í hreyflum A380-þota:

Einn sprakk yfir Singapúr

SYDNEY, AP Útlit er fyrir að skipta þurfi út allt að fjörutíu hreyflum í A380-risaþotunum frá Airbus vegna öryggisástæðna. Hreyflar biluðu fyrir nokkru í tveimur þotum ástralska flugfélagsins Qantas, en í öðru tilvikinu leiddi olíusmit í hreyfli til þess að hann sprakk í flugi yfir Singapúr.

Qantas kyrrsetti allar A380-þotur sínar sex í kjölfarið.

Rolls-Royce framleiðir hreyflana. Talsmenn bæði fyrirtækisins og Airbus hafa verið þögulir sem gröfin. Sérfræðingar um öryggi í flugi segja Rolls-Royce ætla að skipta gölluðum hreyflunum út fyrir nýja. Reikna má með röskun á flugi af þeim sökum. - jab

Tveir ákærðir fyrir líkamsárás:

Réðst á fyrrum unnustu sína

DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir húsbrot og líkamsárás.

Fyrst braust annar mannanna inn í íbúð fyrrverandi unnustu og sinnar. Mennirnir ruddust síðan saman inn í aðra íbúð og annar þeirra braust inn á salerni þar sem konan hafði læst að þér. Hann hrinti henni, reif í hár hennar og sló hana, þannig að hún hlaut verulega áverka. Hinn maðurinn hvatti félaga sinn í lokin til að láta þar við sitja, eins og segir í ákæru. - jss

Álframleiðendur á Íslandi taka höndum saman um helstu hagsmunamál greinarinnar:

Upplýsingagjöf helsta hagsmunamálið

IÐNAÐUR Álframleiðendur á Íslandi, Rio Tinto Alcan, Alcoa Fjarðaál og Norðurál, hafa tekið höndum saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum atvinnugreinarinnar og stofnað Samtök álframleiðenda, eða Samál.

Að sögn Rannveigar Rist, stjórnarformanns Samáls, er helsta hagsmunamál áliðnaðarins á Íslandi í dag upplýsingagjöf.

Á fundinum voru reifaðar niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var á vegum Samáls, en þar kom í ljós að meirihluti svarenda var jákvæður í garð íslensks áliðnaðar. Samál leggur áherslu á að koma til skila góðum árangri álfyrirtækja í umhverfismálum og jákvæðum hagrænum áhrifum, en áliðnaðurinn skilar um 70 milljörðum, af 170 milljarða útflutningstekjum, inn í efnahagslífið á hverju ári.

Þorsteinn Vigfússon, framkvæmdastjóri Samáls, segir aðspurður að erfitt sé að sjá af þessari könnun hvort almenningur sé hlynntur frekari vexti áliðnaðar hér á landi.

„Það má hins vegar fullyrða út frá stöðugt jákvæðu viðhorfi sem mælst hefur um langt árabil, samhliða hinni miklu uppbyggingu sem hefur verið innan greinarinnar. Þannig að það hefur ekki haft neikvæð áhrif á viðhorf almennings." - þj



BINDAST SAMTÖKUM Stjórn Samáls, Rannveig Rist, Ragnar Guðmundsson og Tómas Már Sigurðsson ásamt framkvæmdastjóranum Þorsteini Víglundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

30 TIL 70% AFSLÁTTUR Í ÖRFÁA DAGA!

SELJUM SÝNINGAR- OG SKIPTIRÚM

Queen Size rúm (153x203cm)

VERÐ FRÁ 89.000 kr.

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

ALLT Á AÐ SELJAST!

ARGH! 191110

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

VEISTU SVARIÐ?



1. *Með hvaða fræga bandaríska kvikmyndaleikara fundaði Gestur Valur Svansson nýverið?*
2. *Hvað heitir forstjóri Saga fjárfestingarbanka?*
3. *Við hvaða knattspyrnulið er Eiður Smári Guðjohnsen orðaður?*

SVÖR

1. Adam Sandler. 2. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson. 3. Reading.

Áfangastöðum fjölgar:

Iceland Express flýgur til Belfast og Edinborgar

SAMGÖNGUR Iceland Express ætlar að fljúga til Edinborgar í Skotlandi, Belfast á N-Írlandi og Dublin á Írlandi næsta sumar. Flogið verður tvisvar til þrisvar í viku til borganna þriggja.

Í tilkynningu segir að Iceland Express verði eina félagið sem bjóði upp á beint flug til Íslands frá þessum þremur borgum. Áætlað er að flugin tengist leiðakerfinu til New York og Boston og komi til með að styrkja það enn frekar.

Eins og fram hefur komið hyggst Iceland Express færa út kvíarnar næsta sumar og fljúga daglega til New York frá og með júníbyrjun. Félagið mun líka fjölga áfangastöðum í Bandaríkjunum.

Landsvirkjun telur sæstreng mögulegan

Landsvirkjun telur að sæstrengur frá Íslandi til Evrópu muni líklega skila sér í arði vegna hækkandi orkuverðs erlendis. Framkvæmdirnar myndu kosta um 400 milljarða íslenskra króna væri strengurinn lagður frá Íslandi til Skotlands.

ORKUMÁL Nýjustu athuganir Landsvirkjunar og fleiri aðila sýna fram á að sæstrengur til meginlands Evrópu muni líklega skila sér í gróða. Heildarkostnaður við virkjanir, flutningskerfi frá Íslandi, landsstöðvar og streng er áætlaður um 2,5 milljarðar evra, eða um 380 milljarðar íslenskra króna.

Edvard G. Guðnason, deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, segir hagkvæmni tengingar við Evrópu hafa verið margsinnis kannaða á síðustu árum og hefur Landsvirkjun tekið þátt í nokkrum sæstrengsverkefnum frá tíunda áratug síðustu aldar.

Fjölmörg fyrirtæki hafa komið að rannsóknunum og í meginatriðum hafa niðurstöðurnar hingað til verið þær að verkið sé framkvæmanlegt en myndi líklega ekki skila arði.

Á síðustu tíu til fimmtán árum hefur orkuverð í Evrópu hins vegar hækkað töluvert. Edvard segir það vera einn megingrundvöllinn fyrir því að Landsvirkjun hafi ákveðið að skoða málið að nýju, ásamt aukinni þörf á erlendum mörkuðum fyrir orkugjafa sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir.

„Á undanförnum árum hafa verið lagðir margir jafnsaumasæstrengir, bæði lengri og á meira dýpi en áður hefur verið gert," segir Edvard. „Það er vaxandi eftirspurn eftir strengjum á erlendum mörkuðum og það eru fáir framleiðendur, sem þýðir að það er ekki mikil samkeppni á þessum markaði."

Orkuverð í nágrannalöndunum hækkar sífellt miðað við orkuverð hérlendis og segir Edvard því hugsanlegt að sæstrengur myndi skila meiri arði.

Séu gefnar þær forsendur að sæstrengurinn lægi frá austurströnd Íslands til Skotlands yrði lengdin um 1.200 kílómetrar. Flutningsgeta væri um 700 megavött og er framkvæmdartími áætlaður um fjögur ár. Seldar væru um 5.200 gígavattstundir á ári og væri raforkuverð eins og það var í fyrra fengjust um 60 evrur á hverja gígavattstund. Líftími hvers strengs er talinn vera um 30 ár.

„Ýmsar spár gera ráð fyrir því að markaðsverð raforku hækki hratt á komandi árum," segir Edvard. „Markmið Landsvirkjunar er að tengjast þessari þróun."

sunna@frettabladid.is

Sæstrengur



ATHAFNAVIKA

FRÁ ÚRSLITUNUM Jón Gnarr borgarstjóri afhenti verðlaun fyrir bestu lausnina, frumlegustu hugmyndina og flottasta myndbandið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Prjónapappakassinn er snilld:

Getur hindrað garnaflækju

NÝSKÖPUN Hjálpartæki þeirra sem ánægju hafa af því að prjóna bar sigur úr býtum í Snilldarlausnum Marel, hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna, sem lauk í gær. Þátttakendur í keppninni áttu að auka notagildi pappakassa.

Sigurvegararnir voru þær Lilja Björk Hauksdóttir, Magnea Ósk Örvarsdóttir og Sigurveig Gunnarsdóttir, sem eru nemendur við Framhaldsskólann á Húsavík, en þær útbjuggu hirslu úr pappakassa fyrir garnhnykla. Göt eru á hliðum kassans og út um þau má þræða enda garnsins. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir að garnið flækist við prjónaskapinn. Til viðbótar útbjuggu þær pappaspjöld sem nota má sem skilrúm þegar prjónað er úr fleiri en einum hnykli.

Nemendur við Framhaldsskólinn á Húsavík sendu fimm myndbönd í keppnina þar sem pappakassinn var útfærður en enginn einn skóli sendi inn jafn mörg myndbönd. **- jab**

www.volkswagen.is

Nýr Polo kostar aðeins
2.390.000 kr.*

*Polo Trendline 1.2 MPI, 70 hestöfl, beinskiptur.
Aðeins 27.232 kr. á mánuði miðað við bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða með breytilegum vöxtum og 30% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,39%.

2010. Besta árið fyrir Polo.

Nýr Volkswagen Polo hefur svo sannarlega slegið í gegn á árinu 2010. Fyrir utan að vera mest seldi bíll landsins á árinu var hann valinn Alheimsbíll ársins og Bíll ársins í Evrópu. Polo 1.6 TDI vann líka sparaksturskeppni Atlantsolíu og fór 100 km á aðeins 2,93 lítrum. Það gerist einfaldlega ekki betra. Nýttu þér hagstætt verð og njóttu allra kosta verðlaunabílsins Volkswagen Polo!

Das Auto.

BÍLAÁBYRGÐ HEKLU - Nýr VW Polo fæst með allt að fimm ára ábyrgð

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

GUL OG RAUÐ OG GRÆN
FÁÐU ÞÉR SAFARÍK EPLI Á EPLADÖGUM

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

KJÚKLINGAHAKK

LAMBA PRIME
FERSKT

HAMBORGARHRYGGUR

UNGNAUTAHAKK
NETTÓ

GRÍSARIF
BBQ

LAMBAINNRALÆRI
FERSKT

LAMBASALTKJÖT
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

LAXABITAR
EMBORG 4X100G

INNBAKAÐUR LAX
RAHBEK 750G

CHICO KLEMENTÍNUR
KOMNAR Í VERSLANIR

coop

MEXÍKÓVÖRUR
Á FRÁBÆRU VERÐI
ÝMSAR TEGUNDIR

25% afsláttur

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

Verið velkomin í Nettó

GILDIR 18. - 21. NÓV.
Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

SKÁL! Vínáhugafólk fékk að bergja á 2010 árgangnum af Beaujolais Nouveau í Tókýó í gær. Tólf daga vínveisla er fyrir höndum. NORDICPHOTOS/AFP

Innanríkisráðuneytið:

Ragnhildur ráðuneytisstjóri

STJÓRNSÝSLA Ragnhildur Hjaltadóttir verður ráðuneytisstjóri nýs innanríkisráðuneytis sem tekur formlega til starfa um næstu áramót við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

RAGNHILDUR HJALTADÓTTIR

Þrettán sóttu um.

Ragnhildur, sem er lögfræðingur að mennt, hefur verið ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins síðastliðin sjö ár. Áður var hún skrifstofustjóri í ráðuneytinu og þar áður starfaði hún í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. **- þþs**

Velferðarráðuneytið:

Anna skipuð ráðuneytisstjóri

STJÓRNSÝSLA Anna Lilja Gunnarsdóttir var í gær skipuð ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins sem tekur til starfa um áramót við sameiningu heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins.

ANNA LILJA GUNNARSDÓTTIR

Hæfnisnefnd mat fjóra úr hópi umsækjenda mjög vel hæfa. Auk Önnu Lilju, þau Bolla Þór Bollason, Rögnu Árnadóttur og Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur. Ragna dró umsókn sína til baka.

Anna Lilja Gunnarsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala frá árinu 2000.

Hún hefur lokið prófum í hjúkrunarfræði og viðskiptafræði. - þþs

Efnahagsráðuneytið:

Helga skipuð ráðuneytisstjóri

STJÓRNSÝSLA Helga Jónsdóttir hefur verið skipuð ráðuneytisstjóri efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

HELGA JÓNSDÓTTIR

Helga er lögfræðingur en hefur þreytt nám á vegum AGS í gerð þjóðhagsreikninga, í þjóðhagfræði og fleiru.

Helga var bæjarstjóri í Fjarðabyggð 2006 til 2010 og borgarritari í Reykjavík 1995 til 2006. Áður starfaði hún meðal annars í forsætisráðuneytinu og sem aðstoðarmaður Steingríms Hermannssonar ráðherra.

22 sóttu um embættið. Sérstök nefnd mat hæfi umsækjenda. **- þþs**

Dómstjórinn í Reykjavík gefur lítið fyrir kvartanir Bjarna Jóhannessonar fyrrverandi stjórnanda í Glitni:

Segir yfirheyrslur slitastjórnar vera í lagi

DÓMSMÁL Dómstjórinn í Reykjavík gerir engar athugasemdir við yfirheyrsluaðferðir slitastjórnar Glitnis. Þetta kemur fram í bréfi sem Helgi I. Jónsson dómstjóri hefur sent lögmanni Bjarna Jóhannessonar, fyrrverandi viðskiptastjóra Glitnis.

Bjarni kvartaði til héraðsdóms yfir framgöngu Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns slitastjórnarinnar, og Bandaríkjamanns frá rannsóknarfyrirtækinu Kroll.

„Í bréfi yðar er rakið hvernig staðið var að skýrslutöku slitastjórnar 14. júlí sl. af umbjóðanda yðar, Bjarna Jóhannessyni, frá hans sjónarhóli séð. Í því efni er einkum vikið að því að nafngreindur bandarísku lögmaður hafi gengið hart fram í skýrslutökunni og hafi umbjóðanda yðar verið hótað velferðarmissi ef svör hans uppfylltu ekki væntingar slitastjórnarinnar," segir í svarbréfi Helga.

Í svari slitastjórnarinnar er ávirðingum Bjarna mótmælt með rökstuddum hætti. „Er það mat undirritaðs, að virtum skýringum slitastjórnar, að ekki séu efni til frekari aðgerða í máli þessu," skrifar Helgi.

Bjarni er einn þeirra sem yfirheyrðir voru vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Glitnis á þriðjudag. Hann var handtekinn á heimili sínu um morguninn en sleppt síðar um daginn. **- sh**

YFIRHEYRSLUHERBERGIÐ Steinunn Guðbjartsdóttir í yfirheyrsluherbergi slitastjórnar Glitnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vindmælingar hér á landi enn á algjöru byrjunarstigi

Vindmælingar í hæð vindmylluturna eru skammt á veg komnar hér á landi. Nú eru hafnar mælingar til athugunar á möguleikum vindvirkjana. Vel yfirstíganlegt vandamál, segir sérfræðingur hjá Landsvirkjun.

ORKUMÁL Þær vindmælingar sem nauðsynlegar eru til viðmiða fyrir vindmyllur eru á algöru byrjunarstigi hér á landi. Starfshópur innan Landsvirkjunar, ásamt Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnun, hefur nú hafist handa við slíkar mælingar og segir Úlfar Linnet, sérfræðingur í orkuathugunum hjá Landsvirkjun, enn langt í land.

ÚLFAR LINNET

„Þau tæki sem nauðsynleg eru til mælinga í þessari hæð eru einfaldlega ekki til hér á landi," segir hann. „Það þarf í raun að vinna allt frá grunni og fá þá þekkingu sem við þurfum frá útlöndum. En þetta gengur vonum framar."

Hópurinn er hluti af Icewind, samnorrænu rannsóknarverkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni. „Í gegnum verkefnið fáum við mikið af samböndum og þekkingu í þessum málum. Þetta er vel yfirstíganlegt vandamál," segir Úlfar.

Þær niðurstöður sem fengist hafa nú þegar eru unnar þannig að vinnslugeta vindmyllu er metin út frá hlutfalli nýtingartíma á hverju svæði. Þannig eru niðurstöðurnar notaðar til að greina hvaða staðir eru taldir álitlegir til framkvæmda.

Í þeim mælingum sem hafa verið gerðar nú þegar til þess að finna út mögulega staði á landinu til vindvirkjana hefur komið í ljós að Suðurlandsundirlendið virðist henta hvað best. Þó er verið að athuga fleiri staði með fjölmörg atriði í huga.

> Þau tæki sem nauðsynleg eru til mælinga í þessari hæð eru einfaldlega ekki til hér á landi.
>
> **ÚLFAR LINNET**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ LANDSVIRKJUN

„Það fer eftir því hversu mikil orka er til staðar og hvernig samgöngur eru," segir Úlfar. „Einnig eru metnir tengimöguleikar inn á flutningsnet, hvort það sé byggð í nágrenninu, landrými og líkur á ísingu. Friðlýst svæði og fuglalíf eru auðvitað einnig veigamikil atriði."

Frumútgáfa af svokölluðum Vindatlas er til nú þegar en uppfærðar rannsóknir verða tilbúnar eftir 2 til 3 ár. Samkvæmt fyrstu rannsóknum bendir allt til þess að hér á landi sé nægilega stöðugur vindur til virkjana. Úlfar segir þumalputtaregluna vera þá að myllurnar slökkvi á sér við 25 metra á sekúndu og slíkt sé fátítt hér á landi.

Algengustu myllurnar í Danmörku eru um 70 metra háar, en þær hæstu í heimi eru tæpir 200 metrar að hæð. **sunna@frettabladid.is**

VINDMYLLUR Verið er að kanna möguleika á að ráðast í framkvæmdir á vindvirkjunum hér á landi. NORDICPHOTOS/AFP

Vindmælingar á landinu

Kortið sýnir veðurstöðvar og líklega meðalframleiðslugetu vindorkuvers í 90 m hæð yfir jörð við veðurstöð.



Meðalframleiðslugeta (POW) sem hlutfall af hámarksframleiðslugetu. Kortið byggir á gögnum frá Landmælingum Íslands, Umhverfisstofnun og Veðurstofunni

Heimild: Landsvirkjun, Háskóli Íslands og Veðurstofa Íslands.

Vatnsorka og vindorka

Vindmyllur geta ekki geymt rafmagn og ekki er hægt að stýra vinnslunni. Þær framleiða orku þegar vindurinn blæs og vinnslan er jöfn álagi. Vatnsafl getur spilað á móti vindi, en það þarf þó að vera afl til staðar.

Tegund orku	Framleiðsla á dag	Framleiðsla á ári
Vindorka	Breytileg	Jöfn
Vatnsorka	Jöfn	Breytileg

Vegagerðin hefur framkvæmdir á uppsetningu vegriðs á Hringbraut:

Gert án samþykkis borgaryfirvalda

SAMGÖNGUR „Það hefur ekki verið full sátt á milli aðila um hvernig skuli staðið að þessu," segir Jónas Snæbjörnsson, sviðsstjóri hjá Vegagerðinni. „Borgin vildi kanna betur hvort það væri hægt að finna aðrar aðgerðir til að draga úr raunhraða."

Jónas segir Vegagerðina ekki telja að borgaryfirvöld hafi komið fram með raunhæfar tillögur í málinu til þess að draga úr slysahættu á Hringbraut, en fundur var haldinn um málið á miðvikudag. Vegagerðin hóf framkvæmdir um morguninn og talið er að framkvæmdir muni standa yfir í um það bil tvær vikur. Heildarkostnaður við verkefnið er um fimmtán milljónir króna.

„Það er okkar sjónarmið að þá megi bara taka vegriðið upp aftur og nota það annars staðar ef menn koma með aðrar raunhæfar lausnir á málinu," segir Jónas.

Ólafur Bjarnason samgöngustjóri segir borgaryfirvöld hafa viljað skoða aðra möguleika en að setja upp vegrið á Hringbraut.

„Vegagerðin gerir þetta upp á sitt eindæmi. Við höfum verið að horfa á fleiri möguleika," segir Ólafur. „Þetta er þjóðvegur og er í eigu ríkisins. Það gerir það að verkum að Vegagerðin hefur rétt á því að gera það sem hún telur nauðsynlegt hverju sinni." **- sv**

FRAMKVÆMDIR VIÐ VEGRIÐ Vegriðið á Hringbraut verður um einn og hálfur kílómetri að lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gengið gegn markmiðum:

Kennarar vara við niðurskurði

MENNTAMÁL Kennarafélag Fjölbrautaskólans í Breiðholti mótmælir niðurskurði á fjárveitingum til framhaldsskóla og varar við áhrifum hans.

Telur félagið að ekki verði gengið lengra í sparnaði án þess að námsframboð verði skert. „Húsnæði tekur víða ekki við fjölmennari bekkjardeildum og hagrætt hefur verið til hins ítrasta gagnvart kennurum," segir í ályktun.

Þá er bent á að niðurskurður námsframboðs sé í andstöðu við yfirlýst og lögfest markmið um framhaldsskóla fyrir alla og einstaklingsmiðað nám. - þþs

90,5%
VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

Samkvæmt nýrri þjónustukönnun eru meira en 90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.

Við erum stolt af þessum frábæra árangri enda eru viðskiptavinir okkar kröfuharður hópur sem hefur reynslu og samanburð af viðskiptum við stóru bankana.

Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

★ ★ ★ ★ ★

„Fólkið er frábært og yndislegt. Halda því áfram."

„Mæli með ykkur og veit að sumir af mínu fólki og vinum hafa komið til ykkar."

„Æðisleg þjónusta."

„Er nýlega flutt yfir til MP banka. Mjög ánægð og hef engu við það að bæta. Takk fyrir mig og mína."

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig."

„Keep up the good work!"

„Starfsfólk bankans á mikið hrós skilið."

„Svona eiga bankar að vera!"



Fíton/SÍA

Þjónustukönnunin var gerð af Capacent fyrir MP banka í september

SETTI UPP BLÁA NEFIÐ Í Lissabon, þar sem tveggja daga leiðtogafundur NATO hefst í dag, setti þessi mótmælandi upp trúðsgervi og blátt nef í gær þegar efnt var til mótmælafundar. NORDICPHOTOS/AFP

Sarah Palin, fyrrverandi varaforsetaefni repúblikana, íhugar forsetaframboð:

Telur sig geta sigrað Barack Obama

BANDARÍKIN Sarah Palin, fyrrverandi varaforsetaefni repúblikana í Bandaríkjunum, sagði í viðtali við ABC-stöðina í gær að hún gæti sigrað Barack Obama í forsetakosningunum 2012.

Palin kemur nú fram í hverju viðtalinu á fætur öðru þar sem hún segist vera að hugsa sinn gang og íhuga hvort hún ætti að bjóða sig fram til forseta í næstu kosningum. Palin beitti sér mikið í nýafstöðnum þingkosningum í landinu og er hún einn helsti talsmaður Teboðshreyfingarinnar svokölluðu sem skilgreina má sem hægrisinnaða repúblikana. Palin varð þó fyrir áfalli þegar tilkynnt var að Lisa Murkowski hefði sigrað í baráttunni um sæti Alaska, heimaríkis Palin, í kosningunum sem fram fóru á dögunum.

Murkowski, sem er sitjandi öldungadeildarþingmaður, bar sigurorð af Joe Miller, sem Palin studdi með ráðum og dáð. Murkowski var hins vegar ekki á kjörseðlinum því hún hafði tapað fyrir Miller í forkosningum repúblikana.

Lög Alaska og sumra annara ríkja, leyfa kjósendum að skrifa nafn einhvers annars en þeirra sem eru í framboði á kjörseðilinn og dugði það henni til sigurs. Slíkt hefur ekki gerst í rúmlega fimmtíu ár í Bandaríkjunum.

SARAH PALIN Hún hefur farið mikinn fyrir Teboðshreyfinguna svokölluðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkefni í Noregi skila Ístaki 11 milljörðum króna

Ístak er með verkefni fyrir ellefu milljarða króna í Noregi. Með verkum í Grænlandi og á Jamaíka nálgast virði utanlandsverkefna 30 milljarða. Yfirverkfræðingur segir vonarglætu Ístaks á Íslandi vera á Búðarhálsi.

FRAMKVÆMDIR „Þetta er algert lykilatriði fyrir okkur," segir Ásgeir Loftsson, yfirverkfræðingur hjá Ístaki, um sjö verkefni fyrirtækisins í Noregi sem samtals eru upp á um 11 milljarða króna.

„Þeim verkefnum sem voru í gangi fyrir hrunið hefur verið að ljúka og það er orðið mjög lítið að gera hérna heima," segir Ásgeir, sem kveður Ístak því horfa út fyrir landsteinana. Fyrirtækið hafi meðal annars boðið í mörg verk í Noregi. „Við höfum bara fengið brot af þeim verkefnum sem við höfum reynt að fá."

Í síðustu viku var Ístak lægstbjóðandi í nýju jarðgangaverkefni. Með því er andvirði núverandi samninga Ístaks í Noregi komið í tæpar 600 milljónir norskra króna, sem svarar til áðurnefndra 11 milljarða íslenskra króna.

„Þetta var fyrst og fremst hugsað til að tryggja okkar starfsmönnum vinnu þegar botninn datt úr þessu hérna heima. Fyrstu verkin komu inn í apríl á síðasta ári og byrjuðu þá um haustið þannig að við erum búnir að vera í þessari lotu í rúmt eitt ár," segir Ásgeir.

Verkefni Ístaks í Noregi eru allt frá Bergen og til Norður-Noregs. Um er að ræða þrenn jarðgöng, tvo grjótgarða og síðan dýpkunarverkefni við hafnir.

Ásgeir segir starfsmennina ytra aðallega vera Íslendinga. „Það eru yfir tvö hundruð manns að vinna þarna. Grunnurinn er gamlir og góðir Ístaksstarfsmenn en svo hefur eitthvað bæst við líka af góðu fólki," segir hann.

Stærstu verkefni Ístaks erlendis eru hins vegar í Grænlandi þar sem yfir hundrað manns voru í sumar. Verið er að ljúka við skóla í Nuuk og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Ilulissat við Diskóflóa á að ljúka árið 2013. Þetta eru verk upp á samtals um 15 milljarða króna. Þess utan er Ístak nú að reisa byggingar við viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip á Jamaíka. Þar eru nú um tuttugu starfsmenn frá fyrirtækinu. Með þessum verkum nálgast upphæð núverandi verksamninga Ístaks erlendis 30 milljarða.

Sem fyrr segir er verkefnastaðan á Íslandi bágborin. „En það er kannski Búðarhálsvirkjun sem er vonarglætan í þessu hjá okkur," segir Ásgeir. Heildarverkið þar er upp á um tíu milljarða en óvissa er um framgang þess. „Það eru ákveðnir fyrirvarar um fjármögnun en við erum þó byrjaðir á fyrsta hlutanum."

gar@frettabladid.is

GRJÓTFLUTNINGAR Í GRYLLEFJORD Framkvæmdir Ístaks við grjótgarð í Gryllefjord í Norður-Noregi hófust á þessu ári og á að ljúka í lok næsta árs. MYND/ÞORGILS ARASON

BORGARNES Heimamenn í Borgarnesi áttu frumkvæði að því að stofna félag sem keypti rekstur Límtrés Vírnets af félagi Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Búið að selja Límtré Vírnet:

Tryggja rekstur í Borgarnesi

VIÐSKIPTI Hömlur, dótturfélag Landsbankans, hefur selt iðnfyrirtækið Límtré Vírnet til félagsins Uxahryggja fyrir 720 milljónir króna. Þar af nema skuldir sex hundruð milljónum króna. Límtré Vírnet var áður hluti af BM Vallá sem varð gjaldþrota í maí.

Tveir fjárfestar eiga samtals áttatíu prósent í Uxahryggjum. Það eru Kristinn Aðalsteinsson, sonur Aðalsteins Jónssonar, sem betur er þekktur sem Alli ríki á Eskifirði, og Hjörleifur Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Kjalar. Heimamenn í Borgarnesi áttu frumkvæðið að stofnun Uxahryggja til að tryggja starfsemi þar. Stefnt er á að fjölga hluthöfum. - jab

HAFNARFJÖRÐUR

Auglýsingaskilti fjarlægt

Auglýsingaskilti sem sett var upp án leyfis í bæjarlandi á Reykjavíkurvegi 60 í Hafnarfirði verður nú fjarlægt af framkvæmdasviði bæjarins eftir að eigandi skiltisins hefur hunsað írekaðar kröfur um að taka það niður. Honum verður síðan sendur reikningur fyrir verkinu.

Styrkjum þingræðið, ekki losa ríkisstjórnina frá Alþingi

Stjórnlagaþings frambjóðandi
Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi
Nr. 6340
Heimasíða með myndskeiði
www.bjorneinarsson.is

Þingmenn furða sig á áformum um að taka ekki hagstæðu boði um húsaleigu:

Heilbrigðisráðuneytið bruðlar

ALÞINGI Áform heilbrigðisráðuneytisins um að staðsetja sameinaða stofnun Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar í Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg vöktu hörð viðbrögð á þingi í fyrradag.

Frumvarp um sameiningu stofnananna var til umræðu.

Ársleigan í Heilsuverndarstöðini er tólf milljónum króna dýrari en í því húsnæði sem Framkvæmdasýsla ríksins mælir með að leigt verði undir sameinaða stofnun. Er það jafnframt stærra.

„Eru þeir tímar ekki liðnir að við getum bruðlað svona með peninga?" spurði Ásbjörn Óttarsson Sjálfstæðisflokki.

Flokksbróðir hans, Guðlaugur Þór Þórðarson, tók undir og vakti jafnframt athygli á að sautján ár væru enn eftir af núverandi húsaleigusamningi landlæknis. Sagði hann rannsóknarefni hvers vegna ríkið gerði svo langa leigusamninga.

Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki sagði að af lestri umsagnar fjármálaráðuneytisins um frumvarpið væri greinilegt að fjármálaráðuneytið væri foxillt út í heilbrigðisráðuneytið.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra sagði til skoðunar að færa starfsemi úr ráðuneytinu yfir til nýju stofnunarinnar. Því þyrfti að gera ráð fyrir stærra rými.

Lengd leigusamninga ríkisins, án uppsagnar- og endurskoðunarákvæða, kallaði ráðherrann vandræðagang. - bþs

HEILSUVERNDARSTÖÐIN Leiguhúsnæðið er tólf milljónum krónum dýrara en húsnæðið sem Framkvæmdasýsla ríkisins mælir með.

Afrein lokuð frá Miklubraut:

Var klukkutíma á leið í vinnu

SAMGÖNGUR Gríðarleg umferðarteppa varð í Ártúnsbrekkunni og Miklubraut í gærmorgun og varð til þess að fjöldi manns kom of seint á áfangastað.

Ökumaður sem Vísir ræddi við var um klukkustund á leiðinni í vinnu frá Grafarvogi. Samkvæmt umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var afrein frá Miklubraut inn á Skeiðarvog lokuð vegna framkvæmda.

DÓMSMÁL

Síbrotamaður dæmdur

Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir líkamsárásir og fjölmörg umferðarlagabrot. Þá var maðurinn dæmdur fyrir að hafa hótað lögreglumanni og fjölskyldu hans ofbeldi þegar lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-1337

7 ára ábyrgð
á öllum nýjum KIA bílum

NÝR SORENTO

Komdu og upplifðu frábæran jeppa

Má bjóða þér að skoða og prófa nýjan og glæsilegan Kia Sorento. Nýr Sorento býr yfir fjölda eiginleika sem koma kröfuhörðustu ökumönnum skemmtilega á óvart. Hann er þægilegur og rúmgóður jeppi sem hægt er að fá bæði **5 og 7 manna**.

Ný **197 hestafla dísilvél** og **6 þrepa sjálfskipting** gera þennan öfluga jeppa sérstaklega skemmtilegan í akstri. Þrátt fyrir þetta mikla afl er Kia Sorento mjög sparneytinn og eyðir einungis **7,4 lítrum/100 km** í blönduðum akstri.

Nýjum Kia Sorento fylgir **7 ára ábyrgð** líkt og öllum nýjum Kia bílum.

Komdu við í Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og prófaðu nýjan Kia Sorento. Hlökkum til að sjá þig!

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
Verð frá 6.990.000 kr.

Kia Sorento, beinskiptur, dísil 150 hö.
Verð frá 5.690.000 kr.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

FERSKT FYRIR ÞIG ALLA DAGA!

Jólaklementínurnar eru komnar!

Ný uppskera!

JÓLA KLEMENTÍNUR

Innihalda:
- Mikið af C-vítamínum
- Önnur vítamín svo sem þíamín (b1), ríbóflavín (b2) og fólasín
- Steinefnin kalk, fosfór magnesíum og kalíum
- Járn sem er snefilsteinefni
- Einungis 45 hitaeiningar í 100gr af klementínum
- Eru tilvaldar á milli mála

ANANAS

Inniheldur:
- C vítamín og fólasín
- Steinefnin kalk, fosfór og magnesíum
- Snefisteinefnin járn og kopar
- 49 kcal í 100gr

RAUÐ JÓLAEPLI

Innihalda:
- Trefjar
- Mikið magn af C-vítamíni
- Steinefnin kalíum, fosfór og kalk
- Einnnig E-vítamín

Ný uppskera frá USA!

ROBIN APPELSÍNUR

- Eru stútfullar af C-vítamínum
- Inniheldur einnig fólasín og E-vítamín
- Í appelsínum er einnig að finna steinefnin kalk, fosfór og magnesíum

HAGKAUP

LÚXUS ÍS

Ítalskur hágæða rjómaís, lagaður eftir gamallri ítalskri hefð sem tryggir ómótstæðilegan eftirrétt á hátíðarborðið þitt. Þrjár girnilegar bragðtegundir hver annarri betri, verði þér að góðu!

TILBOÐ
HAGKAUPS LÚXUSÍS
509 kr/stk

TILBOÐ
AMERÍSK SÚKKULAÐIKAKA
999 kr/stk

HAMLET JÓLASTAFIR
299 kr/stk

HAGKAUPS HAFRAFITNES
199 kr/stk

TILBOÐ
KJÖRÍS SKYRÍS 2 TEGUNDIR
479 kr/stk

ORKUDRYKKUR VERÐ FRÁ
108 kr/stk

STRÁSYKUR 1 KG
205 kr/pk

HVEITI 1 KG
95 kr/pk

LINDOR KONFEKT
20% afsláttur v/kassa

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 21. nóvember á meðan birgðir endast.

HRÁSKINKU OG PARMESANFYLLT LAMBA PRIME MEÐ SÉRRÍSOÐI

fyrir 4 að hætti Rikku

800 g lamba prime
80 g parmesanostur
8 sneiðar hráskinka
10 fersk basillauf
Salt og pipar
Kokkaband
2 msk olía
200 ml þurrt serrí
150 ml vatn
1 kjötkraftsteningur
salt og pipar

Hitið ofninn í 200°C. Skerið raufar í kjötið og fletjið örlítið út með kökukefli. Kryddið kjötið með salti og pipar og fyllið með hráskinku, parmesan og basiliku. Bindið kjötið saman með kokkabandinu. Hitið olíuna á meðalheitri pönnu og brúnið kjötið. Raðið því á pappírsklædda plötu og bakið í 10-15 mínútur eða þar til að kjarnhiti hefur náð 60-65°C.

Hellið sérríinu á heita pönnuna og látið malla í mínútu. Bætið vatninu og kraftinum saman við og látið sjóða niður um helming. Kryddið með salti og pipar og berið fram. Gott er að bera réttinn fram með kartöflumús.

Kcal: 416/ 21% LDS*
Prótein: 43.4 g/ 87% LDS
Fita: 21 g/ 32% LDS
Kolvetni: 2 g/ 1% LDS
Trefjar: 0
B6-vítamín: 0.8 mg/ 40% LDS
Járn: 4.0 mg/ 22%

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.

Ungnauta piparsteik

Ungnauta file

Úrbeinað lambalæri

Grísalundir
koníaksmarineraðar

Tilvalinn á ostana og með villibráðsinni!

SULTAÐUR RAUÐLAUKUR

Sultaður rauðlaukur hentar einstaklega vel með ostum, brauði, kexi, paté, villibráð og öllu öðru kjötmeti.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTASKÝRING: Hvað var að gerast undir jökli fyrir gos?

Eldsumbrotin áttu sér 18 ára aðdraganda

Vísindatímaritið Nature birti í vikunni rannsókn hóps íslenskra og erlendra vísindamanna á eldgosunum sem urðu í Eyjafjallajökli á fyrri hluta þessa árs. Forsíða ritsins, sem er eitt það virtasta sinnar tegundar, var lögð undir rannsóknina. Seinna gosið sem hófst um miðjan apríl raskaði flugumferð í Evrópu dögum saman. Rannsóknin leiðir í ljós hvernig gosórói í jöklinum í ár hefur átt sér átján ára undanfara neðanjarðar kvikuhreyfinga og jarðhræringa.

„Hæg, oft samfelld, þensla og landris eru algengir undanfarar eldgosa í mjög virkum eldstöðvum með háa gostíðni," segir í rannsókn á orsökum eldgosanna í Eyjfjallajökli fyrr á þessu ári.

FREYSTEINN SIGMUNDSSON

Sextán vísindamenn koma að rannsókninni en hana leiddu Freysteinn Sigmundsson og Sigrún Hreinsdóttir, jarðeðlisfræðingar á Jarðvísindastofnun Háskólans. „Mælingar á jarðskorpuhreyfingum eru gagnlegar til að meta kvikuhreyfingar neðanjarðar, því þrýstibreytingar í rótum eldstöðva valda mælanlegum tilfærslum á yfirborði jarðar."

Nákvæmar mælingar á jarðskorpuhreyfingum í og við Eyjafjallajökul sýna fram á að eldgosið sem í apríl setti flugumferð í Evrópu úr skorðum, með milljarðatilkostnaði, og undanfari þess á Fimmvörðuhálsi, á sér um 18 ára aðdraganda í kvikuhreyfingum neðanjarðar.

Freysteinn segir að með nákvæmum GPS-landmælingum og bylgjuvíxlmælingum úr ratsjárgervitunglum hafi mátt sýna tímaröð breytinga á jarðskorpunni með nokkurra millimetra nákvæmni. Með því að vinna líkön úr gögnunum hafi svo mátt teikna upp hvernig kvikan hafi færst til og safnast upp inni í eldfjallinu og „lagnakerfi" þess áður en til eldsumbrota kom.

Eldsumbrot fyrri tíma segir Freysteinn að hafi verið tengd kvikusöfnun á fjögurra til sex kílómetra dýpi í lagnakerfi fjallsins.

Aukna virkni segir Freysteinn að hafi mátt merkja í bólgnun Eyjafjallajökuls strax í byrjun ársins, en þegar kom fram í mars þandist fjallið út um allt að fimm millímetra á dag.

Hinn 20. mars hófst svo sprungugos á Fimmvörðuhálsi sem stóð til 12. apríl og hinn 14. apríl hófst svo eldgos úr toppgíg Eyjafjallajökuls.

Rannsóknin sýnir að frá janúar 2010 og fram til 20. mars, þegar fyrra gosið hófst, myndaðist um 50 milljón rúmmetra kvikuinnskot undir austurhluta Eyjafjallajökuls.

Alla jafna dregur úr þrýstingi þegar gýs og eldfjöll „hjaðna" á ný, en fram kemur í rannsókninni að sú hafi ekki verið raunin á meðan á fyrra gosinu stóð. Af því er dregin sú ályktun að kvikan hafi komið upp af miklu dýpi.

> Eitt af því sem helst kom á óvart er hversu lagnakerfið er flókið.
>
> **FREYSTEINN SIGMUNDSSON**
> JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

Freysteinn segir einna mest spennandi hafa verið við rannsóknina hvernig nákvæmlega hafi verið hægt að mæla hreyfingar fjallsins og hversu góða mynd var hægt að draga upp af lagnakerfi Eyjafjallajökuls. „Eitt af því sem helst kom á óvart er hversu lagnakerfið er flókið. Það var ekki eitt aðalkvikuhólf virkt í fjallinu og safnaði kviku í þessi 18 ár fyrir gosið, líkt og menn sjá oft fyrir sér í líkönum fyrir virkustu eldfjöll jarðar," segir hann og kveður að fremur hafi verið um að ræða tvö eða fleiri kvikuinnskot með ólíkar tegundir hraunkviku.

Þegar gosið í toppgíg Eyjafjallajökuls hófst svo 14. apríl seig fjallið saman vegna þrýstifalls í kvikugeymi grunnt undir hájöklinum. Segir í rannsókninni að samspil kvikuinnskotsins undir austurhluta fjallsins, við bergkviku sem fyrir var undir miðju fjallinu virðist hafa hleypt sprengigosinu af stað.

Komist er að þeirri niðurstöðu í rannsókninni að hegðun Eyjafjallajökuls megi sennilega rekja til þess að eldfjallið sé utan rekbeltanna með kaldari innviði og takmarkað magn kviku á grunnu dýpi.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI Fram kemur í nýbirtri rannsókn á hegðun Eyjafjallajökuls fyrir og í eldsumbrotunum í ár að yfirfæra megi niðurstöðurnar á aðra heimshluta, svo sem á gos sem varð í Karimskí-eldfjallinu á Kamtsjatka-skaga í austurhluta Rússlands árið 1996, en þar komu upp ólíkar tegundir kviku hvor á sínum stað í fjallinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



RANNSÓKNARMYNDIR Á myndinni til vinstri má sjá útlínur svæða á og við Eyjafjallajökul þar sem jarðhræringa og þrýstings varð vart fyrir gosin í ár, en hægra megin sést kvikuinnskot sem myndaðist undir austurhluta jökulsins. MYND/NATURE

BOSS HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Herra lagerinn outlet

líka fyrir konur

FRÁBÆR TILBOÐ!

JAKKAFÖT

BELLINI collezione

VAN KOLLEM MADISON PARK • NY

PETER VAN HOLLAND

40% afsláttur

VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~ & ~~59.980~~

MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 29.988 & KR. 35.988

Troðfull verslun af merkjavöru

ÚTIJAKKAR

FINUCCI collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.980~~ & ~~44.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 23.988 & KR. 26.988

40%-60% afsláttur af öllum vörum

SKYRTUR

FINUCCI collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~11.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 7.188

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

FRÉTTAVIÐTAL: Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans

Við megum engan tíma missa

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, ætlar ekki að bíða þess að fjárlög verði samþykkt. Hann þarf að skera niður og ætlar að byrja strax. Þetta kynnti hann starfsfólki Landspítalans í gær.

Við verðum að byrja strax. Ef það á að breyta kjörum opinberra starfsmanna, eins og að segja upp ákveðnum kjörum eða segja upp fólki, þá tekur það tíma. Verkefnið stækkar eftir því sem við bíðum lengur auk þess að eyða verður óvissu starfsfólks um hvernig næsta ár hér á spítalanum verður. Það er mikil umræða um niðurskurð á landsbyggðinni en minna talað um niðurskurðinn hér. Ég verð að segja fólkinu hvernig hlutirnir eru í augnablikinu, þótt þetta kunni allt að breytast."

Áður en fjárlagafrumvarpið var kynnt hafðir þú sagt að frekari niðurskurður á Landspítalanum myndi þýða að leggja yrði niður vissa þjónustu. Jafnvel þyrfti fólk að venjast þeirri tilhugsun að þurfa að leita út fyrir landsteinana í framtíðinni. Er eitthvað þessu líkt í farvatninu?

„Þetta er á mörkum þessa raunveruleika. Ef fjárlögunum verður breytt á þann hátt að við fáum á okkur meiri niðurskurð en segir í frumvarpinu [1,4%] þá þurfum við að leggja niður ákveðna þjónustu. Það liggur fyrir."

Biðlistar gætu lengst

Hvaða starfsemi sérðu fyrir þér að verði lögð af, eða dregið stórlega úr, verði nauðsynlegt að grípa til stórtækra aðgerða?

„Gróft séð getum við skipt spítalanum niður í það sem er bráðastarfsemi og aðra skipulagða starfsemi. Maður myndi byrja á því að viðhalda bráðastarfseminni en minnka annað. Birtingarmynd þess yrði óendanlegir biðlistar og fólk fengi ekki þjónustu svo mánuðum skiptir."

Ef dregið verður í land með stórfelldan niðurskurð á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni, óttast þú þá að þeim bagga verði velt yfir á Landspítalann?

„Það hefur verið nefnt af þingmanni í fjárlaganefnd að flatur niðurskurður væri betri fyrir alla. Ef slíkt yrði niðurstaðan og Landspítalinn fengi á sig 4,8 prósenta kröfu þýðir það að ákveðinni starfsemi verður hætt á spítalanum. Ég hef reiknað dæmið og það er ekki hægt að hagræða um rúma tvo milljarða til viðbótar við það sem hefur verið gert á undanförnum árum. Það er auk þess mikil hætta á því að mikið af þeirri hagræðingu sem fólkið á gólfinu hefur náð með þrotlausri vinnu tapist. Ef alltaf er bætt við, hvernig sem menn leggja sig fram, þá missa menn viljann til að taka þátt í svo erfiðu verkefni sem þetta er."

Tölur vantar

Hvaða beinu áhrif hefur niðurskurður á landsbyggðinni, þó ekki sé vitað hversu mikill hann verður, á Landspítalann?

„Við gerum okkur ekki grein fyrir því ennþá. Við höfum ekki séð endanlegu tölurnar. Það er ljóst að það bætast við verkefni hjá okkur."

En þegar verkefnum er beint til ykkar, þarf ekki að koma fjármagn á móti til að mæta því að einhverju leyti?

„Við aðrar aðstæður væri ekki vit í neinu öðru. Þegar við vitum meira um verkefnið, fáum harða tölfræði um fjölgun aðgerða, fjölgun sjúklinga, fjölgun fæðinga og svo framvegis, þá getum við sagt hvaða áhrif það hefur á spítalann. Kannski er hagræðingarkrafan minni en annars væri vegna þeirra verkefna sem búist er við að bætist við okkur."

Getur Landspítalinn tekið við heilbrigðisstarfsfólki af landsbyggðinni?

„Ég held nú að læknanna verði áfram þörf úti á landi. Ég hef ekki yfirsýnina en reikna ekki með að margir læknar missi vinnuna. En ef til þess kemur getum við örugglega tekið við læknum, eins og þeim sem koma heim úr námi. Við erum vel mönnuð af hjúkrunarfræðingum eins og er, en ég veit ekki hvernig það mun þróast. Það er sem betur fer mikil eftirspurn

FRAMHALDIÐ KYNNT Björn leggur mikið upp úr því að segja starfsmönnum Landspítalans strax frá öllu sem snertir þeirra störf. Hann hélt átta fundi í gær með starfsfólki LSH og ræddi rekstraráætlun ársins 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eftir hjúkrunarfræðingum annars staðar í þjóðfélaginu. Staða sjúkraliða er nokkuð önnur, sem er áhyggjuefni."

Þolmörk

Íslendingar gera vissar kröfur til heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Hvenær er komið að þolmörkum og kerfið fellur saman undan hagræðingarkröfu stjórnvalda?

„Með þessum fjárlögum sem liggja á borðinu er verið að fara fram á grundvallarbreytingu á heilbrigðiskerfinu. Það er vandi stjórnvalda; að endurskipuleggja kerfið með jafn róttækum hætti og raun ber vitni. Þetta var reyndar fyrirséð miðað við hvernig ríkisútgjöld hafa þróast."

Gengið hefur verið langt í að hagræða innan spítalans. Er hægt að hagræða um 850 milljónir öðruvísi en með uppsögnum og launalækkunum?

„Þriðjungur sparnaðarins hingað til hefur verið í launum, en laun eru 65 prósent af rekstrarkostnaði spítalans. Á næsta ári, gróflega reiknað, verður lækkun í launakostnaði um 350 milljónir. Bæði með launalækkunum en einkum liggur þetta í því að einhverjir starfsmenn hætta. Við vonumst til að ná miklu af þessu með starfsmannaveltu."

Nýtt háskólasjúkrahús

Til stendur að endurnýja húsakost spítalans. Myndir þú frekar vilja sjá þá peninga nýtta til reksturs?

„Það er ekki kostur. Ef við förum ekki að fá nýtt húsnæði undir spítalastarfsemina getum við ekki haldið uppi eðlilegri þjónustu. Á Hringbraut er nýjasta húsnæðið, fyrir utan barnaspítalann, frá 1956. Við erum að halda upp á 80 ára afmæli Landspítalabyggingarinnar í ár. Þar er gjörgæslan okkar. Við erum búin að reikna það út að viðhald og breytingar næstu þrjátíu árin yrðu stærsti kostnaðarpósturinn við núverandi ástand. Með sameiningu vitum við líka að svo mikið sparast í rekstri að hægt er að borga fjárfestinguna til baka."

Siðferðilegar spurningar

Þurfum við að endurskoða hversu mikið er gert fyrir hvern og einn? Er til dæmis réttlætanlegt að eyða milljónum í aðgerða- og lyfjakostnað þegar lífsvon sjúklings, eða von um lífsgæði, er lítil?

„Þessi umræða er í gangi um allan heim. Þessar siðferðilegu spurningar; hvenær er lífinu lokið og hvenær á að halda að sér höndum, eru vandmeðfarnar og í öðrum löndum er þetta komið lengra. Þetta er umræða sem við verðum að taka upp. Ekki bara út frá læknisfræðilegu sjónarmiði, heldur þjóðfélaginu öllu. Hvað viljum við ganga langt í þessu? Í öðrum þjóðfélögum hafa peningar einfaldlega rekið menn í það að mynda sér hefðir. Við þurfum að hugsa um þetta og vera óhrædd við að taka þessa umræðu. Þetta er ekki einkamál heilbrigðisstéttanna heldur þarf allt samfélagið að koma að þessu."

Framtíðin

Hefur þú trú á því að 2011 verði síðasta niðurskurðarárið?

„Fjármálaráðherra segir það. Ég hef það beint eftir honum. Hann sagði það við okkur forstöðumenn ríkisstofnana á fundi fyrir nokkru. Ég veit hins vegar að stjórnmálamenn eru ekki allir sammála um þetta atriði.

Hins vegar er ekki hægt að treysta neinu í þessum efnum. Þú sérð það að við erum komin fram yfir miðjan nóvember og höfum ekki fjárlög til að vinna eftir á næsta ári. Það fyrsta sem var sagt þegar þau voru kynnt í upphafi var að þeim yrði breytt. Ég vona hins vegar allra vegna að þetta sé rétt hjá fjármálaráðherra og engin ástæða til að vefengja það. Það verður að vera einhver endir á þessum niðurskurði því annars fær maður ekki fólk til að vinna með sér í þessu efnum."

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Áætlaðar aðgerðir LSH árið 2011
- Lækkun lyfjakostnaðar.
- Lækkun verktakakostnaðar.
- Hagræðing í launum og rekstrarkostnaði stoðsvið.
- Endurskipulagning göngudeilda.
- Fækkun rúma.
- Fækkun starfsmanna.
- Minni yfirvinna.
- Minni prentkostnaður.
- Lækkun námsferðakostnaðar.
- Innheimta efld.
- Minnkaðar sumarafleysingar.

Niðurskurður:
- **850 milljónir króna*** — 2011
- **3,4 milljarðar króna** — 2010
- **6,6 milljarðar króna** — 2008-2010

*samkvæmt fjárlagafrumvarpi

106.000 einstaklingar njóta þjónustu Landspítalans (2009)

Rúmlega **47%** landsmanna leita árlega til Landspítalans (sem sjúklingar eða aðstandendur).

Starfsmenn eru **4.594**
- Starfsmönnum mun fækka árið 2011 um 70 til 100.
- Reynt verður að nýta starfsmannaveltu eins og kostur er.
- Þeir voru 5.221 fyrir hrun.
- Starfsmönnum hefur fækkað um 627.
- Einum af hverjum sex var sagt upp, annars var ekki ráðið í störf sem losnuðu.
- Yfirvinna hefur verið lækkuð um 25%.
- Heildarlaunakostnaður hefur lækkað um 1,1 milljarð á fyrstu 10 mánuðum ársins 2010.

Vaxtakostnaður:
- Skuldir við birgja kostuðu LSH 250 milljónir í vaxtagreiðslur árið 2009.
- Vaxtakostnaður LSH á undanförnum fimm árum er 500 til 700 milljónir (áætlun).
- Allar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafa gert upp skuldir sínar við LSH.

- Rannsóknum, blóðtökum, röntgen, hefur fækkað um 19%.
- Rúmum hefur fækkað um 90.
- Rúm á Landspítalanum eru um 670.



Fjárlög 2011
- Heilbrigðiskerfið þarf að skera niður um 4,8%.
- LSH þarf að skera niður um 1,4% eða 500 milljónir.

Lækka þarf kostnað um **850** milljónir (miðað við 2010) vegna kostnaðarhækkana.

Vissir þú?

Landspítalinn tók til starfa 20. des. 1930. Hugmyndir um sjúkrahús sem þjónaði öllu landinu voru þó ekki nýjar, því árið 1863 lagði Jón Hjaltalín þáverandi landlæknir fram frumvarp á Alþingi um slíkan spítala en frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu. Elsti hluti Landspítalans var tekinn í notkun 1930.

Rannsóknarstofur Auk almennra rannsóknardeilda í lífefna- og lífeðlisfræði sem reknar eru í tengslum við daglega starfsemi spítalans, er Rannsóknarstofa Háskólans í meinafræði, rannsóknarstofa í sýklafræði, blóðmeinafræði, ónæmisfræði, auk ísótópastofu.

Kennsla læknanema Landspítalinn hefur frá upphafi verið aðalkennslu- og háskólaspítali landsins. Við hann og starfsemi hans eru tengdar nær allar stöður prófessora við læknadeild HÍ sem og aðrar kennarastöður, í þeim sérgreinum sem þar eru stundaðar.

Bókasafn Vísir að læknabókasafni var stofnaður í Landspítalanum 1968. Árið 1986 fluttist bókasafnið í hluta af hjúkrunarskólanum og hefur síðan aukið starfsemi sína þar smátt og smátt. Bókasafnið veitir nú alhliða þjónustu fyrir starfsfólk spítalans.

Eldhús Starfsemi í eldhúsi Landspítalans hófst með stofnun hans, í þröngu húsnæði. Árið 1973 fluttist það í nýbyggt húsnæði í eldhúsbyggingu. Eldhúsið þjónar nú matarþörf, þar með sérþörfum, alls starfsfólks og sjúklinga spítalans auk þess sem þaðan er fluttur matur til allra stofnana utan spítalans.

Hjúkrun Hjúkrunarnámið var í upphafi fyrst og fremst starfsnám, sem var skipulagt og rekið af forstöðukonu spítalans, en hún var jafnframt skólastjóri Hjúkrunarskólans til ársins 1948. Læknar kenndu einstakar námsgreinar, aðrar en hjúkrunina. Hjúkrunarskólinn var í Landspítalanum til 1956.

Tækni Eðlisfræði- og tæknideild var stofnsett við Landspítalann 1974. Deildin þjónar öllum deildum spítalans í öllu er varðar tækniþjónustu, s.s. ljósmyndun, viðhaldi og viðgerðum á tækjakosti spítalans, o.fl.

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9

AÐVÖRUN!

Verið viðbúin því besta.

SAMSUNG RR82FERS
180 cm · Blásturskældur · Stál
Verð: ***189.900,-***
Kæliskápur

SAMSUNG RZ80FERS
180 cm · Blásturskældur · Stál
Verð: ***189.900,-***
Frystiskápur · Aldrei að afþýða

SAMSUNG RSH5UTTS
„AMERÍSKUR" · Lakkað stál
Verð: ***369.900.-***
Kælir/frystir · Aldrei að afþýða

VCC5630

Ryksuga
360 sogvött við barkaenda · Hepa filter hreinsar útbastur 99.8%.
Verð: ***16.900,-***

MW82Y

Örbylgjuofn
23 lítra · 850W · þrefalt geisladreifikerfi
Verð: ***22.900,-***

BAKAROFN & KERAMIK HELLUBORÐ
PARIÐ:
Kynningarverð: ***169.900,-***
LISTAVERÐ: 234.800,-

BF3Q4Q098
Hvítur sjálfhreinsandi, tvöfaldur blástursofn

C64R2AEE
Keramik snertitakka helluborð með LED lýsingu

NÝSTÁRLEGAR ÞVOTTAVÉLAR SEM VAKIÐ HAFA MIKLA ATHYGLI

SAMSUNG WF8704ASA
Tekur 7 kg. af þvotti · 1400 sn/mín
Kynningarverð: ***109.900,-***
LISTAVERÐ: 129.900,-

SAMSUNG WF0602
Tekur 6 kg. af þvotti · 1200 sn/mín
Kynningarverð: ***89.900,-***
LISTAVERÐ: 119.900,-

SAMSUNG WF0500
Tekur 5 kg. af þvotti · 1000 sn/mín
Kynningarverð: ***79.900,-***
LISTAVERÐ: 99.900,-

SAMSUNG SDC16709
ÞURRKARI · Tekur 7 kg. af þvotti
Kynningarverð: ***119.900,-***
LISTAVERÐ: 139.900,-

Komdu í heimsókn og kynntu þér málið!

SAMSUNG SETRIÐ · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800	ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000**	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIHLUTIR

Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!

30% afsláttur

3.490KR.
~~4.990*~~KR.

35% afsláttur

4.540KR.
~~6.990*~~KR.

35% afsláttur

3.690KR.
~~5.690*~~KR.



50% afsláttur

2.390KR.
~~4.790*~~KR.

30% afsláttur

2.790KR.
~~3.985*~~KR.

30% afsláttur

2.790KR.
~~3.990*~~KR.

33% afsláttur

3.990KR.
~~5.990*~~KR.

47% afsláttur

2.880KR.
~~5.490*~~KR.



31% afsláttur

3.890KR.
~~5.690*~~KR.

32% afsláttur

2.690KR.
~~3.990*~~KR.

30% afsláttur

2.650KR.
~~3.790*~~KR.

30% afsláttur

2.990KR.
~~4.290*~~KR.

32% afsláttur

3.390KR.
~~4.990*~~KR.

*Upprunalegt verð

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. nóvember á meðan birgðir endast.

ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
Á BETRA VERÐI

3.690KR.
~~5.690*KR.~~

3.350KR.
~~4.790*KR.~~



3.690KR.
~~5.690*KR.~~

3.890KR.
~~5.990*KR.~~



3.490KR.
~~4.990*KR.~~

4.180KR.
~~5.980*KR.~~



4.190KR.
~~5.990*KR.~~



4.890KR.
~~6.990*KR.~~

4.190KR.
~~5.990*KR.~~



3.690KR.
~~5.290*KR.~~

2.790KR.
~~3.990*KR.~~

3.890KR.
~~5.690*KR.~~



4.180KR.
~~5.980*KR.~~

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Náttúruperlur liggja undir skemmdum vegna ágangs ferðamanna og peningaskorts.

Einföld lausn

Fréttablaðið sagði í gær frá svartri skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra svæða víða um land. Mörg líða þau fyrir sívaxandi átroðning ferðamanna og slæma umgengni. Víða er gæzla og eftirlit, þjónusta og gerð stíga og girðinga til að vernda náttúruminjarnar mjög af skornum skammti.

Umhverfisstofnun telur að grípa verði til tafarlausra aðgerða til að hindra meiri skemmdir á níu svæðum. Efst á lista sinn setur stofnunin Gullfoss og Geysi, Teigarhorn og friðlandið að Fjallabaki. Þá koma Reykjanesfólkvangur, Grábrókargígar og Hveravellir og loks Surtarbrandsgil, Helgustaðanáma og Dyrhólaey.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þessar niðurstöður koma ekki nokkurn skapaðan hlut á óvart. Það hefur legið fyrir um árabil að ýmsar fallegustu náttúruperlur landsins liggja undir skemmdum vegna ágangs ferðamanna. Ferðamönnunum hefur fjölgað um tugi þúsunda árlega, en litlir sem engir peningar hafa verið settir í að gera friðlýstum svæðum til góða. Því er spáð að eftir tíu ár komi milljón ferðamanna hingað til lands árlega. Tæplega 70% ferðamanna sem hingað koma heimsækja Gullfoss og Geysi. Hvernig ætlum við að taka á móti 700.000 manns á því viðkvæma svæði?

Lausnin á þessum vanda hefur sömuleiðis legið í augum uppi í mörg ár. Hún er að taka gjald af ferðamönnum sem skoða vinsælar náttúruperlur og nota tekjurnar til að bæta eftirlit, aðstöðu og þjónustu. Þetta gera allar sæmilega þróaðar þjóðir og allir sæmilega þróaðir ferðamenn borga slíkan aðgangseyri með glöðu geði, enda skilja þeir að það kostar peninga að veita aðgang að friðlýstum svæðum og umgangast þau þannig að þau liggi ekki undir skemmdum.

Einhverra hluta vegna hefur gjaldtaka af þessu tagi verið hálfgert tabú hér á landi og stjórnmálamenn hafa aldrei þorað að taka um hana ákvörðun. Ferðaþjónustan hefur beitt sér gegn gjaldtökunni af undarlegri skammsýni. Það liggur í augum uppi að ef náttúruperlur Íslands verða átroðningi og sóðaskap að bráð skaðar það hagsmuni ferðaþjónustunnar til frambúðar.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir í Fréttablaðinu í gær að skapa verði tekjustofn til að sinna friðlýstum svæðum betur. Hún segist þar horfa fyrst og fremst til komugjalda, sem lögð verði á ferðamenn sem komi inn í landið. Það er hins vegar ekki mjög sanngjörn gjaldtaka. Margir ferðamenn sem hingað koma hafa engan áhuga á Gullfossi, Geysi og hinum náttúruperlunum og halda sig kannski bara á djamminu í 101 Reykjavík. Af hverju ættu þeir að borga fyrir náttúruunnendurna?

Því svarar sjálfsagt einhver að sums staðar sé auðvelt að taka aðgangseyri, en annars staðar flókið. Til er einföld lausn á því vandamáli; að taka gjald þar sem það er auðvelt og sleppa því þar sem það er erfitt en láta tekjurnar renna til þeirra staða þar sem þörfin er mest.

Það er kominn tími til að menn hætti að mikla þetta mál fyrir sér og fari einföldu, augljósu leiðina.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nokkrar góðar

Fyrirspurnir þingmanna til ráðherra eru af ýmsu tagi og geta kallað á að ráðherrar upplýsi stefnu í málaflokki sem ekki var vitað að þeir hefðu stefnu í. Sem dæmi hefur umhverfisráðherra verið spurður um stefnu í minkaveiðum. Fyrirspurnir geta líka verið þröngar. Upp á samgönguráðherra stendur að svara fyrirspurn um stefnu varðandi mannaflsfrekar framkvæmdir og einbreiðar brýr. Stundum er óskað eftir einkaskoðunum. Til dæmis hefur utanríkisráðherra verið beðinn að telja upp mögulega kosti fríverslunarsamnings við Bandaríkin.



Spurul

Vigdís Hauksdóttir er spurulasti þingmaðurinn og snúast fyrirspurnir hennar um allt milli himins og jarðar. Til dæmis hefur hún spurt hve margir prestar séu á launaskrá hjá Biskupsstofu og hvort athugað hafi verið hvort Íslendingar geti verið í samfloti með Norðmönnum í olíuleit með hljóðbylgjurannsóknum.

Íslensk-ameríska

Ein fyrirspurn Vigdísar sker sig þó úr. Hún er til utanríkisráðherra. Hefst hún svona: „Hvernig brást ráðuneytið við kveðju þeirri sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, sendi Íslendingum 17. júní sl.?“ Vigdís spyr líka hvort látið hafi verið reyna á þann stuðning og vináttu sem kom fram í kveðjunni, hvort menningar- og efnahagsleg tengsl ríkjanna hafi aukist í kjölfarið og hvort ekki standi til að fylgja eftir boði um stuðning og vináttu, hafi það ekki verið gert. Síðasti liðurinn er svo svona: „Hefur það áhrif á viðbrögð við kveðjunni að leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu á fundi 17. júní að hefja formlegar viðræður við Ísland um aðild að ESB, sama dag og Hillary Clinton sendi kveðjuna?“ Svar ráðherra hlýtur að koma fljótlega.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



Bláfjöllin heilla

Höfuðborgarsvæðið

Heiður Hjaltadóttir
form. Skíðadeildar Breiðabliks

Breiðablik er eitt þeirra íþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu sem halda úti öflugri skíðadeild. Hér er skorað á stjórnendur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að taka höndum saman og klára þá undirbúningsvinnu sem er ólokið sem allra allra fyrst svo hægt sé að hefja snjóframleiðslu í Bláfjöllum næsta vetur og höfuðborgarbúar geti stundað íþrótt sína áhyggjulausir líkt og íbúar fyrir norðan og austan.

Ef horft er til reksturs Bláfjalla, þ.e. tekna og gjalda, og vísa ég þá á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þá kemur fram í fjárhagsáætlun borgarinnar að tekjurnar sem fást fyrir sölu aðgangsmiða, skíða- og brettaleigu og svo veitingar, duga vel fyrir launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Það var reyndar ekki hagnaður af rekstrinum veturna 2008 og 2009 en það skýrist af afskriftunum sem gerðar eru ár hvert á mannvirkjunum sem í fjöllunum eru. Ef hins vegar hægt er að tryggja örugga opnun á 100 dögum eða fleirum ár hvert, er það alveg ljóst að ásóknin í Bláfjöll mun aukast til muna. Bæði mun iðkendum skíðadeildanna fjölga og einnig ferðamönnum og áhugafólki um skíða- og brettaíþróttina sem myndi leggja leið sína í Bláfjöll.

Svo það verði er nauðsynlegt að koma á snjóframleiðslu svo við lendum ekki aftur í því að fá aðeins fimm opnunardaga eins og raunin varð á í fyrra vegna snjóleysis. Þessa fimm daga heimsóttu þó að jafnaði 2.000 manns Bláfjöll dag hvern. Aðsóknin um nýliðna helgi sýnir líka að íbúar höfuðborgarsvæðisins láta ekki neikvæða umræðu um skíðasvæðin hafa á áhrif á sig. Rúmlega 4.000 manns á sunnudag sýnir best hvað áhuginn er mikill. Hver er aðsóknin í önnur íþróttamannvirki höfuðborgarsvæðisins dag hvern af almenningi?

Því skal einnig haldið til haga að skíðaíþróttin er það sport sem er hvað vinsælast að stunda af heilu fjölskyldunum og eru engar aðrar íþróttir á Íslandi þar sem fólk mætir að morgni með nestið sitt og eyðir deginum saman í fjöllunum í góðri útivist og hreyfingu. Þetta er ein besta forvörnin sem hægt er að hugsa sér fyrir börnin okkar og er sagt að besta forvörnin sé sú þegar fjölskyldan ver tíma sínum saman. Hvar er betra að verja honum en í Bláfjöllum?

Rekstur Bláfjalla mun vel geta staðið undir sér í framtíðinni og áhrifaríkasta leiðin til þess er að koma á fót snjóframleiðslu á svæðinu sem allra fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Jólaskeidin 2010
Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

Verð kr. 15.500.-
Staðgreitt 14.700.-

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 - Sími 562 5222 - www.gam.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Framlag til friðar og kynjajafnréttis

UNIFEM

Ragna Sara Jónsdóttir
formaður UNIFEM á Íslandi

Fyrir tíu árum fór Kristín Ástgeirsdóttir, núverandi framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, til starfa í Kosovó fyrir Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM). Þar vann hún að eflingu stjórnmálaþátttöku kvenna og auknu samstarfi kvennahreyfinga í þessu stríðshrjáða héraði. Kristín var brautryðjandi sem fyrsti íslenski sérfræðingurinn í jafnréttismálum til að starfa með UNIFEM á vegum íslenska utanríkisráðuneytisins en rúmur tugur sérfræðinga hefur fylgt í kjölfarið.

Samstarf utanríkisráðuneytisins og UNIFEM er eitt langlífasta verkefni íslensku friðargæslunnar og þykir samstarfið sérstakt. Í tíu ár hafa íslenskir sérfræðingar starfað fyrir UNIFEM á Balkanskaganum: í Kosovó, í Makedóníu, í Serbíu og í Bosníu og Hersegóvínu. Auk þess hefur utanríkisráðuneytið sent Íslendinga til starfa fyrir UNIFEM í Líberíu, á Barbados og í höfuðstöðvunum í New York. Á sama tíma hefur hlutfall fjárhagslegs stuðnings utanríkisráðuneytisins

> Samstarf utanríkisráðuneytisins og UNIFEM er eitt langlífasta verkefni íslensku friðargæslunnar.

við UNIFEM aukist margfalt og skilað Íslandi í röð helstu stuðningsríkja sjóðsins.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi var stofnuð 1989 með það að markmiði að vekja umræðu, stunda fjáröflun og stuðla að bættri stöðu og auknum réttindum kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi er ein sautján landsnefnda UNIFEM í jafnmörgum löndum og starfa þær sem frjáls félagasamtök. Með öflugu samstarfi við utanríkisráðuneytið, íslenskan almenning og fyrirtæki hefur félagið stuðlað að bættri stöðu kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum.

Kaflaskil verða í starfsemi UNIFEM á næstunni því um komandi áramót rennur Þróunarsjóðurinn inn í nýja og öflugri Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdaeflingu kvenna (UN Women). Sú stofnun mun hafa sterkari valdheimildir og meira fjármagn en UNIFEM og er til marks um ríkari áherslu á kynjajafnréttismál innan Sameinuðu þjóðanna en áður. Íslensk stjórnvöld hafa stutt þessa þróun ötullega. Samstarf utanríkisráðuneytisins við UNIFEM mun í framhaldinu flytjast yfir á hina nýju stofnun, UN Women, sem Michelle Bachelet, fyrrverandi forseti Síle, mun veita forystu.

Í dag verður efnt til málþings í Háskólanum á Akureyri frá kl. 10.00-15.00 til að ræða samstarf utanríkisráðuneytisins og UNIFEM, vægi þess og framtíð innan UN Women. Ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta og taka þátt í áhugaverðri umræðu um jafnréttismál og utanríkisstefnu Íslands.

Lítið skref í baráttunni gegn nauðgunum

Kynferðisofbeldi

Ögmundur Jónasson
dómsmála- og mannréttindaráðherra

Halla Gunnarsdóttir
aðstoðarmaður dómsmála- og mannréttindaráðherra

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og Stígamót taka á móti að meðaltali 230 manneskjum árlega sem leita sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun. Neyðarmóttaka veitir eins og nafnið gefur til kynna neyðarþjónustu eftir ofbeldi en fólk leitar til Stígamóta til að vinna úr afleiðingum ofbeldisins. Samtals hafa um 1.600 manns leitað sér aðstoðar á þessum tveimur stöðum á síðustu sjö árum. Þolendur nauðgana eru í miklum meirihluta konur og ofbeldismennirnir í langflestum tilfellum karlar. Rétt er að taka fram að hér er ekki meðtalið kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en að því viðbættu tvöfaldast fjöldinn.

Árið 2009 komu 233 nauðgunarmál á borð Neyðarmóttöku og Stígamóta. Lögreglu bárust hins vegar aðeins 65 kærur. 42 mál fóru áfram til Ríkissaksóknara, ákært var í 14 málum og sakfellt í átta. Átta mál af 233 gera 3,4%. Á undanförnum sjö árum hefur þetta hlutfall hæst orðið 6,8%.

Endurmenntun og hærri miskabætur

Vegna þessara tölfræðilegu staðreynda boðaði dómsmála- og mannréttindaráðherra til samráðsfundar um meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu föstudaginn 12. nóvember sl. Til fundarins komu, svo dæmi séu tekin, fulltrúar Stígamóta, Neyðarmóttöku, lögreglu, Ríkissaksóknara, dómstólaráðs, Mannréttindaskrifstofu, Femínistafélags Íslands og þingflokka. Þátttakendum var skipt upp í smærri hópa og tekin voru til umræðu fimm efni: Löggjöf, kærur, lögreglurannsókn, ákærur og dómstólar. Í öllum hópunum spunnust frjóar umræður og lagðar voru fram ýmsar tillögur til úrbóta. Meðal þess sem fram kom á fundinum var að stofnun sérstakrar kynferðisbrotadeildar innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefði verið til mikilla bóta en flutningur fleiri málaflokka undir sömu deild hefði verið skref aftur á bak. Skiptar skoðanir voru um hvort kynferðisbrotadeild ætti að starfa á landsvísu en rík áhersla var lögð á mikilvægi fyrstu klukkustundanna í rannsókn nauðgunarmála. Þá var einnig rætt hvort lögregla ætti, í samræmi við lög, alltaf að bregðast við með rannsókn þegar nauðgunarmál koma upp fremur en að láta brotaþola taka ákvörðun um kæru.

> 42 mál fóru áfram til Ríkissaksóknara, ákært var í 14 málum og sakfellt í átta. Átta mál af 233 gera 3,4%.

Meðal hugmynda sem komu fram voru rannsókn á áhrifum breytinga á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga frá árinu 2007; kynningarátak um viðbrögð við nauðgun; endurmenntunarnámskeið fyrir dómara um áhrif kynferðislegs ofbeldis á brotaþola; endurskoðun á lögum sem fjalla um réttargæslumenn; a.m.k. tvær konur sitji í fjölskipuðum dómi í nauðgunarmálum og að miskabætur til brotaþola verði hærri. Þessar hugmyndir og fleiri verða unnar áfram á vettvangi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og þá í samráði við lykilaðila varðandi hverja ákvörðun fyrir sig.

Svar okkar er nei

Fyrir aðeins örfáum áratugum var kynferðislegt ofbeldi ekki til umræðu á Íslandi og margir litu svo á að slíkt ofbeldi ætti sér aðeins stað úti í hinum stóra heimi. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar, ekki síst fyrir tilstuðlan kvennahreyfingarinnar, sem hefur barist við að ná eyrum samfélagsins og oft mátt þola svívirðingar fyrir það eitt að vekja máls á nauðgunum og öðru kynferðislegu ofbeldi.

Fundurinn í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu er aðeins lítið skref í þessari baráttu. Það getur verið freistandi að líta á nauðganir sem einstaklingsbundinn valda. Fjöldi þeirra sýnir hins vegar skýrt fram á að þetta ofbeldi er stórt samfélagslegt vandamál. Nauðgun er ekki aðeins ógn við líf og heilsu þeirra sem fyrir slíku ofbeldi verða heldur einnig hinna sem þurfa að lifa við ógnina við ofbeldi. Á þessu þarf að taka með lögum og framfylgd laga en líka með menntun, fræðslu, forvörnum og hugarfarsbreytingu. Sem samfélag þurfum við að líta inn á við og spyrja: „Ætlum við að sætta okkur við 230 nauðganir á ári á Íslandi?“ Svar okkar í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu er nei.

BRETTAPAKKAR OG HJÁLMAR

BRETTA- OG SKÍÐAHJÁLMAR
Verð frá: Kr. 9.995

Pakki 1
TILBOÐ: Kr. 37.789
Bretti 110
Skór 35 / 37
JR. bindingar

Pakki 2
TILBOÐ: Kr. 49.995
Bretti 125 til 165cm
Skór 39 til 46
SR. bindingar

Góð gæði
Betra verð

Íslenskir ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8, 108 Reykjavík, Sími: 534 2727, www.alparnir.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI HALLDÓR BALDURSSON

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

VÍSIR.IS





JÓLIN KOMA TIL ÞÍN

Í hjarta miðborgarinnar býður veitingastaðurinn 1919 upp á girnilega þriggja og fimm rétta jólamatseðla og jólahlaðborð fyrir hópa. Flauelsmjúkir forréttir, safaríkar jólasteikur og gómsætir eftirréttir koma þér í sannkallað jólaskap. Pantaðu borð núna og njóttu þess að taka forskot á jólasæluna.

FRÁBÆR VÍN Í ÚRVALI

Hátíðarmatseðill
3ja rétta: 4.900 kr.
5 rétta: 6.900 kr.
Hlaðborð: 5.900 kr.
(fyrir hópa, samkv. pöntun)

1919
RESTAURANT AND LOUNGE

Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2 102 Reykjavík Sími: 599 1000

Fáein orð um mikinn viðburð

Tónleikar

Birgir Sigurðsson
rithöfundur

> Þessi stund með tónlist Taveners var einhver sú dýpsta og tignarlegasta sem ég hef átt á tónleikum.

Síðastliðið þriðjudagskvöld flutti Kammerkór Suðurlands, ásamt einsöngvurum og kammersveit, tónlist eftir breska tónskáldið John Tavener. Tónleikarnir fóru fram í Kristskirkju. Stjórnandi var Hilmar Örn Agnarsson.

Ég hef frá því ég var ungur að árum verið á mörgum góðum og merkilegum tónleikum í Kristskirkju. En þessi stund með tónlist Taveners var einhver sú dýpsta og tignarlegasta sem ég hef átt á tónleikum. Verk hans voru í senn full af mannlegri reisn og djúpstæðri auðmýkt sem aðeins mestu listamenn geta fært fram. Og flutningur tónlistarmannanna var svo einstaklega sannur og magnaður að hvergi varð skilið milli flutnings og tónverks.

Engu líkara var en tónleikagestir hefðu átt von á einhverju stórkostlegu: Þeir troðfylltu kirkjuna; allir aukastólar setnir. Og þetta stórkostlega og afar sjaldgæfa gerðist: Tónlistin, flytjendur og áheyrendur urðu ein samtvinnuð heild í fágætlega djúpri upplifun.

Á slíkum stundum ríkrar og sameiginlegrar reynslu finnum við að innst í verund okkar erum við öll eitt og hið sama: Manneskjan í sínu æðsta veldi og tign.

Ég þakka fyrir mig.

Órækt í hugsun

Ísland og ESB

Gauti Kristmannsson
dósent í þýðingafræði við HÍ

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og gjaldkeri Heimssýnar, lætur svo lítið að hafa nokkur orð í Morgunblaðið 4. nóvember sl. um athuganir mínar á þeim áhrifum á íslenska tungu sem innganga í Evrópusambandið hefði.

Hann beitir í greinarkorni sínu þeim kunnuglegu brögðum sem sjá má hjá mönnum sem sjást ekkert fyrir þegar þeir vilja afflytja mál annarra. Þau eru hér einkum hálfsannleikur, óvinahatur og sögufölsun. Hann segir að nú þegar eyði þjóðin „umtalsverðu fé til þýðinga á regluverki EES“ og að ég bendi á að „sú vinna öll og kostnaður margfaldast við inngöngu í ESB“. Þetta er sígilt dæmi um hálfsannleik, því þó að það sé rétt að kostnaðurinn aukist þá fellur hann ekki lengur á Íslendinga eina heldur ESB allt. Það sparast því umtalsvert fé við það.

Næsta fullyrðing er afbragðsgóð: „Og jafnt þó enginn lesi þýðingar þessar mun þýðingastarfið hafa áhrif á íslensku þar sem samhliða þýðingum munu skriffinnar margskonar starfa við að orðtaka regluverk þessi, yfirfara og kynna nýyrði og talsmáta sem þar verður til og svo mætti lengi telja.“ Hvernig skriffinnarnir fara að því að gera þetta án þess að lesa þýðingarnar veit ég ekki, en kannski er það þannig sem Bjarni starfar sjálfur við að afla sér upplýsinga.

Mig grunar það þegar ég les næstu setningar þar sem hann fullyrðir að „danski kansellístíllinn hafi komist mjög nærri því að eyðileggja íslenskt ritmál“ og að það hafi síðan verið „æviverk Fjölnismanna að snúa ofan af þeim ósköpum“. Þessi afgreiðsla á lærdómsöld Íslendinga, ritmáli manna eins Hallgríms Péturssonar, fjölda rímnaskálda, Jóns Vídalíns, Jóns Indíafara, Þorleifs Halldórssonar og Eggerts Ólafssonar, svo aðeins nokkrir séu nefndir, finnst mér bera vott um fágæta fáfræði um 17. og 18. öld og ritmál þess tíma. Margir af þessum mönnum voru ekki aðeins alþýðumenn heldur einnig hálærðir og fluttu inn menningu og menntir frá Evrópu, engu síður en Fjölnismenn sem sjálfir voru afkastamiklir þýðendur, einkum þó Jónas Hallgrímsson.

Óvinurinn í líki stofnanamálsins sem Bjarni stillir upp andspænis „kjarnmiklu íslensku alþýðumáli“ er svo eitthvað sem verður til hvort sem Íslendingar eru í ESB eða EES, því eins og Bjarni veit munu embættismenn þurfa að birta lög, reglur og upplýsingar stjórnvalda eftir sem áður og sýnist mér Bjarni sjálfur verða mikið í því hlutverki að túlka þær fyrir almenning í landinu sem fulltrúi eins ráðuneytis ríkisins. En mér sýnist hann þurfa að vanda sig miklu betur í því hlutverki.

Hýsing og lén - allt á einum stað fyrir eitt lágt verð.

628 kr./mán.*

*Miðað við 3 ára hýsingarsamning

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

P.o. Box 126 ::: 121 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is

Rafbílavæðing Íslands

Rafbílavæðing

Magnús Jónsson
veðurfræðingur og áhugamaður um rafbíla

Um síðustu helgi varð nokkur umræða um rafbíl borgarstjóra Reykjavíkur og lýsti borgarstjóri því yfir að hann ætlaði í ljósi reynslunnar af rafbílnum sínum að snúa sér að metanbílum. Ekki skal með neinu móti gert lítið úr þeim tækifærum sem felast í nýtingu á metan sem orkugjafa hér á landi. Hins vegar er ekki ástæða til að fordæma rafbíla almennt á grundvelli reynslu borgarstjóra, þótt þessi „gamaldags“ rafbíll hafi ekki staðið sig sem skyldi. Hann var hannaður fyrir meira en áratug og smíðaður fyrir indverskt veðurfar. Eitt fölt laufblað kallar ekki á fordæmingu skógarins.

Enginn vafi er á að rafbílar munu á næstu árum ryðja sér hraðar til rúms en margir gera sér grein fyrir. Fyrir því eru margar ástæður en kannski er sú mikilvægasta að orkunýting rafbíla er 3-4 sinnum meiri en bíla sem ganga fyrir venjulegu jarðefnaeldsneyti. Það sem hefur helst tafið fyrir innrás rafbílanna er þróun rafhlöðunnar. Stutt drægni, skammur endingartími, mikil þyngd og hátt verð hefur með sanni verið sagt um rafhlöðurnar. En nú er að verða mikil breyting á. Samkvæmt þróunaráætlun sem unnin er af bandarískra orkuráðuneytinu í samstarfi við framleiðendur rafhlaða fyrir bíla er áætlað að innan 5 ára eða svo megi reikna með að drægni á einni hleðslu venjulegs bíls aukist upp í 300-500 km, rafhlöðurnar léttist um 30-50%, ending þeirra muni ná a.m.k. 12-14 árum og verðið lækka þannig að bílarnir verði samkeppnishæfir í verði. Þegar eru að koma á markað „venjulegir“ og rúmgóðir rafbílar og flestir helstu bílaframleiðendur heims stefna að því að hefja framleiðslu á slíkum bílum á næstu 2-5 árum.

Mörg lönd, bæði austan hafs og vestan, í Asíu og Ástralíu hafa mótað sér þá stefnu að hefja rafbílavæðingu á næstu árum. T.d. ákvað Nýja Sjáland árið 2007 að verða forysturíki í rafbílavæðingu í heiminum. Í BNA og víða á meginlandi Evrópu hafa margs konar aðgerðir verið ákveðnar til að liðka fyrir þessari þróun. Má þar bæði nefna breytta skattlagningu og tímabundna fjárstyrki til kaupa á rafbílum eða öðrum vistvænum bílum. Engin þjóð hefur ákjósanlegri stöðu en Ísland til að nýta rafmagn á bílana sína um leið og framboð verður nægjanlegt á slíkum bílum. Hér er nú þegar næg vistvæn raforka fyrir allan bílaflotann og gjaldeyrissparnaður gæti í framtíðinni orðið af svipaðri stærð og þegar þjóðin hætti að mestu að nota olíu til upphitunar húsa. Má nefna í því samhengi að sparnaður við húshitun með rafmagni og hitaveitu var áætlaður 67 milljarðar króna árið 2009.

> Engin þjóð hefur ákjósanlegri stöðu en Ísland til að nýta rafmagn á bílana sína um leið og framboð verður nægjanlegt á slíkum bílum.

Mikilvæg forsenda fyrir rafvæðingu í samgöngum er uppbygging innviða til að hlaða rafhlöðurnar. Koma þarf upp hleðslubúnaði sem víðast um landið, bæði heima hjá bílnum og að heiman. Hér á landi er reiknað með að um 80% af hleðslu rafbíla fari fram í heimahöfn bílsins, þ.e. á heimilum eða við fyrirtæki, en önnur hleðsla mun eiga sér stað á sérstökum hleðslupóstum. Síðan verður einnig í boði hraðhleðsla sem staðsett verður t.d. á stöðum hliðstæðum bensínstöðvum. Fyrirtækið EVEN hf. beitir sér nú fyrir að hrinda í framkvæmd sameiginlegu átaki fyrirtækja, ríkisstofnana og sveitarfélaga um að byggja upp slíkt kerfi. Nú þegar hafa allmörg stór fyrirtæki og nokkur sveitarfélög og ríkisstofnanir ákveðið að vera með. Þá hefur umhverfisráðuneytið, fyrst ráðuneyta, ákveðið að taka þátt í átakinu. Er vonast til að ekki færri en 300 aðilar muni á næstu misserum leggja verkefninu lið. Má kynna sér átakið á vefslóðinni www.nle.is.

Eftir hremmingar síðustu ára hér á landi tala margir um nauðsyn þess að breyta um hugarfar. Oftast er vísað til efnahagsmála en þess er ekki síður þörf á sviði umhverfismála og meðferðar á auðlindum heimsins. Á nýliðnu þingi Norðurlandaráðs var aðaláherslan á „grænan hagvöxt“ og sjálfbærni á öllum sviðum. Mikilvægur þáttur í því er að fara betur með orkuauðlindir jarðar og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar mun rafvæðing samgangna gegna stóru hlutverki. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um uppstokkun á skattakerfinu, sem vísar til nýrra tíma í þróun umferðar. Því ber að fagna. Þegar landið fer að rísa hjá okkur á ný og við förum að endurnýja bílana okkar aftur ætti rafbíll að vera sá kostur sem fyrst yrði skoðaður.

Dómgreindarleysi stjórnvalda er með eindæmum

Vestfirðir

Hallgrímur Sveinsson
Brekku í Dýrafirði

Hreinn Þórðarson
Auðkúlu í Arnarfirði

Á sjúkrahúsinu á Ísafirði er áætlað að skera niður um 197 milljónir króna á næsta ári. Það þýðir lokun. Það er þyngra en tárum taki. Á sama tíma er verið að bruðla miskunnarlaust með opinbert fé á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri við Arnarfjörð, svo undrun hlýtur að vekja og spurningu um hvort stjórnvöld séu nú endanlega orðin kexrugluð.

Tilkynnt var 17. júní sl. um 60-70 milljóna króna fjárveitingu til Hrafnseyrar vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar. Allt vegna þess að nú á að setja þann gamla í plexígler, plast og rafrænt form, samkvæmt „spennandi tilögu“ sem kynnt var með pomp og prakt. Engin sundurliðuð kostnaðaráætlun fylgdi, enda ekki spurt um slíkt, síst af fjölmiðlum. Samkvæmt gamla stílnum verður svo farið fram á aðra fjárveitingu ef að líkum lætur, því grunur margra hér vestra er að þessi dugi skammt.

Og einmitt núna þegar tilkynnt er um lokanir sjúkrahúsa, standa yfir miklar „endurbætur“ á húsakynnum á Hrafnseyri. Þar stendur varla steinn yfir steini, svo umfangsmiklar eru þær. Samt var nýlega varið milljónum króna í endurnýjun gólfefna, parket meira og minna, nýjar og fullkomnar vatnslagnir, málningu og nefndu það bara. Mikið af þessu hefur verið molað mélinu smærra. Þetta er þvílíkt rugl að fáheyrt verður að telja. Vinstri höndin hefur ekki hugmynd um hvað sú hægri er að gera. Svo tekur út yfir allan þjófabálk að áður en þessar „spennandi“ endurbætur hófust var eitt besta aðgengi sem fyrirfannst á Vestfjörðum fyrir hreyfihamlaða einmitt á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar. Nú er búið að

> Ekki kæmi á óvart að stundum glitruðu tár á hvarmi á styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli þessa dagana.

splundra því til að setja upp eitthvert snobbkerfi fyrir framan húsið í staðinn. Steinsteypa og plexígler fyrir milljónir króna í stað Prestastéttarinnar sem kölluð var og dugði fullkomlega.

Svo datt einhverjum spekingum í hug að nú væri einmitt rétti tíminn til að byggja nýja heimreið á Hrafnseyrarstað, þrátt fyrir enga þörf. Þar hefur nú fjöldi stórvirkra vinnuvéla verið að verki uppundir mánuð og framið slík skemmdarverk á staðnum að hlýtur að varða við lög. Eyðilegging á náttúruperlu. Rúsínan í pylsuendanum er svo sú, að nýja heimreiðin verður helmingi lengri en sú gamla og er lögð á mestu snjóastöðum sem fyrirfinnast í Hrafnseyrarhvammi. Hver skyldi bera ábyrgð á þessari hrikalegu vitleysu?

Bóndinn á Auðkúlu, Hreinn Þórðarson, neitaði Vegagerðinni um efnistöku á landi sínu vegna þessarar nýju heimreiðar. Varla kemur slíkt oft fyrir. Kveikir það ekki á neinum perum, að maður sem hefur búið alla sína ævi í nágrenni við Jón Sigurðsson, neitar að standa að svona rugli, þrátt fyrir að peningar séu í boði?

Hvers konar forgangsröðun er það að byggja óþarfa heimreið í minningu og af virðingu við Jón Sigurðsson, eins og formaður Hrafnseyrarnefndar komst svo hnyttilega að orði, í stað þess að minnast hans með því til dæmis að sjá til þess að allir Íslendingar hafi nóg að bíta og brenna? Og brytja niður húsið á staðnum. Óskiljanlegt. Samtímis og þjóðin rambar á barmi örvæntingar vegna hótana um að loka þurfi sjúkrahúsum á landsbyggðinni vegna fjárskorts! Dómgreindarleysi á háu stigi.

Margir sem til þekkja telja að Hrafnseyrarvitleysan kosti ekki undir 100 milljónum þegar upp verður staðið. Síðan er allt annað bruðl sem sannanlega er þar í gangi og hefur verið undanfarin ár samkvæmt beinhörðum opinberum tölum. Sumir Vestfirðingar kalla framkvæmdirnar á Hrafnseyri náttúruhamfarir af mannavöldum, meðan aðrir segja að þær jaðri við að vera glæpsamlegar.

En loka sjúkrahúsinu á Ísafirði, það skulum við gera!

Ekki kæmi á óvart að stundum glitruðu tár á hvarmi á styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli þessa dagana.

Finndu ÓB á Facebook og smelltu á „like“.
ÓB-vinir fá öll tilboð send strax.

-5 kr.

MEÐ ÓB-LYKLINUM

Í DAG!

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102403

31 stöð um land allt.

www.ob.is

The Inside Job

Bankahrun

Óskar Jónasson
kvikmynda-gerðarmaður

Er einhver leið til að skylda viðskipta- og verslunarfræðinemana okkar til að sjá heimildarmyndina The Inside Job? Eða bara alla þjóðina? Er kannski hægt að sýna hana í staðinn fyrir Hringekjuna á laugardagskvöldið? Því jafn kristaltæra og aðgengilega greiningu á aðdraganda hrunsins er vart hægt að hugsa sér. Og hún er skemmtileg í þokkabót.

Efnahagskerfi okkar er í ræsinu, en við eigum erfitt með að útskýra hvernig það gerðist nákvæmlega – og kannski enn erfiðara með

> Jafn kristaltæra og aðgengilega greiningu á aðdraganda hrunsins er vart hægt að hugsa sér. Og hún er skemmtileg í þokkabót.

að átta okkur á því hvernig við komum okkur út úr þessari klípu. Eitt er víst að ekki dugir að beita sömu aðferðum og komu okkur út í þetta. Í myndinni er varpað skýru ljósi á það hvernig regluverk bankakerfisins hefur hrunið á undanförnum árum og áratugum, hvernig eftirlitskerfið er komið undir sömu sæng og peningavaldið – og kannski ekki síst hvernig þessi þróun heldur óhindruð áfram. Margir af þeim sem voru ábyrgir fyrir því hvernig fór, eru nú einmitt komnir í áhrifamiklar stöður í ríkisstjórn Baracks Obama.

Meira að segja litla Ísland er tekið fyrir sem skólabókardæmi um hvað gerðist í hnotskurn. Í upphafi myndarinnar eru mjög athyglisverð viðtöl við Andra Snæ Magnason rithöfund og Gylfa Zoëga hagfræðing um katastrófuna sem átti sér stað hér á landi. Myndin The Inside Job í Bíó Paradís er fullkomin mynd fyrir þau okkar sem eru búin að fá upp í kok af tali um bankahrun. Því hún drekkir ekki áhorfandanum í hagfræðibullinu sem er oft notað til að þyrla upp ryki, heldur útskýrir á mjög einfaldan og aðgengilegan hátt hvernig við vorum rænd, innanfrá.

Háskóli Íslands – stærsta nýsköpunarsetur landsins

Nýsköpun

Ágúst Hjörtur Ingþórsson
forstöðumaður Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands

Í dag verða Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands afhent við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi – á árlegri nýsköpunarmessu skólans. Þrjú verkefni hljóta viðurkenningu og styrk sem vonandi hvetur aðstandendur þeirra til að halda áfram á braut nýsköpunar og hagnýtingar.

Undanfari þessara verðlaunaveitingar er samkeppni meðal starfsmanna og nemenda skólans þar sem kallað er eftir verkefnum sem byggja á rannsóknum og þróunarstarfi innan skólans sem hægt væri að hagnýta. Þetta er í tólfta skiptið sem Rannsóknaþjónusta Háskóla Íslands stendur fyrir þessari samkeppni í samstarfi við Tæknigarð, Einkaleyfastofu og Árnason-Faktor. Á þessum tíma hafa vel á annað hundrað hugmyndir komið fram og þrjátíu og sex þeirra hlotið viðurkenningu.

Ekki er víst að fólk geri sér almennt grein fyrir því umfangsmikla nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi sem unnið er á vettvangi Háskóla Íslands. Til viðbótar við allar þær hugmyndir sem hafa komið fram í formlegri samkeppni er á hverjum degi unnið að rannsókna- og þróunarverkefnum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um allt land. Með sjálfstæðum rannsóknum og þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum er Háskóli Íslands í lifandi samstarfi við samfélagið allt. Rétt er að vekja athygli á nokkrum dæmum til að styðja þessar fullyrðingar.

Þróun á tækjum sem nýtast í rannsóknum, t.a.m. við sjúkdómsgreiningar og lækningar er stórt svið þar sem mikið er að gerast. Þar má nefna tæki til að mæla súrefnismagn í augnbotnum sem notað er til sjúkdómsgreininga og rannsókna og er alveg sérstaklega til að greina sykursýki fyrr en hægt er með öðrum tækjum. Einnig nýja aðferð og tæki til erfðarannsókna

> Nýsköpunarstarf innan Háskóla Íslands er í miklum blóma.

sem finnur frávik í genasamsetningu með mun fljótlegri hætti en nú er hægt. Bæði þessi tæki eru nú til í frumgerðum og stutt er í markaðssetningu.

Annað rannsóknartæki sem verður kynnt á nýsköpunarmessunni er kafbáturinn Gavia sem fyrirtækið Hafmynd hefur verið að þróa í fjölda ára en það er ætlað til rannsókna í undirdjúpunum. Um hefur verið að ræða mjög flókið þróunarverkefni sem tók langan tíma, en nýlega var fyrirtækið selt til erlendra aðila sem er til marks um að nú er fyrirtækið komið á vaxtarskeið.

Dæmi um allt annarskonar tæki er hugbúnaður sem settur er í farsíma og breytir honum í gítarstilli. Þetta verkefni kom út úr lokaverkefni í tölvunarfræði en eftir að stofnað var um þetta sprotafyrirtæki sem þróaði hugmyndina áfram hefur sá árangur náðst að hugbúnaðurinn er seldur í Nokia búðinni þar sem mikill fjöldi manna um allan heim hefur keypt þessa snjöllu uppfinningu. Nýsköpun er ekki bara tæki og tól – hún er ekki síður mikilvæg í opinberum rekstri og margvíslegi þjónustu sem hægt er að bæta og gera skilvirkari. Gott dæmi um nýsköpunarverkefni á því sviði er aðferðafræði og próf sem notað er til að skima eftir þunglyndi hjá unglingum mjög snemma þannig að hægt sé að grípa inn í og hjálpa þeim áður en sjúkdómurinn nær sér á strik og fer að hafa neikvæð áhrif á nám og líf unga fólksins sem er okkar mikilvægasti auður. Þetta skimunarkerfi er nú í notkun í mörgum grunnskólum og hefur skilað góðum árangri þannig að sífellt fjölgar þeim skólum sem nýta þessa nýsköpunarafurð sem á rætur að rekja til rannsókna- og þróunarstarfa við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús.

Af framangreindu má ráða að nýsköpunarstarf innan Háskóla Íslands er í miklum blóma. Þegar litið er til fjölda nemenda og starfsmanna við Háskóla Íslands og þann mikla fjölda fyrirtækja og stofnana sem skólinn tengist með beinum hætti er óhætt að fullyrða að hann er stærsta nýsköpunarsetur Íslands. Allt áhugafólk um nýsköpun er velkomið á nýsköpunarmessuna kl. 16.00 í dag.

Hver er hættan af samstarfi kirkju og skóla?

Skóli og kirkja

Ása Kristín Margeirsdóttir
grunnskólakennari

Ályktun mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um að meina kirkjunni aðgang að skólum felur í sér mikla stefnubreytingu. Hingað til hafa prestar og djáknar heimsótt skólana í margvíslegum tilgangi, í gleði og sorg. Þær heimsóknir helgast einkum af þrennu:

- Kristindómurinn er nátengdur sögu landsins og menningu og því þarf að kynna börnunum helstu þætti kristinnar trúar. Hefðbundin trúarbragðafræðsla hrekkur skammt til þess arna. Í gegnum tíðina hafa þjónar kirkjunnar miðlað þeim arfi til barnanna.

> Formæður og forfeður barnanna okkar og kennaranna lifðu og hrærðust í kristinni trú. Þau lesa bækur, sögur, ljóð og frásagnir, sem eru afsprengi þeirrar menningar.

- Mikil og sterk söguleg tengsl eru á milli kirkju og skóla. Lengi vel annaðist kirkjan uppfræðslu barna almennt í landinu, en á síðari tímum hefur aðkoma kirkjunnar jafnan verið mikil að skólahaldi.
- Skólayfirvöld hafa leitað til kirkjunnar vegna þeirrar góðu þjónustu sem kirkjan veitir. Innan vébanda kirkjunnar starfar fagfólk sem veitt getur mikilvægan stuðning, til dæmis þegar áföll dynja á.

Það þarf sterk rök ef á að rjúfa þessi tengsl. Eðlilegt er að gera þá kröfu til þeirra sem halda henni á lofti að benda á þann skaða sem hlotist hefur af mikilli samvinnu kirkju og skóla í gegnum tíðina. Ef hér er hætta á ferðum hljóta afleiðingarnar að blasa við þegar horft er á íslenskt samfélag. Því er sjálfsagt að spyrja:

- Hafa öfgafull trúarsamtök skotið hér rótum? Sú er alls ekki raunin. Svo kallaðir bókstafstrúarmenn eru hverfandi hluti þjóðarinnar – ólíkt því sem sjá má til dæmis vestanhafs. Boðun kirkjunnar hefur miðlað umburðarlyndi í trúarlegum efnum, sem hefur fremur virkað sem mótvægi á öfgarnar en jarðvegur fyrir þær.
- Á vísindaleg hugsun erfitt uppdráttar hérlendis? Samkvæmt könnunum eru Íslendingar afar jákvæðir í garð vísinda, og eru meðal efstu þjóða í þeim efnum. Hér hafnar vart nokkur maður þróunarkenningunni ólíkt því sem er í Bandaríkjunum í því opinbera trúleysi sem þar er staðfest í stjórnarskránni. Aftur má greina að boðskapur kirkjunnar er jákvæður og byggir á samvinnu milli ólíkra sviða lífsins fremur en átökum þar á milli.
- Búa aðrir trúarhópar eða trúleysingjar við ofsóknir hérlendis? Vissulega kunna menn að svara þeirri spurningu með ólíkum hætti en sé horft til löggjafar og stjórnarskrár verður ekki séð að frelsi þeirra sé skert með óeðlilegum hætti. Það takmarkast aðeins af þeim áhrifum sem athafnafrelsið kann að hafa á aðra, rétt eins og gildir almennt í þessum efnum. Rík þátttaka kirkjunnar í starfsemi skólanna hefur fremur leitt til víðsýni á þessu sviði sem öðrum.

Samfélagið verður fjölbreyttara og menningin sækir áhrif víða. Það breytir ekki þeirri staðreynd að æða- og taugakerfi íslensks samfélags teygir sig aftur í aldirnar. Formæður og forfeður barnanna okkar og kennaranna lifðu og hrærðust í kristinni trú. Þau lesa bækur, sögur, ljóð og frásagnir, sem eru afsprengi þeirrar menningar. Hið sama má segja um lögin og siðferðið og annað það sem gerir menningu okkar að því sem hún er – með kostum sínum og göllum.

Með ákvörðun sinni vill Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar rjúfa langa og farsæla hefð. Hver er sá skaði sem hún vill forða skólunum og menningunni frá?

Vangaveltur um næstum ekki neitt – eða?

Umhverfisvernd

Þorleifur Friðriksson
sagnfræðingur

Á blaðamannafundi í Stjórnarráðinu þriðjudaginn 19. október skýrði forsætisráðherra frá nýju frumvarpi sem felur í sér að skuldir gjaldþrota fólks muni fyrnast á tveimur árum, þær muni með öðrum orðum ekki elta skulduga út yfir gröf og dauða. Að þessum upplýsingum fengnum spurði fréttamaður Jóhönnu og Steingrím hvað þau vildu helst sjá í nýrri stjórnarskrá. Svar Jóhönnu var stutt, „auðlindirnar í eigu þjóðarinnar“. Steingrímur vildi auk þess sjá helstu greinar umhverfisréttar færðar í stjórnarskrána.

Myndin á skjánum sýndi ábúðarfulla ráðherra með festu í svip, staðráðna að bjarga heimilunum og tryggja eign þjóðarinnar á auðlindum. Við borðið sátu einnig aðrir ráðherrar enda hefðbundinn þriðjudagsfundur ríkisstjórnarinnar. Á borðinu var hressing, kaffi og vatn. Það var þetta síðastnefnda sem vakti athygli mína, þótt ég hafi séð svo til nákvæmlega sömu sviðsetningu frá fundum þessarar sömu ríkisstjórnar á þessum sama stað. Að þessu sinni tengdi ég – orð, mann og mynd. Orðið var „umhverfisréttur“, maðurinn Steingrímur J. Sigfússon og myndin var af vatninu. Ekki þó vatninu sjálfu, það var sennilega heilnæmt Gvendarbrunnavatn, kannski með kolsýru. Nei, það var sjálf flaskan úr plasti. Það klingdi í höfði mínu og ég minntist greinar sem ég las fyrir nokkrum mánuðum um umhverfisáhrif plastumbúða vatns- og gosdrykkja. Í Bandaríkjunum veltir plastflöskuiðnaðurinn þúsundum milljarða á ári og leggur miklar fjárhæðir í að fá fólk til þess að hætta að svala þorstanum með kranavatni. Þess í stað hefur verið búin til ímynd sem tengir vatnsflösku við hreinleika og hollustu, umhverfisvitund, æsku og hreysti.

Plast er unnið úr olíu og við vinnsluna losnar koldíoxíð í miklu magni. Enn meira losnar við að flytja flöskuna frá framleiðslustað til átöppunar og frá átöppun til neytenda. Í ljósi gróðurhúsaáhrifa hljómar þetta ekki vel í eyrum þeirra sem vilja skila okkar yndislegu Jörð í sæmilegu ástandi til næstu kynslóðar.

Samkvæmt skýrslu alþjóða náttúruverndarsamtakanna World Wide Fund for Nature (WWF) árið 2001

> Það mun vera auðvelt og ódýrt að endurnýta plastflöskur en þó fara innan við 25 prósent þessa gríðarlega magns í endurvinnslu.

voru ríflega 1,5 milljón tonn af plasti notuð aldamótaárið til þess að gera ílát fyrir þá 89 milljarða lítra af vatni sem tappað var á flöskur og brúsa. Síðan er áratugur liðinn og magnið eykst dag frá degi.

Það mun vera auðvelt og ódýrt að endurnýta plastflöskur en þó fara innan við 25 prósent þessa gríðarlega magns í endurvinnslu. Hundruð þúsunda tonna enda sem jarðfylling eða „skraut“ við vegabrúnir. Þótt plastið fari í jörðina er það ekki þar með úr sögunni, það tekur náttúruna einhverjar aldir að eyða einni vatnsflösku. Og enn er ótalið allt það plast sem berst til hafs. Þar flýtur það og brotnar hægt niður. Hvað verður þá um það? Það berst með straumum og eitthvað berst að ströndum eins og hver veit sem gengur á íslenska fjöru. Stærstur hluti þessa mikla magns, sem eykst stöðugt, velkist um í hafinu, ferðast með sínum hraða, þar til kemur að endastöð. Í norðanverðu Kyrrahafi er hringstraumur, tveir frekar en einn, eins konar umferðartorg hafstraumanna. Plastið, sem ekki sekkur og ekki eyðist, hefur þar ferð sína hring eftir hring og myndar smám saman fleka sem stækkar og þéttist eftir því sem tíminn líður og meira magn bætist við. Um þessar mundir mun flekinn vera hátt í ein milljón og fjögurhundruðþúsund ferkílómetrar. (Ísland er 103 þúsund ferkílómetrar). Hvalir, selir og fuglar sem fara um þessar slóðir deyja kvalafullum dauða og fiskar veiðast orðið um öll höf með troðfulla maga af plasti. Sennilega er þarna orðið, eða að verða, eitt mesta náttúruslys allra tíma.

Það sem hér er sagt er ekki glænýr sannindi og kannski flestum ljós. Það er hins vegar samhengið; umhverfisréttur, plastflöskurnar á ríkisstjórnarborðinu og Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokks umhverfissinnaðra vinstrimanna.

Það er sannarlega gott að skuldir gjaldþrota Íslendinga muni ekki fylgja þeim út yfir gröf og dauða. Verra er ef plastið utan um Gvendarbrunnavatnið á borði okkar umhverfissinnuðu ríkisstjórnar á eftir að eitra líf komandi kynslóða. Myndin af plastflöskunum á ríkisstjórnarborðinu 19. október og ósk Steingríms, um að sjá aðalatriði „umhverfisréttar“ fest í stjórnarskrá, kölluðu fram spurninguna; hvers vegna notar fólkið ekki könnu úr gleri undir vatnið sitt? Drekka ráðherrar ekki kranavatn? Er vatnið betra þegar það hefur legið í plasti? Ekki trúi ég að þessi ríkisstjórn þurfi að kaupa sér ímynd, um æsku, hreysti og umhverfisvitund, í formi vatnsflösku.

3 litir

1.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Aðventuljós úr tré
5899631-3

JÓLASERÍUR

Verð frá

239,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

ALLT FYRIR JÓLIN

Á LÆGRA VERÐI Í HÚSASMIÐJUNNI

HÚSASMIÐJU -BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

Snjókorn díóðuljós inni/úti

1.799,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frostrós
Díóðuljós úti/inni.
10493885

2.595,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Höggborvél
Power plus höggborvél
580W 13mm
flýtipatróna
5245308

JÓLATRÉ GERVI

20% afsláttur

17. - 21. nóvember

Verð frá

2.390,-

1.999,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Hrærivél
Með rafhlöðum,
spilar lag.
5857574

20 lítra

9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Örbylgjuofn United
Hvítur 20 lítra 800W
1840909

Kenwood
450W matvinnsluvél
með blandara
1840473

9.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

HÚSASMIÐJAN

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Horfum til framtíðar í Hafnarfirði

Bæjarmál

Guðmundur Rúnar Árnason
bæjarstjóri í Hafnarfirði

Stjórnskipan Íslands byggir á lýðræði, þótt þess sé ekki beinlínis getið í stjórnarskránni, líkt og er í stjórnarskrám sumra annarra ríkja. Það kann að breytast í kjölfar stjórnlagaþingsins sem er framundan.

Sú umræða er ágeng, að áhugi almennings á stjórnmálum fari minnkandi, en án almennrar þátttöku í stjórnmálum er hætta á að lýðræðinu hnigni. Rannsóknir hér á landi, fyrir efnahagshrunið, bentu til þróunar í þessa átt. Kosningaþátttaka er almennt mikil en traust almennings á stjórnmálamönnum og á stofnunum lýðræðisins hefur farið minnkandi á undanförnum árum og áratugum – og hrapað í kjölfar efnahagshrunsins.

Spyrja má hvort aðrar leiðir en hefðbundið fulltrúalýðræði séu færar til að stuðla að grunnmarkmiði lýðræðisins, þ.e. að uppspretta valdsins sé hjá almenningi sjálfum. Í þessu sambandi hefur hugtakið íbúalýðræði komið fram en það hefur verið skilgreint þannig að undir það falli öll tilvik þar sem einstaklingum og/eða hagsmunaaðilum er veitt tækifæri til að vinna með yfirvöldum að stefnumótun (eða ákvarðanatöku), eða yfirvöld leita eftir skoðunum íbúa og/eða hagsmunaaðila og hafa þær til leiðsagnar við ákvörðun sína.

Í Hafnarfirði er sterk hefð fyrir íbúalýðræði, samráði og samvinnu við íbúa. Haldin hafa verið unglingaþing, íbúaþing, álverskosningarnar og reglulega eru haldnir samráðsfundir með íbúum, nú síðast um fjárhagsáætlun næsta árs.

Á laugardaginn ætlum við að blása til Gaflarakaffis þar sem möguleikar íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfið verða til umræðu. Um leið gefst bæjarbúum tækifæri til að koma að mótun lýðræðisstefnu bæjarins.

> Íbúaþing eins og þetta er mikilvægur vettvangur fyrir bæjarbúa til að koma sjónarmiðum sínum, tillögum og áherslum á framfæri.

Íbúaþing eins og þetta er mikilvægur vettvangur fyrir bæjarbúa til að koma sjónarmiðum sínum, tillögum og áherslum á framfæri. Fyrir hönd bæjarstjórnar hvet ég Hafnfirðinga alla til að vera virkir þátttakendur í umræðunni um bæinn okkar, samfélagið, þjónustuna og umhverfið.

Með því leggjum við okkar að mörkum á laugardaginn til að gera góðan bæ enn betri. Allar hugmyndir og tillögur skipta máli fyrir okkur öll.

Lýðræði í verki – á öllum sviðum

Lýðræði

Björn Þorsteinsson
heimspekingur

Ein þeirra grundvallarskoðana sem Íslendingar hafa gengið út frá er að þeir búi við þjóðskipulag sem megi með réttu kenna við lýðræði. Sama gildir um önnur Vesturlönd. En á síðustu árum, og af ærnu tilefni, hafa æ fleiri fundið sig knúin til að spyrja sig sjálf og aðra um réttmæti þessarar almennu skoðunar – ekki síst hér á þessu landi. Er Ísland réttnefnt lýðræðisríki?

Ekkert er eðlilegra en að örvænt sé um ástand lýðræðisins í ríki sem orðið hefur fyrir jafn miklum áföllum og Ísland. Hvernig má það vera að landið hafi sætt þessum hörmungum ef það laut lýðræðislegri stjórn, sem þá hlýtur að þýða stjórn allra þegna með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi? Hvað brást? Var þetta allt okkur þegnunum að kenna – úr því að valdið býr hjá okkur?

Sé litið á svið stjórnmálanna kynnu margir að segja að við kusum þetta yfir okkur. En þá verður strax að bæta því við, svo allrar sanngirni sé gætt, að ekki var margra kosta völ. Stjórnmálaflokkar þessa lands eru svo sviplíkir í reynd að vandséð er að tala eigi um þá í fleirtölu. Og eitt þeirra lykilatriða sem þeir hafa aldrei séð ástæðu til að hrófla við er sú staðreynd að lýðræði tíðkast ekki á sviði efnahagslífsins. Með öðrum orðum kusum við einmitt ekki yfir okkur þá menn sem kenndu sig við óljósa víkingarómantík og sólunduðu botnlausu bólufé sínu í svallveislur og spilavíti markaðshyggjunnar – og fóru í leiðinni langt með að leggja íslenska ríkið í rúst.

Hvaða lærdóm má draga af þessum hörmungum? Hvernig má koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig? Vanmáttur ríkisvaldsins gagnvart auðmönnunum, fum þess og fát, afhjúpar djúpstæðan misbrest í þjóðskipulaginu sem ekki verður lagaður með því einu að efla eftirlit og grátbiðja markaðsmenn um að „bæta siðferði sitt“. Lýðræðislega kjörin stjórnvöld mega sín einfaldlega lítils gagnvart peningavaldinu við núverandi aðstæður. Hvað er þá til ráða? Svarið liggur eiginlega í augum uppi: lýðræðið þarf að teygja anga sína lengra, það þarf að ná inn í fyrirtækin sjálf. En er það gerlegt?

> Sé litið á svið stjórnmálanna kynnu margir að segja að við kusum þetta yfir okkur. En þá verður strax að bæta því við, svo allrar sanngirni sé gætt, að ekki var margra kosta völ.

Svarið er afdráttarlaust já – auðvitað er hægt að reka fyrirtæki lýðræðislega, og það hefur verið gert með góðum árangri. Gott dæmi um slíkt er Mondragón-samvinnufélagið sem er sjöunda stærsta fyrirtæki Spánar og hefur starfað í rúm 60 ár með afar góðum árangri. Stjórn fyrirtækisins er lýðræðislega kjörin og hver starfsmaður hefur eitt atkvæði. Spurningin er einföld: úr því að okkur er treyst til að velja okkur fulltrúa sem stjórna landinu, af hverju ættum við þá ekki að vera þess umkomin að velja okkur fulltrúa í stjórn fyrirtækjanna sem við störfum hjá? Sömu rök gilda að sjálfsögðu um stofnanir ríkisins – þær ætti að lýðræðisvæða á sama hátt.

Nú er lag að láta á þessar hugmyndir reyna á Íslandi og raunar víðar. Lýðræði á efnahagssviðinu yrði ótvírætt skref í þá átt að rekstur fyrirtækja og stofnana taki að þjóna hagsmunum allra þegna en ekki bara fárra stjórnenda og eigenda sem skara sífellt eld að sinni köku. Lýðræðisleg fyrirtæki hljóta eðli málsins samkvæmt að lúta öðrum markmiðum en óseðjandi hagvexti, gróðafíkn og umhverfisspjöllum. Þau verða lóð á vogarskálar þeirrar hugsjónar að peningar eigi að þjóna fólki en ekki öfugt.

Þannig rís krafan um lýðræði að nýju eins og alda sem brotnar á rústum þjóðskipulags sóunar, útþenslu og sukks sem við höfum alltof lengi mátt búa í. Lýðræðisfélagið Alda sem starfa mun að samfélagsbreytingum í anda lýðræðis og sjálfbærni verður stofnað á laugardag kl. 16 í Hugmyndahúsinu, Grandagarði 2. Allt áhugafólk um þessi málefni er velkomið á fundinn.

Stræto og skipulagsmál

Strætó

Einar Gunnar Birgisson
rithöfundur

Hann er nú ekki langur afrekalistinn hjá nýjum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Forljótar strípur á Hverfisgötunni og annað í þeim dúr telst vart til afreka en við sjáum hvað setur. Hvað skipulagsmál varðar þá heyri ég hvorki hósta né stunu frá nýja meirihlutanum í borgarstjórn um flugvöllinn skrýtna í Vatnsmýrinni. Kannski er því Besti Flokkurinn kominn í sama gírinn hvað flugvöllinn varðar og fjórflokkurinn sem lítur á flugvöllinn sem heilaga kú sem ber að vernda í bak og fyrir.

Völlur breytinganna í borginni er greinilega strætó og í vagnana eru komnar raddtilkynningar með tilheyrandi bjölluglamri sem tilkynna hvaða stoppistöð er næst og þegar stoppað er á viðkomandi stöð. Oft eru stoppistöðvar skírðar nöfnum sem segja fólki ekki neitt. Þessi nýja „þjónusta“ sem kannski nýtist 1% farþega er pirrandi og þreytandi plága og angrar allt venjulegt fólk og flesta vagnstjórana. Kvörtunum rignir yfir strætó vegna þessa en reynt er að fela það og óánægju vagnstjóra og gera lítið úr öllu saman. Látið er að því liggja að almenn ánægja sé með uppátækið og fáeinir kverúlantar á móti þessu. Þar að auki er ætlunin að setja upp skjái í vögnum sem sýna hvaða stoppistöð er næst. Það er góð hugmynd og er þá lítið eftir af rökum fyrir raddtilkynningum og bjölluglamri því allir ættu að vera læsir.

Ferðamenn geta lesið af skjánum og hafa ekkert að gera með raddtilkynningar því þeir skilja illa íslenskan framburð. Blindir geta ekki lesið af þessum skjáum en kannski sjónskertir því letrið er mjög stórt. Ég hef bent á góða lausn fyrir blinda og sjónskerta sem felst í því að tilkynningar þessar megi heyra í heyrnartólum sem geta verið við fremstu sæti í vagni og tvö heyrnartól ættu að nægja í hverjum vagni. Þá geta þeir sem vilja hlustað á þessar tilkynningar og bjölluglamur en við hin fáum frið fyrir plágunni. Ég hef reyndar aldrei séð blinda manneskju í strætó en það er önnur saga. Vandinn er sá að yfirmenn strætó ætla sér að troða þessum raddtilkynningum og bjölluglamri uppá alla farþegana og líka þá farþega sem vilja ekki hlusta á þvæluna. Þeir vilja vísast fækka farþegum. Kannski væri réttast að hafa svona raddtilkynningar og bjölluglamur í einkabílum yfirmanna strætó og sjá hvernig þeim líkar plágan.

> Í stíl við þennan hugsunarhátt eru flest strætóskýlin sem halda hvorki vatni né vindum.

Yfirmenn strætó og nokkrir aðilar í borgarstjórn hafa sett fram hugmyndir um að láta BSÍ taka við hlutverki Hlemms og Lækjartorgs sem miðstöð strætósamgangna. Þetta var tilkynnt með miklum fagnaðarlátum af fólki sem aldrei notar strætó og þetta virðist vera í anda hugmynda um umhverfisvænan miðbæ. Það gleymist að BSÍ er ekki miðpunktur eins né neins og fórnarlömbin verða farþegar strætó sem vanir eru að bruna beint í miðbæinn og á háskólasvæðið, en þurfa þá að skipta yfir í annan vagn með tilheyrandi tímatöfum og veseni. Allar þessar fyrrnefndu breytingar eru gerðar af fólki sem virðist halda að strætófarþegar séu vangefnir upp til hópa eða að um gripaflutninga sé að ræða. Í stíl við þennan hugsunarhátt eru flest strætóskýlin sem halda hvorki vatni né vindum og það að salernisaðstaðan fyrir farþega á Hlemmi er í formi útikamars.

Laganám við HA

Laganám

Gunnþóra Elín Erlingsdóttir
form. Þemis, félags laganema við HA

Tilefni þessarar greinar er forsíðufrétt Fréttablaðsins 8. nóvember. Inntak fréttarinnar er pistill Brynjars Níelssonar, formanns Lögmannafélags Íslands, sem birtist í síðasta hefti Lögmannablaðsins. Í fréttinni kemur fram að nauðsynlegt er að gerð verði úttekt á laganámi hér á landi og enn fremur að athuga þurfi hvort námið fullnægi eðlilegum kröfum sem gera eigi til slíks náms.

Hér skal vakin athygli á því að á liðnum vetri fór fram umfangsmikil úttekt á laganámi við Háskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Úttektin var gerð af þriggja manna nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins en í nefndinni voru tveir erlendir sérfræðingar og einn íslenskur. Niðurstöður úttektarinnar eru væntanlegar innan skamms en þar verður að finna mikilvægar upplýsingar um stöðu lagadeildanna í heildrænu samhengi. Úttektin mun veita marktækan samanburð sem vonandi verður grunnur að gagnrýnni en um leið vandaðari umræðu um gæði laganáms á Íslandi. Úttektir sem þessar veita nauðsynlegt aðhald sem lagadeildirnar ættu að fagna. Einnig skal bent á að þegar hafa verið gerðar úttektir á laganámi á Íslandi en nálgast má niðurstöður þeirra á vef menntamálaráðuneytisins.

Laganám hófst við Háskólann á Akureyri haustið 2003. Fyrstu meistaranemarnir útskrifuðust vorið 2008. Þrátt fyrir ungan aldur hefur deildin skapað sér mikilsverða sérstöðu. Í náminu er lögð áhersla á að halda valmöguleikum nemenda opnum jafnt innanlands sem erlendis bæði til framhaldsnáms og atvinnu. Þannig miðar deildin ekki eingöngu að því að mennta tilvonandi lögmenn enda eru störf lögfræðimenntaðra fjölbreyttari en svo. Ekki eru farnar ótroðnar slóðir í lagakennslu heldur er leið Háskólans á Akureyri í mörgu svipuð þeirri leið sem farin er við háskóla í Oxford og víðs vegar á Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Í BA-náminu er áhersla lögð á gagnrýna hugsun og rökfræði, mannréttindi, alþjóðarétt, Evrópurétt, siðfræði starfsgreina, samanburðarrétt og stjórnskipunarrétt auk kjarnagreina íslenskrar lögfræði. Námið er að hluta til kennt á ensku, sem er ómetanlegt veganesti fyrir nemendur hvort sem þeir hyggjast starfa innanlands eða utan. Alþjóðleg nálgun námsins gerir það að verkum að útskrifaðir BA-nemar eiga auðvelt með að sækja framhaldsnám erlendis í lögfræði eða tengdum greinum. Nemendur eru einnig hvattir til að fara í skiptinám erlendis á námstímanum enda býr Háskólinn á Akureyri að sterku alþjóðlegu tengslaneti.

Meistaranámið (ML) miðar svo að því að mennta nemendur í íslenskri lögfræði og búa þá undir lögmennsku og önnur störf sem krefjast ámóta menntunar. Áherslan er því öll á hagnýta íslenska lögfræði. Grunnurinn úr BA-náminu gerir það að verkum að nemendur hafa öðlast nauðsynlegan og góðan skilning á lögum í víðara samhengi og eru því vel undir meistaranámið búnir.

Við lagadeild Háskólans á Akureyri er heimskautaréttur kenndur á meistarastigi og er það eina námsbraut sinnar tegundar í heiminum. Fjöldi þekktra fræðimanna og sérfræðinga hafa komið og kennt við deildina enda hefur námið vakið alþjóðlega athygli. Heimskautaréttur er sérstaklega mikilvægur í ljósi stöðu Íslands á Norðurheimskautssvæðinu og mikil þörf er fyrir sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

> Lagadeild Háskólans á Akureyri leggur mikla áherslu á að útskrifa nemendur sem þjálfaðir eru í að beita gagnrýnni hugsun.

Lagadeild Háskólans á Akureyri leggur mikla áherslu á að útskrifa nemendur sem þjálfaðir eru í að beita gagnrýnni hugsun og rökfræði til að leysa viðfangsefni lögfræðinnar. Í 8. bindi, viðauka 1 í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fjallað er um háskólasamfélagið er talið nauðsynlegt að efla siðfræðilega menntun og áherslu á samfélagsgagnrýni. Það má segja að þessi áhersla hafi verið kjarninn í kennsluaðferðum Lagadeildar Háskólans á Akureyri frá upphafi. Mættu fleiri taka sér það til fyrirmyndar. Ef fræðasamfélagið á að geta sinnt samfélagsgagnrýni af alvöru er nauðsynlegt að fjölbreytileg flóra náms fái þrifist á Íslandi.

AF NETINU

Bernsk niðurskurðarumræða

Þó að ég sé bæði mikill notandi bæði heilbrigðis- og menntakerfisins er ég ekki sannfærður um að allt fjármagn þar sé svo vel nýtt að betra sé að leggja niður Þjóðleikhúsið, Sinfoníuhljómsveitina og öll söfn á Íslandi en að hreyfa þar við nokkru. Ótti minn við sjúkdóma og dauða er ekki svo mikill að ég vilji lifa án listar. Og mér finnst ekki sjálfsagt að standa alltaf með Íslendingi gegn útlendingi.

Sem betur fer trúi ég takmarkað á þá mynd sem fjölmiðlar draga upp af veruleikanum. Ég veit að á Íslandi eru fjölmargir sem vita af hverju núna er sparað í ríkisrekstrinum. Það er líka til fólk á Íslandi sem er ekki svo upptekið af eigin launum að það vill jafnvel að náunginn hafi starf líka. Og jafnvel held ég að til sé fólk á Íslandi sem veit að kreppan á Íslandi er ekki illum útlendingum að kenna. En í fjölmiðlum fer lítið fyrir slíku fólki. Þar snýst allt um bernska sérhagsmunagæslu.

Smugan.is

Ármann Jakobsson

Vandmeðfarnar þjóðaratkvæðagreiðslur

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru því vandmeðfarnar og geta ef slælega er að málum staðið gert illt verra. Eigi að síður tel ég að þrátt fyrir þessa þekktu vankanta sé samt sem áður rétt að opan fyrir þjóðaratkvæðgareiðslur í ákveðnum vel skilgreindum tilvikum sem mikilvægt er að útfæra með skilmerkilegum hætti.

Málskotsrétturinn er nú höndum forseta eins og Íslendingar fengu að kynnast í kosningunni um Icesave í upphafi árs. Hugsanlega mætti færa málskotséttinn til þjóðarinnar þannig að beiðni tiltekins hlutfalls kjósenda dugi til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. Þá mætti einnig hugsa sér að tiltekinn minnihluti þingmanna gætu einnig farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslur.

Visir.is

Eiríkur Bergmann Einarsson

DOMTI®
Smáratorgi

Opið: 11-18 virka daga & 10-17 laugard. 13-17 Sunnud.

20.000 vörunúmer

Erum að taka inn nýjar vörur, hó hó hó...

Snyrtivörur	Hárvörur	Silkiblóm
Hreinlætisvörur	Nærfatnaður	Glervörur
Skófatnaður	Ilmvötn	Myndarammar
Ritföng	Kerti	Búsáhöld
Leikföng	Partývörur	Baðvörur
Plastvörur	Gjafavörur	Rekstrarvörur
Pappír	Verkfæri	Vetrarfatnaður
Heimilið	Bílavörur	Garn
Gæludýravörur	Málningarvörur	Barnavörur

690.-

Skór á skvísuna

390.-

Garn, margir litir 100gr.

690.-

Strigaskór í skólann

290.-

Garn, fyrir börnin 50gr.

390.-

Leggings fyrir börnin

390.-

Innlegg fyrir tásurnar

Smáratorgi sími: 510 4000 www.domti.is

Með hugsjón snúum við bökum saman.

-Pamfill-

tímamót

timamot@frettabladid.is

75 **GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR** leikkona er 75 ára í dag.
„Ef við höfum ekki vinnu er um að gera að búa hana til og þá fara æfintýrin að gerast.“

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Olgeir Gottliebsson
fv. hitaveitustjóri, Túngötu 1, Ólafsfirði,

lést þriðjudaginn 9. nóvember. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 20. nóvember kl. 14.00.

Unnur Lovísa Friðriksdóttir
Friðrik G. Olgeirsson
Sigríður Olgeirsdóttir
Snorri Þ. Olgeirsson
og barnabörn
Guðrún Þorsteinsdóttir
Björn Gunnarsson
Rósa Einarsdóttir

†

Konan mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristbjörg Benediktsdóttir

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 12. nóvember sl. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 23. nóvember kl. 13.00 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Hörður Hjartarson
Benedikt Harðarson
Una Björk Harðardóttir
Hörður Harðarson
Brynjar Harðarson
barnabörn og barnabarnabörn
Jóhanna Ólafsdóttir
Pétur Hansson
Guðrún Hrund Sigurðardóttir
Guðrún Árnadóttir

†

Okkar bestu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gestheiðar Jónsdóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

Anna Kristjánsdóttir
Grímkell Pálsson
Sigríður Eikaas
og fjölskyldur

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

80 ára afmæli

Hann Sumarliði á Ferjubakka verður 80 ára 22. nóv.

Af því tilefni langar okkur að gleðjast með vinum og vandamönnum laugardaginn 20. nóv. frá kl. 15.00 á Valfelli í Borgarhreppi.

Systkinin

Vinsamlegast látið vita ef þið sjáið ykkur fært að koma í síma 861-1432 eða evasum@simnet.is

†

Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Lárusar Kristjánssonar (Sigga í Bót)
Lindasíðu 4, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri og Öldrunarlækningadeildar Kristnesspítala.

Kristján Jakob Pétursson
Guðmundur Friðrik Sigurðsson
Ingibjörg Anna Sigurðardóttir
Harpa Hrönn Sigurðardóttir
Kristlaug María Sigurðardóttir
Íris Halla Sigurðardóttir
afa- og langafabörn.
Ragnheiður Ólafsdóttir
Auður Hansen
Gunnlaugur Sverrisson
Gunnar Viktorsson
Loftur Guðni Kristjánsson
Jón E. Árnason

†

Móðir okkar,

Hjördís Þorsteinsdóttir
Blikaási 25, Hafnarfirði,

andaðist þann 14. nóvember síðastliðinn.

Íris Randversdóttir
Randver Þ. Randversson
Lára Björk Steingrímsdóttir
Margrét Hildur Steingrímsdóttir
Rafnar Steingrímsson

†

Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,

Birgir Örn Lárusson
Vallarbarði 13, Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur að heimili sínu sunnudaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 23. nóvember kl. 15.00.

Lárus Geir Brandsson
Íris Dögg Lárusdóttir
Lilja Benediktsdóttir
Ingibjörg Marinósdóttir
Hafdís Kristín Lárusdóttir
Rakel Auður Árnadóttir

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, sonar, bróður og mágs,

Gísla Haukssonar
Hólmvaði 2, Reykjavík.

Karen S. Kristjánsdóttir
Unnur Gísladóttir
Anna Kristín Gísladóttir
Unnur Gísladóttir
Halldór Hauksson
Bergrós Hauksdóttir
Kristjana Berg Hauksdóttir
Einar Ómarsson
Haukur Berg Bergvinsson
Sumarlína Pétursdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

ÁNÆGÐUR MEÐ LÍFIÐ Pétur Eggerz fagnar fimmtugsafmæli í dag og segir það góða tilfinningu að eldast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

PÉTUR EGGERZ LEIKARI: FIMMTUGUR

Góð tilfinning að eldast

„Það er um að gera að gera sér dagamun þegar tilefnið gefst,“ segir Pétur Eggerz leikari en hann fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag með fjölskyldu og vinum.

Pétur ólst upp í Reykjavík en fjölskylda hans var meðal frumbyggja í Breiðholti og flutti inn í fyrstu blokkina sem þar var byggð, á H-daginn 1968. Pétur segir gaman að hafa alist upp í hverfi í mótun. „Þá var Breiðholtið nánast uppi í sveit. Allir skólar sem maður fór í voru nýir, fyrst var ég í Breiðholtsskóla, tók landspróf í Hólabrekkuskóla og fór svo í Fjölbraut. Mér leið mjög vel að alast þarna upp, enda er ég aftur kominn í Breiðholtið.“

Aðspurður segist Pétur fjölskyldumaður. Stórfjölskyldan sé samheldin og hittist oft. „Við erum þrjú systkinin. Mamma kemur úr stórri og samheldinni fjölskyldu en hún er yngst af fimmtán systkinum. Eins er föðurfjölskylda mín samheldin. Ég og Alda, konan mín eigum tvo unglinga og hún uppkominn son sem sjálfur er kominn með börn. Auðvitað finnst manni alltaf að maður mætti eyða meiri tíma með fjölskyldunni, hún skiptir mig miklu máli.“

Pétur er einn af stofnendum Möguleikhússins og rekur það enn ásamt eiginkonu sinni. Þessa dagana er hann á þönum milli sýninga og æfinga en þessi árstími er annasamur hjá Möguleikhúsinu. „Við erum með fjórar sýningar í gangi og erum að æfa upp tvær sýningar fyrir jólin. Desember er annasamur en við hjálpum Þjóðminjasafninu að taka á móti jólasveinunum.“ Aðspurður hvort leiklistarbakterían hafi gripið hann snemma segist Pétur hafa byrjað að leika í barnaskóla. „Ég tók síðan þátt í að stofna leikfélag í FB en það var þó ekki fyrr en dálitlu eftir að ég kláraði stúdentinn að mér datt í hug að leggja leiklistina fyrir mig. Ég fór þá til London í leiklistarnám og hef starfað við leiklist meira og minna síðan.“

Þegar Pétur er spurður hvort hálfrar aldarafmæli sé tilefni til að horfa yfir farinn veg segir hann öll tímamót tilefni til að líta bæði um öxl, en líka til framtíðar. „Ég er mjög sáttur við mitt líf og starf og lít bjartsýnn fram á veginn. Það er góð tilfinning að eldast.“

heida@frettabladid.is

†

Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Mörtu Sonju Magnúsdóttur

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

Aðstandendur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRÍSALÆRI
998 KR/KG.

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

ÞYKKVABÆJAR FORSOÐNAR KARTÖFLUR 1 KG
395 KR

SS BIRKIREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT *Á FRÁBÆRU VERÐI*

ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1898 KR/KG.

ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2398 KR/KG.

FROSINN KS LAMBABÓGUR
798 KR/KG.

PATAKS-MANGÓ ÚRB. LAMBALÆRI
1998 KR/KG.

LAMBASVIÐ FROSIN

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við **skrifstofu Bónus sími: 588 8699** og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus Skútuvogi 13 er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX

BÓNUS APPELSÍN

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALLT Í BAKSTURINN Á BETRA VERÐI Í BÓNUS

1159
KR. 2.5 kg

KJARNA DJÚPSTEIKINGARFEITI 2.5 KG
FYRIR LAUFABRAUÐSBAKSTURINN

498
KR. 250g

KELLOGG´S RICE KRISPIES 450g

198
KR. 250g

HAGAVER: GRÓFT KÓKOSMJÖL
250g

79
KR.1000g

ES HVEITI 1000g

195
KR.1000g

ES SYKUR 1000g

598
KR.600g

NÝ UPPSKERA **FERSKAR**
DÖÐLUR 600G

259
KR. 500g

HEIMA FÍNT
KÓKOSMJÖL 500g

359
KR.1000g

SPELT HVEITI
GRÓFT OG FÍNT1000G

249
KR.500g

BÓNUS RÚSÍNUR 500G

298
KR. 250g

CADBURY COCOA KAKÓ 250

598
KR. 425ml

AGAVE SÝRÓP 425ml

257
KR. 300g

SUÐUSÚKKULAÐI 300g

147
KR. 500g

MH SMJÖRLÍKI 500G

379
KR. 500g

KJARNA
KÓKOSOLÍA 500G

OS JÓLASMJÖR
215 KR. 500g

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Guðmundur Tyrfingsson ehf. býður upp á ókeypis draugaferð á morgun í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá því að hann fór fyrstu draugaferðina með Þór Vigfússyni sagnameistara. Lagt verður af stað frá Olís við Rauðavatn klukkan 13 og frá höfuðstöðvum Guðmundar Tyrfingssonar ehf. á Selfossi klukkan 14. Guðmundur Tyrfingsson hóf starfsemi árið 1967 á Dodge Weapon bifreið árgerð 1953 og mun hún leiða lestina. Sjá nánar á www.gtyrfingsson.is.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Jólahlaðborð

18. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar er hafið. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 8.290 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga

7.290 kr.

Skötu- og jólahlaðborð Perlunnar
Þorláksmessa, í hádeginu

Nýárskvöldverður
1. janúar 2010

Það borgar sig að panta skötuna snemma!

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

Söngleikarinn Ívar Helgason kynntist ómótstæðilegum jólapúns í Vínarborg

Hressandi og bragðgóður

Ívar er kominn í jólaskap enda að gefa út jólaplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ívar Helgason lærði söng, leik og dans í Vínarborg og ber starfsheitið söngleikari. Í Vín héldu hann og konan hans eitt sinn jólaboð og bauðst einn gestanna, Birgitte Treipl, til að sjá um vínið. Hún lagði í jólapúns og setti í það negul, kanilstangir, appelsínusafa, sítrónur og fleira góðgæti. „Hún smakkaði púnsinn reglulega til og varð sífellt kátari eftir því sem leið á kvöldið,“ lýsir Ívar. „Þegar við kvöddum Vínarborg með trega hripaði hún svo uppskriftina niður á kaffifilter.“ Ívar á uppskriftina enn í dag og er hún alltaf dregin fram á þessum tíma árs og þá sérstaklega ef gesti ber að garði.

Ívar er sannarlega kominn í jólaskap en hann gefur út sína fyrstu plötu í ár og heldur útgáfutónleika í Salnum klukkan 20 í kvöld. Platan heitir Jólaljós en þar er að finna tvö frumsamin jólalög eftir Ívar ásamt klassískum jólaperlum í nýjum útsetningum. „Þarna er líka nýtt og sérlega fallegt lag eftir organistann Jónas Þóri Jónasson við texta séra Hjálmars Jónssonar dómkirkjuprests svo dæmi séu nefnd,“ segir Ívar, sem hefur í hyggju að gefa plötuna út í Þýskalandi fyrir næstu jól.

vera@frettabladid.is

JÓLAPÚNS

2 l rauðvín
½ l vatn
1 l svart te, soðið
40 g sykur
5 sítrónur – safinn
6 appelsínur – safinn
1 sítróna – niðurskorin
1 appelsína – niðurskorin
1 kanilstöng
10 negulnaglar
3 msk. vanillusykur
appelsínusafi eftir smekk
romm eftir smekk (má sleppa)

Hitið rauðvín, vatn, te og sykur í potti. Kreistið appelsínu- og sítrónusafann út í. Bætið kanil, negulnöglum og vanilludropum við og hellið appelsínusafa út í eftir smekk. Afhýðið appelsínu og sítrónu, skerið í bita og setjið út í til skrauts. Bætið við rommi ef vill en eftir það má púnsinn ekki sjóða.

Nemendur við Fjölbrautaskólann í Breiðholti opna samsýningu á skúlptúrverkum í Galleríi Tukt í Hinu húsinu á morgun, laugardag, milli klukkan 16 og 18. Þar verða til sýnis lokaverkefni nemenda úr skúlptúráfanga sem þeir hafa setið í vetur. Sýningin stendur til 3. desember.

Á pinnahælum á Esjuna

Nýr skemmtistaður verður opnaður í kvöld í Austurstræti þar sem áður var Apótekið. Staðurinn er ætlaður aldurshópnum 25 ára og eldri og hefur fengið nafnið Esjan.

„Við vildum rammíslenskt nafn, stutt og laggott, og eftir miklar vangaveltur varð Esjan fyrir valinu. Nú geta stelpurnar sagst ætla á pinnahælum á Esjuna," segir Draupnir Rúnar Draupnisson, einn þriggja eigenda nýs skemmtistaðar á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis.

25 ára aldurstakmark verður inn á Esjuna en Draupnir segir þennan aldurshóp hafa verið utanveltu. „Við skynjuðum það á fólki kringum okkur að þessum aldurshóp fannst hann hvergi eiga heima lengur, nema kannski á börum. Þetta fólk langar auðvitað líka til að dansa en á Esjunni er framúrskarandi dansgólf og góð aðstaða til að spjalla. Þetta er elegant og kósí staður."

Draupnir Rúnar hefur undanfarnar vikur staðið í ströngu ásamt félögum sínum, Gunnari Traustasyni og Elvari Má Atlasyni, við standsetningu Esjunnar, en áður var skemmtistaðurinn Apótekið í húsnæðinu. Draupnir Rúnar segir þá hafa snúið öllu við.

„Öllu 2007-dótinu af Apótekinu var sópað út og búin til ný ljós og sófar og málað í öðrum litum. Hanna Stína arkitekt sá um breytingarnar og útkoman er glæsileg. Tónlistin á staðnum verður ný danstónlist í bland við gamalt og gott. Í framhaldinu sjáum við líka fyrir okkur fjölbreytta viðburði, meðal annars lifandi tónlist," segir Draupnir.

Opnunarteitið hefst klukkan 21 í kvöld og stendur til miðnættis. Klukkan 22 hefst létt dagskrá, meðal annars tískusýning, og vonast Draupnir Rúnar til að sjá sem flesta. „Það eru allir 25 ára og eldri hjartanlega velkomnir með góða skapið á Esjuna í kvöld."

heida@frettabladid.is

„Við snerum öllu við og sópuðum 2007 dótinu af Apótekinu út," segir Draupnir Rúnar, einn þriggja eigenda skemmtistaðarins Esjunnar sem verður opnaður í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Engiferdrykkurinn aada frá My Secret

50% magn engifers, kælivara

Á tilboði fram að jólum í næstu verslun

Engifer ehf | Digranesvegi 10 | 200 Kópavogi | Sími 527-2777 | www.mysecret.is

„Ég er að drekka aada drykkinn og líkar vel. Mér finnst hann hjálpa mér að viðhalda orkunni og styrkja ónæmiskerfið mitt sem ég þarf á að halda vegna þess að ég er að æfa mjög mikið fyrir komandi mót."

VIKTOR KRISTMANNSSON
er íþróttamaður og 9 faldur íslandsmeistari í fimleikum og smáþjóðaleikameistari.

Þjóðleg sögustund

Sögufélagið Steini stendur fyrir þjóðlegri sögustund á morgun, laugardag, í Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir er meðal þeirra sem fjalla um Matthías Jochumsson í Klébergsskóla á Kjalarnesi á morgun.

Sögustundin sem Sögufélagið Steini stendur að er hugsuð sem eins konar framhald af degi íslenskrar tungu 16. nóvember síðastliðinn.

Þema sögustundarinnar er þjóðskáldið Matthías Jochumsson, sem meðal annars var prestur á Kjalarnesi, en nú í nóvember eru 175 ár liðin frá fæðingardegi hans sem og 90 ár frá dánardegi hans, en Matthíast lést 18. nóvember 1920.

Gestir sögustundarinnar eru rithöfundurinn og sagnfræðingurinn Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, sem meðal annars skrifaði bókina Upp á Sigurhæðir sem fjallar um ævi Matthíasar. Erindi Þórunnar nefnist Matthías Jochumsson – Einn frægasti nábúi Esju.

Ljóð eftir Matthías sem og brot úr leikverki hans, Skugga-Sveini, verða lesin af Jóni Júlíussyni leikara og Geirlaugu Þorvaldsdóttur leikkonu. Þá flytja nemendur úr Klébergsskóla tónlistaratriði og séra Gunnar Kristjánsson flytur erindi um þau ár sem Matthías bjó á Móum. Dagskráin hefst klukkan 16 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

- jma

Vegna alþjóðlegu athafnavikunnar verður Vísindaporti Háskólaseturs Vestfjarða breytt í Kaffihúsið Veröld. Þar munu ólíkir einstaklingar hittast og ræða vel valin málefni í hópum. Að lokum verða niðurstöður umræðnanna settar á „vegg viskunnar" og í framhaldinu birtar á netinu. Kaffihúsið verður opnað kl. 12.10.

heimild. www.hsvest.is

Klúbbvæn djasstónlist

Kvartett Sigurðar Flosasonar heldur tvenna tónleika í Risinu.

Tónlist á mörkum djass og blús er þema tvennra tónleika sem kvartett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar heldur í Risinu næstkomandi sunnudags- og mánudagskvöld.

Tónlistin er að hluta til ný og að hluta til gömul, meðal annars af plötunum Blátt ljós og Bláir skuggar en þó verður ekki sama efnisskráin á báðum tónleikunum.

Auk Sigurðar skipa kvartettinn þeir Þórir Baldursson á Hammondorgel, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar og Einar Scheving á trommur.

- jma

Efnisskrá tónleikanna sem kvartett Sigurðar Flosasonar stendur fyrir um helgina er ekki sú sama bæði kvöldin.

Engiferdrykkurinn aada frá My Secret

75% magn engifers, kælivara.

Á tilboði fram að jólum í næstu verslun

Engifer ehf | Digranesvegi 10 | 200 Kópavogi | Sími 527-2777 | www.mysecret.is

Kæru viðskiptavinir

Þar sem okkur er óheimilt að vera með fullyrðingar sem eru ekki vísindalega rannsakaðar, höfum við breitt því og eru nýjar vörur komnar á markaðinn. Ýmsar heimildir frá virtum háskólum víðsvegar um heiminn ásamt rannsóknum og sögum sýna að engifer er talinn vera mjög virk jurt við ýmsum kvillum.

Í **aada** frá My Secret er einungis notaður 100% ferskt engifer.
aada er íslenskt vörumerki og íslensk framleiðsla.

„Engifer hefur verið einn af hornsteinum austurlenskra náttúrulækninga í þúsaldir"
Heimild: www.lyfja.is

„Engiferdrykkurinn aada hefur hjálpað mér við gigt og bólgum"
Reynsludaga: Anna Árnadóttir

„Engifer virkar jafnvel gegn vöðvaverkjum og slitgigt og verkjalyf"
Heimild: www.heilsuhusið.is

„Engifer hefur í nokkur ár verið rannsakaður við liðverkjum og bólgum"
Heimild: www.heilsa.is

Fleiri reynslusögur viðskiptavina okkar er að finna á www.mysecret.is

My Secret
aada

DIGRANESVEGUR 10 // 200 KÓPAVOGUR // SÍMI 527 2777 // INFO@MYSECRET.IS // WWW.MYSECTRET.IS

HERRA-
KULDASKÓR

Úrval af herrakuldaskóm
úr leðri, fóðruðum
með lambsgæru.

Stærðir: 41 - 47
Verð: 23.700.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands verður haldin á Háskólatorgi í dag milli klukkan 11 og 17.15. Þar verða Hagnýtingarverðlaun HÍ afhent auk þess sem sprotafyrirtæki sem hafa sprottið úr jarðvegi Háskólans verða með kynningu. Þau eru Amivix, Gavia, GlobalCall, Meniga og Ýmir Mobile.

Heimild: www.hi.is

Kristín Eik Gústafsdóttir, eigandi Allt í köku, heldur spennandi námskeið í sykurmassagerð, sykurmassaskreytingum og konfekt- og mótagerð eftir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sykurmassi býður upp á endalaus tækifæri fyrir ímyndunaraflið í kökugerð.

Enginn stenst fagra köku

Dyr að ævintýralandi allra sem elska fallegar kökur, konfekt og sætindi ljúkast upp á sunnudaginn þegar kökuskreytingabúðin Allt í köku verður opnuð með áður óséðu úrvali kökuskreytingarvarnings.

„Ég lagði höfuðið lengi í bleyti til að finna nafn við hæfi og sem tengdist kökuskreytingum, en nafnið er lýsandi fyrir ástandið í þjóðfélaginu, að hér fáist allt í köku og auðvitað að fólk komi allt í köku," segir brosmild Kristín Eik Gústafsdóttir sem á morgun lætur drauma sína rætast og heldur upp á opnun kökuskreytingabúðar sinnar Allt í köku, um leið og hún fagnar þrítugsafmæli sínu og meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Á sunnudag opnar verslunin svo formlega almenningi.

„Við Katrín systir áttum ekki afturkvæmt frá hrærivélinni eftir að komið var að okkur að halda barnaafmæli. Það eru ekki nema tvö ár síðan en bara á þeim stutta tíma erum við báðar orðnar forfallnar kökuskreytingarkonur og vitum ekkert skemmtilegra en að föndra við kökuskraut. Hins vegar kom fljótt í ljós að efniviður til kökuskreytinga var afar fátæklegur hér heima svo við fórum að panta vörur að utan. Við það opnaðist heimur kökuskreytinga og opinberaðist enn betur hversu Íslendingar eru ótrúlega skammt á veg komnir í kökuskreytingum því fari maður til Bandaríkjanna, sem er mekka kökuskreytingarmenningar, er ekki þverfótað fyrir heillandi sérverslunum og heilu samfélögin til í kringum kökuskreytingar. Ég sá því í hendi mér að svona verslun sárvantaði heima og ákvað að kasta örlagateningunum," segir Kristín Eik um þessa skemmtilegu viðbót í flóru sælkeraverslana. Einnig verður hægt að kaupa allt í köku í vefversluninni www.alltikoku.is, þar sem líka má finna skemmtilegan fróðleik um kökuskreytingar, konfekt, mótagerð og bakstur.

„Sykurmassi er töfraefni í kökuskreytingar og möguleikarnir óþrjótandi. Landsmenn geta nú loks unnið með fínasta sykurmassamerki veraldar, sem er SatinIce frá Satin Fine Foods, og notaður af bestu bökurum heims, en margir þekkja merkið úr frægustu kökuþáttum sjónvarpsstöðvanna. Þá erum við með duftsykurmassa sem er frábær í skreytingar sem á að geyma, því hann þornar upp og hægt að geyma stytturnar áratugum saman eins og hverjar aðrar postulínsstyttur," segir Kristín Eik í heimilislegri verslun sinni þar sem finna má úrval sykurmassa- og konfektmóta, tilbúinn sykurmassa, mynsturmottur, matarliti, skrautsykur, piparkökumót, bækur, bökunarmót og gómsæt bragðefni.

Styttur úr sykurmassa, eins og þessi af litla barninu sofandi, má geyma áratugum saman og vinsælt að nota slíkar styttur aftur og aftur á skírnartertur í fjölskyldum.

„Hér er nú ævintýraland bakarans og algjör veisla að koma því loks fæst allt sem þarf í dýrindis kökuskreytingar á einum stað. Kökuskreytingar eru afbragðs útrás fyrir sköpunarkraftinn og allir geta spreytt sig á fallegri köku með aðdáunarverðum árangri," segir Kristín Eik og útskýrir ánægjuna við köku- og konfektgerð.

„Allir verða svo einlægt ánægðir þegar þeim eru boðin sætindi. Það eru laun sem enginn stenst eftir vinnu að baki gómsætrar og fagurrar köku."

Allt í köku er á Suðurlandsbraut 4 og verður opin alla virka daga. Sjá nánar á www.alltikoku.is.

thordis@frettabladid.is

MARKAÐUR
RAUÐA KROSSINS
20. nóvember

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur markað **laugardaginn 20. nóvember kl. 11-16** í Rauðakrosshúsinu Hamraborg 11, 2. hæð. Seld verða handverk sjálfboðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur, kökur og annað föndur. Þá verða notuð föt til sölu og skiptidótamarkaður einnig í gangi þar sem fólki gefst tækifæri til að koma með dót og skipta út fyrir annað. Einnig verður hægt að kaupa notuð leikföng á vægu verði. Auk þessa verður handverk frá Mósambík til sölu, skartgripir, töskur, batik-myndir og fleira.

Allur ágóði rennur til verkefna innanlands.

Nemendur Menntaskólans í Kópavogi í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Tilvalið að setja í jólapakkana og styrkja gott málefni í leiðinni

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Hátíð þýðir að allir eru velkomnir

Loi Krathong, árleg hátíð Taílendingafélagsins á Íslandi, verður haldin í Rimaskóla á morgun frá klukkan 11 til 18. Löng hefð er fyrir hátíðinni í Taílandi, en hún er til dýrðar gyðju vatnsins og haldin á fullu tungli í tólfta mánuði taílenska tunglalmanaksins.

„Við erum bara að fagna okkar menningu og samvinnu Taílendinga á Íslandi," segir Petra Deluxsanna formaður Taílendingafélagsins. „Þetta er tækifæri til að gera eitthvað saman og vera fín í taílensku búningunum okkar, sem við fáum ekki oft tækifæri til að nota."

Fjölbreyttur taílenskur matur verður seldur á hátíðinni og eins og venjan er rennur allur ágóðinn til styrktar góðu málefni. „Í fyrra vorum við að safna fyrir Búddafélagið á Íslandi," segir Petra, „en núna verður allur ágóðinn sendur til Taílands til að hjálpa þeim sem urðu illa úti í flóðunum í október."

Loi Krathong, hátíð Taílendingafélagsins, verður haldin í Rimaskóla á morgun. Myndin var tekin á hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hátíðin er öllum opin enda segir Petra að í hugum Taílendinga þýði hátíð einmitt að allir séu velkomnir. *- fsb*

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. nóvember 2010

MARGRÉT RÚNARSDÓTTIR ELSKAR LEIKHÚSIÐ

Tíska • Helgarráðin • Topp tíu • Snyrtivörur • Linda Evangelista • Á rúmstokknum

FJÖLNOTATÆKI • PRENTARI OG SKANNI

Epson SX420W
Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar í 1200 x 2400. Prentar allt að 35 bls. á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

Kr. 14.450

EPSON Með þráðlausu netkorti!

Útprentanir endast allt að 300 ár!

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

Ekki missa af

EKKI MISSA AF ... Afmælishátíð Kaffibarsins sem stendur yfir þessa dagana. Barinn, sem hefur sett sinn svip á lílegt skemmtanalíf Reykjavíkurborgar um árin, er orðinn 17 ára gamall. Kaffibarinn fagnar þessum tímamótum með því að vera með afmælishátíð fram til 5. des. GÓÐ TILBOÐ Á BARNUM OG MIKIÐ ÚRVAL SKEMMTILEGRA PLÖTUSNÚÐA. Það er því um að gera að lyfta sér upp í skammdeginu.

blogg vikunnar

Stílisti bloggar

Gala Gonzales heldur úti tískublogginu www.am-lul.blogspot.com. Þar birtir hún myndir af sér og vinum sínum, fallegum fötum, fylgihlutum og öllu því sem veitir henni innblástur þegar kemur að tísku. Stúlkan starfar sem hönnuður og stílisti og er því með það á hreinu hvað er heitt og hvað ekki.

Ensk blómarós

Ensk stúlka að nafni Constance Phillips stendur að baki síðunni www.constance-victoria.blogspot.com. Hún stíliserar sínar eigin myndatökur sem hún síðan birtir á bloggsíðunni. Myndirnar eru gjarnan sveipaðar rómantískum blæ og fötin einnig. Skemmtilegt blogg til að renna í gegnum.

Norrænir straumar

Www.barkatt-barbro.blogspot.com er norskt tískublogg. Síðunni er haldið úti af Barbro Andersen. Hennar helstu ástríður eru skór, sígarettur, ljósmyndun og skáldskapur. Hún stíliserar eigin tískuþætti í bland við að birta myndir sem vekja áhuga hennar eða veita henni innblástur.

Hildur Knútsdóttir heldur úti skemmtilegu tískubloggi:

HEFUR ENGAN ÁHUGA Á TÍSKU

Tískubloggið www.tiskublogg.blogspot.com hefur vakið nokkurt umtal vegna hnyttinna og oft á tíðum gagnrýninna skrifa tískuunnanda sem kallar sig aðeins h.

Það er Hildur Knútsdóttir sem stendur á bak við síðuna og að hennar sögn hóf hún að blogga í leiðindum sínum. „Ég er að fara að gefa út mína fyrstu skáldsögu hjá Forlaginu næsta vor. Ég var að bíða eftir að fá uppkastið að henni aftur frá ritstjóranum og ákvað að byrja að blogga á meðan," segir Hildur sem er ekki mikill aðdáandi tískublogga. „Mér finnst þau almennt frekar leiðinleg og skil ekki alveg vinsældir þeirra," útskýrir hún.

Hildur kveðst þó hafa gaman af bloggskrifunum en minna gaman af rannsóknarvinnunni sem hún segir fylgja þeim. „Maður þarf að þekkja markhópinn og þess vegna þurfti ég að leggjast í svolitla rannsóknarvinnu og lesa fjölda tískublogga sem mér fannst ekki gaman," segir hún og hlær.

Hildur segist hafa skapað hið tískumeðvitaða alter-egó vegna þess að hún sjálf hafi ekki nægt tískuvit til að halda úti tískubloggi. „Alter-egóið kom bara af sjálfu sér þegar ég byrjaði að skrifa. Við erum mjög ólíkar að öllu leyti, deilum ekki sama smekk á fötum og skrifum líka mjög ólíkt. H. er líka gjörn á að taka öllu svolítið of bókstaflega," segir Hildur sem hefur aflað sér óvinsælda vegna þessa og hafa Pjattrófurnar meðal annars meinað henni aðgang að skilaboðakerfinu á síðu sinni. Hildur hyggst þó halda áfram tískuskrifum sínum svo lengi sem hún hefur tíma og áhuga. „Ég mun halda þessu áfram svo lengi sem mér finnst þetta skemmtilegt og ég hef tíma til," segir þessi hæfileikaríki penni að lokum.

- sm



Bloggar um tísku Hildur Knútsdóttir hefur vakið athygli fyrir tískublogg sitt. Alter-egó hennar skrifar færslurnar en sjálf hefur hún lítinn áhuga á tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svartur kjóll með skrauti í hálsmáli

Litur: Svart og hlébarða
Stærð: S - XXL
Verð: 11.900

LAUGAVEGI 42
SÍMI 552 1818
MOMO.IS

MOMO



Draumatúlkun Bókin er bæði fræðandi og hin skemmtilegasta svo lengi sem mann dreymir ekki rottu, sem boðar erfiðleika, eða kirsuber, sem boðar hjónabandserfiðleika.

Bráðfyndin Takk Útrásarvíkingar eftir Láru Björg Björnsdóttir skartar flottri kápu.

Tvær góðar inn í helgina

Skemmtiefni og fróðleikur

Ef þér birtist fótsnyrtir í draumi er það fyrirboði mikilla breytinga á starfsvettvangi og ef þú gæðir þér á svínakjöti í draumi áttu von á miklum peningum innan skamms. Þetta og margt fleira má fræðast um í Nýju draumaráðningabókinni eftir Símon Jón Jóhannsson. Gott að eiga þessa bók í bókahillunni til að fletta upp í eftir draummikla nótt eða ráða í drauma vinkvennanna í saumaklúbbnum.

Pistlar Láru Bjargar Björnsdóttur hafa slegið í gegn og nú hefur hún soðið þeim saman í heila bók, Takk útrásarvíkingar!, þar sem hún tekur stórlaxana fyrir. Eitthvað til að hlæja að í skammdeginu og kuldanum.

augnablikið

FLOTT OG FÖNGULEG Söngkonan Beth Ditto var á meðal þeirra gesta sem sóttu þýsku verðlaunahátíðina Bambi sem haldin var á dögunum. Ditto er þekkt fyrir skemmtilegan klæðaburð og hélt uppteknum hætti á rauða dreglinum. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

the PIER jólatilboð

Jólatrésskraut verð frá 290.-

Salatskál tilboð
verð áður 3.990.- tilboð 2.793.-

Verð frá 390.-

Stjaki með vængjum
Verð kr. 3.990.-

Fondupottur verð 1590.-

Stjakar verð Kr. 490.-

Verð frá 390.-

16.stk.

Matarstell fyrir 4, 16 stk
verð áður 4.990.- tilboð 3.493.

Jólaborðbúnaður
Verð frá kr. 390.-

the PIER

Okkar jól eru ykkar jól

The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880

abbey road / design

Fjölbreytni í förðunarheiminum

FRÍSKLEGT Í BLAND VIÐ DÖKKA TÓNA

Svart og seiðandi eða náttúrulegt og frískandi. Hvort tveggja er í boði ef marka má förðun fyrirsætanna sem svifu um tískpallana á nýliðnum tískuvikum.

Dökk augu, brúnir tónar og rauðir varalitir einkenndu útlit sumra og má rekja innblásturinn til tíunda áratugarins en sá áratugur er einnig að verða ríkjandi í fatatískunni með magabolum og fylltum hælum.

Það þýðir þó ekki að hið náttúrulega útlit fari hverfandi. Frísklegir ferskjulitir, léttir litir á augun og glansandi áferð á húð var einnig áberandi. Með góðum rakagefandi kremum og náttúrulegum farða er hægt að líta frísklega út á veturna. Föstudagur tók saman nokkra hluti sem hægt er að nota til að ná hvoru útliti fyrir sig. *- áp*

Dökkt og matt Ofurfyrirsætan Natalia Vodianova með dökk augu á sýningu Robertos Cavalli í París á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ferskt Fyrirsæta sem gekk fyrir hönnuðinn Elie Saab var með frísklega förðun og létta augnskugga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Baksviðs Fyrirsæta í stólnum baksviðs á sýningu Gianfranco Ferre með dökka augnförðun.

1. OPI, From A to Z-urich naglalakk
2. Bobbi Brown, Vixen Red varalitur
3. Mac, Radiant Jewels gloss
4. Mac, Moonlight Night, augnskuggi
5. Bobbi Brown, Hollywood Red Gloss
6. OPI, Just a little rösti at this, naglalakk

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1. Mac, Golden Crown augnskuggi
2. L´occitane, gloss
3. L´occitane, varalitur og gloss
4. Clarins, Extra Firming Foundation farði
5. Estée Lauder, Radiant Lifting Make Up
6. Maybelline, Luminous Matte Finish froðufarði
7. Mac, Cut a Caper, varalitur
8. L´occitane, varalitur
9. Clarins, Instant Light Brush on Perfector hyljarapenni

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Forboðin ást og aðrir smámunir

Kæra Sigga Dögg, ég er í algjörum vandræðum! Ég á mjög góðan vin sem ég hangi mikið með og það er alltaf mjög gaman hjá okkur. Við höfum tvisvar sinnum farið heim saman af djamminu og ég er orðin vel skotin í gaurnum. Stundum finnst mér eins og ég finni líka fyrir áhuga frá honum, en aðra daga finnst mér eins og hann hafi alls engan áhuga. Ég er búin að reyna að ráða í allt sem hann segir og gerir í von um vísbendingar en kemst aldrei að neinni niðurstöðu. Hvað get ég gert til að komast að hinu sanna?

Svar: Ég ætla að gefa mér þrjá hluti; þú vilt að þessi „vinátta“ verði að sambandi, að fara heim saman af djamminu tákni kynlíf og loks að þú viljir að hann sé bara með þér og engri annarri. Í mínum bókum kallast vináttan sem þú lýsir „bólfélagasamband“, það er kynlíf án skuldbindinga. Eina leiðin til að komast að því hvort hann sé hrifinn af þér er að spyrja hann beint út. Það eru engin „leynitákn“ til að ráða í og sögð orð hafa ekki tvöfalda merkingu. Þú segist vera skotin í honum og því þarftu að spyrja sjálfa þig hvernig þú ætlar að taka á því ef hann er ekki hrifinn af þér en vill bara vera „vinur“ þinn sem fær að hanga með þér og stunda skuldbindingarlaust kynlíf. Þú þarft að vera hreinskilin við sjálfa þig um það hvort þú getir og viljir vera í slíku sambandi ef hann er ekki tilbúinn að fara í samband með þér og bara þér. Nú er tími hreinskilni, þú þarft að spyrja hann orðrétt, „Ertu hrifinn af mér og viltu samband?“. Ef honum vefst tunga um tönn, þá er það þitt að taka ákvörðun um næsta skref.

Halló Sigga Dögg, ég er búin að vera á lausu alltof lengi, alveg í þrjú ár, og er farið að langa í kærasta. Ég kynntist einum fínum gaur fyrir nokkru síðan og við höfum verið að hittast svolítið. Hann er frábær í alla staði fyrir utan eitt, hann klæðir sig eins og fífl og ég meika varla að sjást með honum á almannafæri. Er ekki gróft að dömpa frábærum strák fyrir svona „smámuni“? Og er alltof snemmt fyrir mig að reyna að hafa áhrif á klæðaval hans? Ég bara get ekki horft upp á þessa hörmung mikið lengur.

Svar: Þú ert búin að vera á lausu „alltof lengi“ og hafa þrjú löng, einsömul ár til að gera lista yfir hinn fullkomna mann og þegar þú svo kynnist honum þá uppfyllir hann ekki skilyrðin um réttu klæðin. Töff fataburður er huglægt mat. Þú getur vissulega komið með athugasemd varðandi klæðaburð hans en ég get ekki séð að það komi þér við. Ég veit ekki hversu lengi þið hafið verið að hittast eða hversu náin þið eruð en, ef þetta er þitt eina umkvörtunarefni, þá væri þér nær að kíkja í smá sjálfsskoðun. Á meðan þú hefur áhyggjur af því að dömpa honum, hefur þér dottið í hug að hann gæti dömpað þér vegna yfirborðskenndar og hégóma?

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.
Netfangið er kynlif@frettabladid.is



Lykilsnyrtivara Ef notaður er góður maskari er ekki þörf fyrir mikið meiri andlitsförðun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Maskarar gegna lykilhlutverki

Punkturinn yfir i-ið

Maskari gegnir lykilhlutverki í snyrtibuddu hverrar konu og oftar en ekki er það mjög persónubundið hvernig maskara konur velja sér. Sumar vilja þykkingu, aðrar lengingu en flestir hvort tveggja.

Mikið úrval er á markaðnum í dag en Föstudagur tók saman nokkra góða frá mismunandi þekktum snyrtivörframleiðendum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

1. MAC Haute&Naughty Lash Mascara Double Effet. Tvær greiður í einni. Ein þykkir og hin lengir.
2. Maybelline, the Falsies Volume Express Mascara. Gefur hárunum fyllingu.
3. Clinique, High Lengths Mascara. Nýstárlegur bursti sem lengir hárin.
4. L´oreal, Volume Million Lashes. Breiður bursti með gúmmíhárum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rothögg Fyrirsæta sýnir undirföt í anda hnefaleikabúninga.

Victoria‘s Secret:

Litrík undirföt

Tískusýningum undirfataframleiðandans Victoria‘s Secret er beðið með eftirvæntingu ár hvert. Undirfötin eru litrík og oft á tíðum stórskrítin en mikil gleði og hálfgert brjálæði einkennir tískusýningarnar.



Hnoðrar og gleði Fyrirsæta sýnir undirföt frá Victoria‘s Secret. NORDICPHOTOS/GETTY

Furðuverur Sýningar Victoria‘s Secret eru litríkar og skemmtilegar.

„HOLY COW"
SAFFRAN
SPARTHELGI

Við erum í hátíðarskapi og verðum með eftirfarandi tilboð í Glæsibæ og á Dalvegi fimmtudag, föstudag og laugardag 18.–20.nóv.:

TILBOÐ 1 SAFFRAN kjúklingur og rauðlaukur á teini, brún hrísgrjón, shiraz salat og jógúrtkryddsósa
AÐEINS 1290 KR

TILBOÐ 2 FRÍTT GOS með öllum vefjum

TILBOÐ 3 Nýju bökurnar okkar: Bleika bakan, Mexíkóbaka og Gríska gyðjan
AÐEINS 1000 KR STK

Afsláttarkort gilda ekki þessa daga, eingöngu auglýst tilboð.

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Matfugl KORNAX Kristall Það sést hverjir drekka Kristal

Stjarna Linda á tískuvikunni í Mílanó í fyrra.
NORDICPHOTOS/GETTY

Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

LINDU EVANGELISTA

Linda Evangelista var ein vinsælasta fyrirsæta tíunda áratugarins ásamt Naomi Campbell, Christy Turlington, Cindy Crawford og Claudiu Schiffer. Þær stöllur teljast til fimm áhrifamestu fyrirsætna heims og í viðtali við Vogue árið 1990 gantaðist Evangelista með það að hún færi ekki fram úr rúminu nema hún hlyti minnst eina milljón króna í dagslaun.

- Margir halda að Evangelista eigi ættir að rekja til Austur-Evrópu. Það er þó ekki rétt því foreldrar hennar eru ítalskir og Evangelista er fædd og uppalin í Kanada.
- Evangelista klippti hárið á sér stutt í lok níunda áratugarins og í kjölfarið missti hún fjölda verkefna sem hún hafði áður bókað. Evangelista hélt þó uppteknum hætti þrátt fyrir það og skipti ört um háralit og hárgreiðslur.
- Árið 1999 missti Evangelista fóstur og hafði það djúpstæð áhrif á hana. Í kjölfarið ákvað hún að taka sér frí frá fyrirsætustörfum og einbeita sér að andlegri málum.
- Evangelista hefur viðurkennt að hafa notast við bótox til að viðhalda unglegu útliti. „Fyrirsætur eru ekki ofurmenni, við eldumst líka," sagði hún við það tilefni.
- Evangelista á einn son, fæddan árið 2006. Það vakti mikla athygli þegar hún neitaði að gefa upp faðerni barnsins.

Ung og upprennandi Fyrirsætan var á meðal þeirra hæst launuðu á sínum yngri árum.

Frískleg Fyrirsætan er þekkt fyrir hraust og frísklegt útlit.

Framandi Fyrirsætan árið 2004 í fallegum og framandi kjól.

Flott stúlka Linda í skemmtilegum fötum á tíunda áratugnum.

Útsölustaðir: Hagkaup Smáralind, Hagkaup Kringlan, Hagkaup Holtagarðar og Hagkaup Skeifunni. Lyf og Heilsa - Kringlan, Lyf og Heilsa Austurver, Lyf og Heilsa Eiðistorg, Lyf og Heilsa Hveragerði, Lyf og Heilsa Vestmannaeyjum. Lyfjaver Suðurlandsbraut - Rima Apótek - Árbæjar Apótek - Snyrtivöruverslunin Nana Hólagarði og Urðar Apótek.

Fallegar töskur halda velli sem heitasti fylgihlutur vetrarins:

Töskur, og nóg af þeim

Stórar, litlar, klassískar, skrautlegar eða gamaldags, allt er leyfilegt í töskutískunni í vetur og þess vegna eru töskur skemmtilegasti fylgihlutur vetrarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

1. Brúnn bakpoki úr Spúútnik, 8.900 kr.
2. Blómataska úr Friis & Company, 13.990 kr.
3. Litrík og mynstruð taska úr Accessorize, 9.499 kr.
4. Brún hliðartaska úr Topshop, 9.990 kr.
5. Brún taska með skrauti úr Spúútnik, 13.900 kr.

1. Blómataska úr Topshop, 11.900 kr.
2. Svört taska úr Zöru, 22.995 kr.
3. Grá taska úr Friis & Company, 9.990 kr.

Jólahlaðborð

NEW SQUARE

Frábærar veitingar - Notalegt andrúmsloft - Einstakt útsýni

Glæsilegt jólahlaðborð,
miðvikudaga og fimmtudaga

4.900.-kr.

Glæsilegt jólahlaðborð föstudaga og laugardaga ásamt frábærri söngskemmtun með þeim Heiðu Ólafs og Hreimi og balli þar sem Kiddi Bigfoot spilar 80's og 90's tónlist eins og honum einum er lagið langt fram á nótt.

7.900.-kr.

Jólahlaðborðin byrja 18.nóv.
Pantið tímanlega í síma 561 11 11

Getum tekið hópa 20-130 manns

2009 Condé Nast Traveler HOT TABLES

NÝIR EIGENDUR - NÝJAR ÁHERSLUR

Innfluttur matreiðslumeistari! Þar sem íslenskir matreiðslumenn hafa fjölmennt til Noregs þá brugðum við á það ráð að sækja Eyjó (Eyjólf Gest Ingólfsson) yfirmatreiðslumann okkar til Noregs. Hann hefur starfað þar síðastliðin ár við frábæran orðstír. En Eyjó var m.a. í 2. sæti í Matreiðslumaður ársins 2007 hér á landi og hefur unnið á flestum bestu veitingahúsum landsins.

MASI

NEW SQUARE

HAFNARSTRÆTI 20 - 4 HÆÐ - 101 RVK - SÍMI 561 11 11 - SQUARE@SQUARE.IS

NÝJA STELPAN Í LEIKHÚSINU

Hún er nýorðin 27 ára, nýskriðin úr leiklistarskólanum og nýja stelpan í Þjóðleikhúsinu. Fyrstu vikuna var hún látin sitja næstum nakin fyrir á plakati og er núna að heimsækja grunnskóla í prinsessukjól. *Þórunn Arna Kristjánsdóttir* hefur komist að því að leikkonustarfið er svo sannarlega fjölbreytt og hún elskar hverja mínútu.

Viðtal: **Álfrún Pálsdóttir**
Fatnaður: **Sonja Bent**
Ljósmyndir: **Anton Brink**

Mér líður stundum eins og ég sé í starfsþjálfun í Þjóðleikhúsinu. Finnst óraunverulegt að þetta sé vinnan mín en svo man ég það þegar ég fæ útborgað. Það er ágætis tilbreyting að fá laun í hverjum mánuði," segir Þórunn Arna, eða Tóta eins og hún alla jafna er kölluð, með breitt bros á vör.

Tóta er fædd og uppalin á Ísafirði og þar steig hún sín fyrstu skref í leiklistinni. Hún stofnaði sinn eigin leikhóp með vinkonum sínum sex ára og tók þátt í uppfærslum á vegum Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins. Hún missti aldrei úr eina einustu sýningu. Tóta viðurkennir þó að hún hafi oft öfundað krakkana sem bjuggu í Reykjavík því þar fannst henni vera miklu meiri möguleikar og stærri tækifæri á leiklistarsviðinu. Eftir á að hyggja hefði hún þó hvergi annars staðar viljað alast upp. „Hvar sem ég hefði fæðst í heiminum þá hefði ég sennilega aldrei fengið eins mörg tækifæri og ég fékk á Ísafirði."

„Það er svo skrítið að þrátt fyrir að hafa alltaf átt mér þann draum að verða leikkona, vera alltaf leikandi og syngjandi, þá var ég alveg ofsalega lítil og feimin í skólanum, þorði eiginlega aldrei að segja neitt nema hafa hugsað það mjög vel áður og fannst allir klárari en ég. Svo þegar átti að sýna leikrit í skólanum var ég alltaf jafnt spennt. Núna væri komið tækifærið mitt til að láta ljós mitt skína og alltaf var ég jafnt svekkt þegar mér var sagt að hlutverkið mitt væri að vera ein af stelpunum í kórnum," segir Tóta og rifjar upp sína fyrstu leikhúsminningu sem barn þegar hún hágrét yfir söngleiknum Söngvaseið. „Við fjölskyldan fórum saman á Söngvaseið þegar ég var sex ára. Spes leikhúsferð til Reykjavíkur. Ég man að ég var rosa leið þegar ég sá að sætin okkar voru á efsta bekk á svölunum. Fattaði ekki að salurinn hallaði því ég hafði aldrei farið í þannig leikhús," segir Tóta og bætir við að hún hafi farið að hágráta í lokin á sýningunni. Uppnumin af leikhústöfrunum. „Ég var mjög tilfinningaríkt og óheflað barn," hlær Tóta.

Tilfinningarík og óhefluð Þórunn Arna Kristjánsdóttir er lærð óperusöngkona en segist vera of mikið fiðrildi til að geta starfað við það. Hún



HIÐ ALRÆMDA INNTÖKUPRÓF

Eftir þrjár tilraunir í hið alræmda inntökupróf leiklistardeildar Listaháskólans komst Tóta inn. Hún viðurkennir að hún hafi verið byrjuð að skipuleggja búferlaflutninga og byrjuð að undirbúa að sækja leiklistarnám annars staðar en Íslandi þegar hún loks komst inn.

Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga.

Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

Trésmíði

Smiður. Get bætt við mig allrahanda smíðavinnu. Viðhald, parket, inréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

Viðgerðir

Vönduð vinnubrögð. Allar almennar húsgagnaviðgerðir. Gústav Óskarsson, húsgagnasmiður. S. 554 3219 & 698 7104.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALLT Í BAKSTURINN Á BETRA VERÐI Í BÓNUS

KJARNA SVESKJUSULTA
400g

BÓNUS GULRÓTARKAKA
898 KR 760g

ODENSE MARSIPAN 500g

EUROSHOPPER PIZZU / BÖKUNARPAPPÍR (38 x 42sm) 24 ARKIR **159 KR.**

50% MEIRA MAGN

FILIPPO BERIO
ÓLÍFUOLÍA 500ml
+50% MEIRA MAGN
TAKMARKAÐ FRAMBOÐ
2000 FLÖSKUR Í BOÐI
498 KR.

KATLA: GLASSÚR Í LITUM 150g

KÓKOSOLÍA 200g



BÓNUS SUÐUSÚKKULAÐI 70% 100g

RICHFOOD SÚKKULAÐIBITA SMÁKÖKUDEIG 467g

KATLA/BÓNUS
PÚÐURSYKUR 1.2 kg

KATLA: LYFTIDUFT 200g

NÓA/SÍRÍUS SÚKKULAÐIDROPAR
LJÓSIR OG DÖKKIR 150g

HEIMA DÖÐLUR 500g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS KJARNABRAUÐ
159 KR 500g

Robin klementínur 2,3 KG
Toppurinn í klementínunum

BÓNUS NÝBKAÐIR KORNKUBBAR
198 KR 4 STK

HOLLENSK NÝ PAPRIKKA:
GUL-GRÆN-RAUÐ 380g.

AKURSEL: LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR 500g

BÓNUS SYRÐUR RJÓMI
10% & 18% 185ML

NV FERSKT NAUTAHAKK

BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR

BÓNUS:
JÓLAPIPARKÖKUR
500g

Jóla serviettur
DUNI 33 SM 20 STK.
298 KR.

ÓDÝRUSTU ***PIZZUNA*** GERIR ÞÚ SJÁLFUR HEIMA !

FERSKT PIZZADEIG 400g **259 kr.**
PIZZU SKINKA 125g **98 kr.**

BOLSÍUS KUBBAKERTIN
20sm RAUÐ/HVÍT
398 KR STK.

SÚKKULAÐI
JÓLADAGATAL
195 KR STK.

BÓNUS **KONFEKT 700g**

NÓA **KONFEKT 650g**

MACKINTOSH ***2 KG DÓS***
QUALITY STREET

DUNI STERIN KERTI
10 STK. RAUÐ / HVÍT

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

KEYPT & SELT

Til sölu

Glæsilegt Bohemia kristall ljósakrónur, vegljós til sölu. Bohemia Kristall, Glæsibær. Nýtt jóla sendingar eru komin. S. 571 2300.

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18.

Tékkneskar og Slóvanskar kristal ljósakrónur Mikið úrval. Gott verð. Slóvak Kristall Dalvegur 16 b, 201 Kópavogur s. 5444331

Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystiskápur, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, video, rúm, örbylgjuofn, spennubreytar, bílavarahlutir, dekk. S : 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK Sími: 5520110 www.pon.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole bode massage 841 8529.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

Chihuahua
Mjög fallegir, Chihuahua hvolpar tilb. til afhendingar gott verð, uppl í s: 8978848

Labradorhvolpar
Hrfí. draumheimaræktun ótrúlega fallegir og blíðir, tilbúnir til afhendingar. Sími 695 9597/482 4010.

6 mánaða Pabilon hundur fæst gefins vegna breyttra heimilis aðstæðna. Aðeins gott heimili kemur til greina. Uppl. S. 863 2105.

Silky terrier hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 694 9736.

Westie hvolpur til sölu. Tilbúinn til afhendingar. Sími 8972 256.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Í jólapakkann.
Hjálmar frá kr. 17.050
Hestar og menn.
Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leigumiðlun-Leigumiðlun
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

STAY APARTMENTS - VIKULEIGA
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

3. herb íbúð til leigu í 201 Kóp. Einnig herbergi til leigu í Garðabæ. Uppl. í s. 615 7775.

Herbergi við Kringluna og Lund í Svíþjóð öll aðstaða. Uppl. í s. 899 2060 / 499 2072

Herbergi í 101 til leigu laus til 1.maí verð á bilinu 35 - 65þ.m.hit & raf,þráðlaust internet og lágmarkshúsgögn. Misstór herb. besti staður í bænum uppl: 893 0174 / info@argesthouse.is

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 200 fm iðnaðarhús í Garðabæ með skrifst.og stórri innkeyrsluhurð. s. 6601704.

Tilboð

Eigum til sýningarvélar á frábæru tilboði

MiniMax LAB 300N
Alsambyggð vél - Álsleði - Hallandi blað - Fyrirskeri
3 Motorara - 3hö
Tilboðsverð: 850.000.- m/vsk

MiniMax ST3 W sbs
Sög og fræsari - Hallanl. blað. Hallanl. fræsispindill - Álsleði
2 Motorar - 5 hö
Tilboðsverð 830.000 m/vsk

MiniMax C26 Genius
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallanlegt blað - Einnota hefiltennur
Tilboðsverð 670.000 m/vsk

Sjá nánar á Idnvelar.is
Sagarblöð/verkfæri/loftpressur/lím/járnsmíðavélar
Þjónusta við allar gerðir iðnaðarvéla.

IÐNVÉLAR
SMIÐJUVEGI 44-46 • KÓPAVOGI • S: 414 2700 • Fax: 414 2701

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR AUSTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 16 stöðum á Austurlandi og 120 stöðum um land allt.

Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Bónus, Egilsstöðum
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Samkaup Úrval, Egilsstöðum
Samkaup strax, Seyðisfirði
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Krónan, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Samkaup Strax, Eskifirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
Samkaup Úrval, Neskaupstað
Samkaup Strax, Fáskrúðsfirði
N1, Höfn
Nettó, Höfn
Olís, Höfn

Allt sem þú þarft...

Til leigu

TIL LEIGU 280m²

Verslunar og skrifstofuhúsnæði
á horni Grensásvegar og Miklubraut
(Jarðhæð)

Nánari upplýsingar veittar í síma:

588 5523

Netfang: hreyfill@hreyfill.is

HREYFILL

Tilkynningar

Opið hús á Grensásdeild

laugardaginn 20. nóvember kl. 13.00 - 16.00

Verið velkomin á Grensásdeildina við Álmgerði.
Starfsemin kynnt.

Ýmsar heilsumælingar í boði.Tónlist, kaffi og vöfflur.
Húsið opnar kl 13.

Kl. 13:15 Sýnd notkun loftlyftara

Kl. 13:30 Tónlist: Hljómsveitin Silfurberg

Kl. 14:00 Kynning á gönguhermi, tölvustýrðri armþjálfun og hjólastólaleikni

Kl. 15:00 Sýnd notkun loftlyftara og hjólastólaleikni

Kl. 15:30 Tónlist: Ingó og Jóhanna Guðrún.

Kl. 15-16 Listmálun: Edda Heiðrún Backman

Allir velkomnir - Hollvinir Grensásdeildar.

Skipulags stofnun

Axarvegur (939), Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn Mat á umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um lagningu Axarvegar og breytingar á Hringvegi í Skriðdal og um Berufjarðarbotn á Fljótsdalshéraði og í Djúpavogshreppi. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **19. nóvember 2010 til 7. janúar 2011** á skrifstofum Fljótsdalshéraðs og Djupavogshrepps og á bókasafni Hérðaðsbúa á Egilsstöðum. Einnig í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á eftirtöldum heimasíðum: www. vegagerdin.is

Allir hafa rétt á að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **7. janúar 2011** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Vegagerðin mun standa fyrir opnum húsum á Hótel Framtíð á Djúpavogi **þriðjudaginn 7. desember kl. 17:00-19:00** og á Hótel Héraði á Egilsstöðum **miðvikudaginn 8. desember kl. 17:00-19:00** þar sem framkvæmdin og mat á umhverfisáhrifum hennar verða kynnt og eru allir velkomnir.

Skipulagsstofnun

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Gisting

Akureyri-veturinn er kominn! Fríið þitt á frábærum stað. www.innrikraftur.is eða 846 2692.

ATVINNA

Atvinna í boði

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ

Öryggisverðir óskast til starfa.
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund & hreint sakarvottorð. Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. 115.is

Stýrimann og yfirvélstjóra vantar á Surprise Hf8 sem stundar lúðuveiðar uppl. 8935590/8216664

Óskum eftir starfsmanni í ræstingu. C.a 3-4 tímar á dag fyrir hádegi. Uppl. í s. 899 1965

Vantar duglega og ábyrgan starfskraft í fullt starf á veitingastað í 101 uppl: 844 - 0237.

Háseti óskast
Háseta vanan netavefun vantar strax á Mörtu Ágústsdóttir GK 14 frá Grindavík. S. 894 2013 & 426 8286.

HEIMAKYNNINGAR
Vantar þig pening og frjálsan vinnutíma? Okkur vantar gott fólk til að starfa við heimakynningar á kvöldin og um helgar. Góð tölud íslenska algjört skilyrði. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar í síma 517-8000 eða á golfefnaval@golfefnaval.is

Stýrimaður á háseti óskast á M/B Guðrún Guðlaugsdóttur. Áhugasamir hafi samband við skipstjóran í síma 894 5125

Óska eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Uppl. í s. 690 1245.

Atvinna óskast

Er að bjóða fram aðstoð mínum á heimilum í t.d. þrif og eldamennsku. Kem t.d. á heimili, hótel, skóla eða fyrirtæki. S. 844 1960.

Viðskiptatækifæri

Vantar þig fríar jólagjafir. Ég kem til þín (austfirðir) og held kynningu á LR vörum. Míla sími 483 1808,692 6756 milahalli@simnet.is

Atvinna

Rekstrartækifæri í Egilshöll

Um 4-6 þúsund einstaklingar koma daglega í Egilshöll og þar opnum við markaðstorg í nóvember og desember.

Fáir fermetrar eða hundruðir, þitt er valið.
jólavörur-vetrarvörur-leikföng-heilsuvörur-gjafavörur ofl

Sjá nánar á:
www.egilshollin.is/basar

EGILSHÖLLIN

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Lífspekifélagið

Í kvöld, föstudaginn 19. nóvember kl.20:30 heldur Markús Andri Gordon Wilde erindi: Um eðli tímans í húsi félagsins Ingólfsstræti 22

Laugardaginn 20. nóv. kl. 14:00 er hugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30: Halldór Haraldsson heldur erindi með tóndæmum: 200 ár frá fæðingu Schumann.

Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.

www.lifspekifelagid.is

Einkamál

Spjalldömur 908 1818
Hæ strákar hringið í okkur. Opið þegar ykkur langar.

Hress og kát kona á miðjum aldri vill kynnast karlmanni með ferðalag erlendis í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8798.

Flottasta myndin - samkeppni Ljósmyndasamkeppni hefur hafist á kanínunni og eru verðlaun á bilinu kr. 50.000 - 200.000 í boði fyrir stigahæstu ljósmyndina í hverjum flokk. Pátttaka í keppninni er ókeypis en skoðun mynda í keppnisalbúmum + einkunnagjöf er bundin áskrift. PurpleRabbit.eu.

Ókeypis einkaspjall Einkaspjallið er frítt hjá öllum notendum kanínunnar. Textaspjall + „full screen" videóspjall m/hljóði (hugbúnaður frá Flashcoms.com). Samskiptin eru heit á PurpleRabbit.eu.

Spennandi vídeó íslenskra kvenna óskast
Samskiptavefurinn PurpleRabbit.eu vill kaupa spennandi myndskeið hugguleg íslenzkra kvenna til birtingar á vef sínum. Allar nánari upplýsingar á PurpleRabbit.eu.

Ný upptaka! Falleg kona og mjög örvuð, nýsnyrt og nýkomin úr baði, leikur sér af mikilli nautn. Hámarkið er magnað. Þú heyrir þessa nýjustu upptöku og ríflega 500 aðrar hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8862.

Konur í ævintýraleit! Rauða Torgið Stefnumót kemur þér í samband við rétta karlmanninn. Þú auglýsir frítt í s. 555-4321 og auglýsingin birtist samstundis.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8780.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Til góðra verka í 135 ár

Thorvaldsensfélagið var stofnað þennan dag árið 1875 af 24 ungum konum í Reykjavík. Dagurinn er jafnframt fæðingardagur myndhöggvarans Bertels Thorvaldsen og á þessum degi árið 1874 var afhjúpað koparlíkneski af myndhöggvaranum, gjöf borgarstjórnar Kaupmannahafnar til Íslendinga, á Austurvelli. Stúlkurnar sáu um að skreyta Austurvöll og varð sú samvinna þeirra til þess að þær stofnuðu Thorvaldsensfélagið.

„Markmið félagsins í upphafi var að aðstoða fátækar fjölskyldur og einnig að veita ungum stúlkum menntun," útskýrir Kristín Zoëga, formaður félagsins, en fyrstu 25 árin rak félagið sunnudagaskóla fyrir stúlkur. Í dag styður Thorvaldsensfélagið aðallega sjúk börn og þá sem minna mega sín.

„Af tilefni 135 ára afmælisins styrkjum við skóla Hjallastefnunnar fyrir einhverf börn sem stofnaður var nú í haust. Félagið hefur stutt mörg málefni gegnum árin, setti á fót vöggustofuna á Sunnutorgi á sínum tíma og studdi barnadeildina á Landakotsspítalanum, svo eitthvað sé nefnt. En yfirleitt viljum við gera þessa hluti í hljóði."

Thorvaldsensbazarinn að Austurstræti hefur verið starfræktur frá 1904. Þar eru seldar nytsamar hannyrðir og minjagripir en ásamt rekstri Thorvaldsensbazars er sala jólamerkja og jólakorta aðalfjáröflun félagsins. Í ár prýðir mynd Kolbrúnar S. Kjarval jólamerkin og jólakortin.

THORVALDSENSFÉLAGIÐ 135 ÁRA Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir, Þorgerður Jónsdóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Kristín Zoëga og Lára Margrét Gísladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásgeir Þór Árnason, Soffía Hilmarsdóttir frá Víkingi, Sveinn Guðmundsson og Guðmundur Bjarnason. MYND/HJARTAHEILL

Hjartabikarinn veittur

Íþróttafélagið Víkingur hlaut Hjartabikarinn í ár fyrir góða frammistöðu í merkjasölu Landssöfnunar Hjartaheillar, sem fram fór í september síðastliðnum.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga nutu aðstoðar nokkurra íþróttafélaga við merkjasöluna en ágóði söfnunarinnar rennur til eflingar styrktarsjóðs samtakanna, sem styðja meðal annars tækjakaup á spítalana.

„Hjartasjúkdómurinn er langstærsti sjúkdómurinn á Íslandi sem leggur fólk á velli á öllum aldri. Annar hver Íslendingur deyr úr hjarta-og æðasjúkdómum," segir í fréttatilkynningu samtakanna. Styrktarsjóðurinn styður einnig við fjölskyldur hjartasjúklinga sem þurfa að vera burt frá heimili sínu þegar hjartasjúklingar eru í aðgerð heima eða erlendis.

- rat

JÓLASVEINN Jólaskraut verður meðal söluvarnings.

Jólamarkaður

Opið hús verður í MS Setrinu að Sléttuvegi 5 á morgun, laugardaginn 20. nóvember milli klukkan 13 og 16.

Munir sem fastir, daglegir gestir á vinnustofunni hafa unnið, verða seldir til ágóða fyrir félagsstarfið. Þar má nefna glermuni, leir, skart, prjónles og viðarvörur og hin einföldu en vinsælu kreppujólatré. Úrvalið er mikið í ár og verðinu stillt í hóf. Einnig er boðið upp á súkkulaði og rjómavöfflur á 500 krónur.

Handverkssalan er orðin að föstum viðburði, að sögn Önnu Maríu Harðardóttur listmeðferðarfræðings sem á von á mörgum gestum á morgun til að kaupa ódýrar en um leið sniðugar jólagjafir. **- gun**

krossgáta



LÁRÉTT
2. mergð, **6.** þys, **8.** árkvíslir, **9.** gerast, **11.** tveir eins, **12.** skjálfa, **14.** steinteg-und, **16.** klafi, **17.** aska, **18.** við, **20.** bókstafur, **21.** dóms.

LÓÐRÉTT
1. löngun, **3.** á fæti, **4.** plöntuteg-und, **5.** þunnur vökvi, **7.** möttull, **10.** skammstöfun, **13.** fljótfærni, **15.** bak-hluti, **16.** mælieining, **19.** snæddi.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ótal, **6.** ys, **8.** ála, **9.** ske, **11.** pp, **12.** titra, **14.** kvars, **16.** ok, **17.** sót, **18.** hjá, **20.** sé, **21.** mats.
LÓÐRÉTT: 1. lyst, **3.** tá, **4.** alparós, **5.** lap, **7.** skikkja, **10.** etv, **13.** ras, **15.** stél, **16.** ohm, **19.** át.

Leikskólinn okkar

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

ÞEGAR við stóðum frammi fyrir því fjölskyldan að sækja um leikskóla í fyrsta sinn ákváðum við að gera könnun á ánægju foreldra með leikskóla almennt. Fyrr en varði stóð ég í stórum hópi foreldra sem ræddu leikskóla barna sinna fram og aftur og töldu upp kosti og galla. Gallarnir voru reyndar hverfandi og í raun voru þetta hálfgerðar söluræður þar sem foreldrin reyndu hvert um annað þvert að sannfæra mig um að mínu barni væri best borgið á leikskólanum þar sem þeirra börn voru.

FORELDRUNUM var enginn persónulegur hagur í því að barnið mitt færi á sama leikskóla og börnin þeirra. Þau voru bara svo ánægð með að fá loksins tækifæri til að hrósa því sem vel var gert og lýsa hamingju sinni með staðinn þar sem börnin okkar allra dvelja átta tíma á dag.

AF þessari mjög svo óformlegu könnun dró ég þá ályktun að langflestir foreldrar væru yfir sig ánægðir með leikskóla barnanna sinna.

DÆTUR mínar enduðu svo á frábærum leikskóla þar sem sumt starfsfólk hefur verið áratugum saman og hinn góði starfsandi skilar sér beint í vellíðan barnanna. Og það er það sem skiptir máli. Að börnum líði vel.

BÖRN sem líður vel verða að sjálfsöruggu og skapandi fólki, sem skilar samfélaginu öllu því sem fjárfest var í æsku þeirra og meira til. Það sem skapar góðan leikskóla er ánægt starfsfólk sem vinnur saman að þessu sameiginlega markmiði.

LYKILATRIÐI í góðum starfsanda er góður og virkur yfirmaður. Leikskólastjóri er miklu meira en skrifstofuliði sem fyllir út eyðublöð og heldur utan um kostnaðaráætlanir. Leikskólastjórar ganga inn á allar deildir ef starfsfólk vantar og koma jafnvel í veg fyrir að þurfi að senda börn heim vegna veikinda. Þeir skúra gólf, þvo þvotta, skrifa skýrslur, tala við foreldra, elda mat, þvo hendur og snýta. Góður leikskólastjóri þekkir börnin, og foreldrana og er jafnfær um að hlúa að öllum og slá þannig litla, persónulega skjaldborg um barnafjölskyldur.

FRAMMI liggja tillögur hjá Reykjavíkurborg um að sameina yfirstjórn leikskóla í sparnaðar- og hagræðingarskyni. Það á að skipta virka leikskólastjóranum út fyrir framkvæmdastjóra sem hefur á sinni könnu ópersónulegan rekstur nokkurra eininga á vegum borgarinnar.

ÉG held að það skili engu nema verri leikskóla. Og verri leikskólar skila óhamingjusamari fjölskyldum. Það er lítill sparnaður í því.

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað
alla laugardaga

HALLÆRISLEGAR OG SMART PRINSESSUR

TÍSKUVIT FYLGIR EKKI ALLTAF TITLINUM

Meðal annars efnis:

MEÐ DJÖFULINN Í EFTIRDRAGI
FÓTBOLTAHETJAN PAUL MCGRATH GLÍMDI BÆÐI VIÐ ALKÓHÓLISMA OG ÞUNGLYNDI

KOFFÍNIÐ HRESSIR ALLS EKKI
PRÓFESSORINN JACK JAMES HEFUR RANNSAKAÐ ÁHRIF KOFFÍNS Í ÞAULA

HEIMAKÆR BADMINTONSTJARNA
RAGNA INGÓLFSDÓTTIR STEFNIR HÁTT

Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Parker er bandarískur Terry

Eva Longoria hélt því fram fullum fetum við blaðakonu Extra, Mario Lopez, að eiginmaður hennar, hinn franski Tony Parker, hefði haldið við eiginkonu liðsfélaga hans í San Antonio Spurs. Eva hefur nú sótt um skilnað frá Parker og óskar eftir framfærslu frá NBA-leikmanninum.

Samband Parkers og Longoria hefur hingað til verið talið nokkuð traust en Lopez, sem er vinkona Longoria, upplýsir að svo hafi ekki alltaf verið, Parker hafi til að mynda haldið framhjá eiginkonu sinni þegar þau voru nýgift. „Longoria komst að því og þau ákváðu að vinna út úr sínum vandamálum. Vandinn var sá að Parker hélt áfram að halda sambandi við viðhaldið á Facebook," segir Lopez. Dropinn sem fyllti mælinn var skilaboð sem Longoria komst yfir og innihéldu innileg orð milli Parker og viðhaldsins.

Tony Parker er ekki fyrsti íþróttamaðurinn sem kemst í fréttirnar fyrir lauslæti og er saga hans átakanlega lík sögu Johns Terry, fyrirliða enska knattspyrnuliðsins Chelsea. Terry stakk undan liðsfélaga sínum, Wayne Bridge, þegar þeir voru báðir leikmenn Chelsea.

Í VONDUM MÁLUM Körfuboltakappinn Tony Parker gæti verið í vondum málum eftir að eiginkona hans, Eva Longoria, upplýsti að hann hefði haldið við eiginkonu liðsfélaga síns hjá San Antonio Spurs.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Hall ver bókina sína

Jerry Hall segist ekki sjá eftir því að hafa gefið út bókina Jerry Hall: My Life in Pictures sem skartar myndum af henni og fyrrverandi eiginmanni hennar, Mick Jagger, í tilhugalífinu. Hall og Jagger voru gift í níu ár og eignuðust saman fjögur börn.

Hall segist hafa viljað gefa bókina út til að leyfa börnunum sínum að sjá að þau voru getin af ást. „Þegar þú skilur sjá börnin ekki foreldra sína saman en ég vildi leyfa þeim að sjá að við áttum margar mjög góðar stundir saman," sagði Hall í samtali við breska spjallþáttinn Loose Women.

ÁST Jerry Hall vildi sýna börnunum sínum að hún og Jagger hefðu eitt sinn verið ástfangin.

ÁTJÁN Miley Cyrus verður átján ára á þriðjudaginn og ætlar að halda upp á þau tímamót með frægu vinunum sínum.

Stór tímamót hjá Miley litlu

Miley Cyrus hlýtur að hlakka feikilega mikið til næstu viku. Hún verður viðstödd The American Music Award á sunnudeginum en á þriðjudeginum verður hún svo átján ára. Miley segist reyndar ekki ætla að bjóða í neitt brjálað partí heldur kjósi hún frekar að eyða deginum í félagsskap náinna vina og fjölskyldu. „Sem betur fer eru verðlaunin þarna á sunnudeginum en ekki þriðjudeginum því þá geta allir vinir mínir verið með mér á afmælisdeginum og við getum glaðst saman yfir þessum tímamótum," segir Miley.

MICHAEL DOUGLAS Leikarinn ætlar í árs frí með fjölskyldunni sinni.

Vill ferðast um heiminn

Leikarinn Michael Douglas ætlar að taka sér eins árs frí frá kvikmyndaleik og ferðast um heiminn með fjölskyldunni sinni. Douglas lauk nýverið meðferð vegna krabbameins í hálsi og undirbýr nú næstu skref í lífinu. „Þegar við erum komin í gegnum þetta erum við Catherine [Zeta Jones] að spá í að taka eins árs frí fyrir börnin í skólanum og ferðast um heiminn. Það væri gaman að heimsækja Nýja-Sjáland og eyða tíma í Suður-Afríku," sagði hann. „Framvegis ætla ég að eyða öllum mínum tíma í mína nánustu fjölskyldu."

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

FRÁ 29. OKT. TIL 21. NÓV.

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR, HLJÓÐBÓKA OG DVD MYNDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10 – 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

HLEMMUR Í MYNDUM Ljósmyndasýningin Hlemmur eftir Helga Halldórsson var opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu í gær. Sýningin gefur innsýn í daglegt líf farþega, fastagesta og starfsfólks á Hlemmi.

Tónlist ★★★★

Goldberg-tilbrigðin eftir Bach
Kammermúsíkklúbburinn

Ekki svefnlyf, heldur örvandi

Ein ógeðfelldasta senan í kvikmyndinni Lömbin þagna sýnir mannætuna Hannibal þar sem hann er nýbúinn að myrða tvo lögregluþjóna. Líkin af þeim liggja á gólfinu og það flýtur allt í blóði. Hannibal stendur yfir þeim dreymandi á svipinn og er að hlusta á upphafið að Goldberg-tilbrigðunum eftir Bach.

Senan í myndinni er gott dæmi um það sem kallað hefur verið „kontrapunktur hins heyranlega og sýnilega" (audio/visual counterpoint). Tónlistin er þarna í öfugu samhengi við það sem áheyrandinn sér. Þetta er stílbragð í kvikmyndagerð til að draga fram andstæður og gera hið ljóta enn ljótara. Morð verður enn viðbjóðslegra við hliðina á rólegri tónlist Bachs. Það er eitt að fremja morð en annað að fremja morð og hlusta svo á guðdómlega músík yfir líkunum.

Kannski er það þó engin tilviljun að Hannibal hefur svona miklar mætur á Goldberg-tilbrigðunum. Hann er brjálaður, en hann er líka geðlæknir og Bach hugsaði einmitt tilbrigðin sem nokkurs konar geðlyf. Þau voru jú samin að beiðni greifa nokkurs sem þjáðist af svefnleysi. Nemandi Bachs, Goldberg að nafni, bjó hjá greifanum og átti hann að stytta greifanum andvökustundirnar, og jafnvel spila hann í svefn með tilbrigðunum.

Sem svefnlyf eru Goldberg-tilbrigðin misheppnuð. Þau eru svo lifandi og björt að þau fylla mann gleði, ekki svefnhöfgi. Sérstaklega þegar þau eru leikin eins og í Kammermúsíkklúbbnum í Bústaðakirkju á sunnudaginn var. Þau Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari spiluðu. Upphaflega voru tilbrigðin skrifuð fyrir sembal en eru sennilega oftar leikin á píanó í dag. Hér voru þau flutt í útsetningu rússneska fiðluleikarans Dmitrys Sitkovetsky.

Segjast verður eins og er að þetta er frábær útsetning. Hún er alveg laus við tilgerð. Mismunandi hliðar tónlistarinnar koma út eins og maður þekkir þær. Samt eru blæbrigðin og litir skýrari – og afmarkaðri. Hinar fjölmörgu raddir fá allar að njóta sín í strengjaumgjörðinni, þær hafa meira rými, það fer betur um þær á einhvern undarlegan hátt.

Þremenningarnir spiluðu af aðdáunarverðri festu og aga, en samt var túlkunin fjörug og spennandi. Hvergi var dauður punktur í leiknum. Margbreytilegt tónmálið var stílhreint og fallega mótað af hópnum. Þetta var ekki svefnlyf, heldur örvandi efni!

Á undan var tríó op. 9 nr. 3 eftir Beethoven. Það kom yfirleitt vel út. Stundum örlaði á smá óöryggi. En Goldberg-tilbrigðin á eftir voru svo skemmtileg að það fyrirgafst auðveldlega.

Jónas Sen

Niðurstaða: Glæsilegur flutningur á Goldberg-tilbrigðum Bachs í strengjaútsetningu verður lengi í minnum hafður.

GYRÐIR ELÍASSON „Þú þarft ekki nema nokkrar setningar til að átta þig á að þú ert að lesa bók eftir Gyrði," segir Guðmundur Andri Thorsson, sem skrifar grein um tónlist í verkum skáldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sagnaveröld Gyrðis kortlögð

Okkurgulur sandur nefnist safn tíu nýrra ritgerða og greina eftir jafn marga höfunda, sem allar fjalla um verk Gyrðis Elíassonar frá ólíkum sjónarhornum.

OKKURGULUR SANDUR
Höfundar greina: Fríða Björk Ingvarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Halldór Guðmundsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hermann Stefánsson, Ingunn Snædal, Jón Kalman Stefánsson, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sveinn Yngvi Egilsson.
Ritstjóri: Magnús Sigurðsson.

„Það má segja að þetta sé eins konar tilraun til að kortleggja skáldskap Gyrðis í samtímanum," segir Kristján Kristjánsson, útgefandi hjá Uppheimum, um Okkurgulan sand. Hann segir hugmyndina að bókinni hafa komið frá ritstjóra hennar, Magnúsi Sigurðssyni.

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

„Hann stýrði þessari bók af mikilli röggsemi og fékk höfunda til liðs við sig til að sýna fjölbreytileikann í skáldskap Gyrðis og rekja meginlínurnar í honum, hvern með sínum hætti."

Efni ritgerðanna er fjölbreytt enda spannar skáldskapur Gyrðis vítt svið; ljóð, smásögur, skáldsögur, þýðingar og sendibréf. „Halldór Guðmundsson, gamli útgefandinn hans Gyrðis, bendir til dæmis á í grein sinni að hann hefur verið ötull bréfritari og rýnir í hvernig Gyrðir skrifar sendibréf."

Guðmundur Andri Thorsson er í hópi greinahöfunda í bókinni. Grein hans, Tónarnir berast orðtengdir, fjallar um tónlist í verkum Gyrðis.

„Það er mjög mikið um vísanir í tónlist," segir Guðmundur Andri. „Það er verið að spila músík í öllum hans sögum og ég fer aðeins yfir það. Svo náttúrulega er stíll hans tónlist. Ég reyni að lýsa því sem og hvaða hlutverki tónlistin gegnir í sögunum hams."

Þeir sem hafa orðið handgengnir verkum Gyrðis í gegnum tíðina, verða gjarnan eindregnir „Gyrðismenn". Er einhver sérstök skýring á því?

„Þú þarft ekki nema nokkrar setningar til að átta þig á að þú ert að lesa sögu eftir Gyrði. Um leið stígurðu inn í ákveðinn sagnaheim, sem hann hefur búið til, algjörlega einn. Það held ég að sé skýringin á því af hverju hann er svona ástsæll.

Hins vegar held ég það sé líka dálítið vanmetið, sem Hermann Stefánsson kemur inn á í merkilegri grein, hversu mikið Gyrðir hefur breyst á undanförnum árum; hvað seinni bækurnar eru frábrugðnar þeim fyrri. Á yfirborðinu virðist þetta allt dálítið lygnt, en það hefur orðið grundvallarbreyting."

bergsteinn@frettabladid.is

Upphafið að aðventunni

Árvissir góðgerðatónleikar Íslandsdeildar góðgerðasamtakanna Caritas verða haldnir á sunnudag og mun ágóðinnn renna til styrktar Mæðrastyrksnefnd. „Efnisskráin spannar mjög vítt svið, en hún nær allt frá endurreisnartímanum til dagsins í dag," segir Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas. „Það gefa allir listamenn sem koma fram vinnu sína, en meðal þeirra sem taka þátt eru Kristján Jóhannsson sem fann sér tíma til að vera með okkur þó að hann hafi afar mikið að gera. Fyrir það erum við þakklát."

Fjölmargir aðrir listamenn koma fram og má þar nefna Huldu Björk Garðarsdóttur sópransöngkonu, Gunnar Kvaran sellóleikara og Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara.

„Þetta er í 18. sinn sem við höldum góðgerðatónleika við upphaf jólaundirbúningsins og fyrir marga marka þeir upphafið að aðventunni," segir Sigríður sem bendir á að miðaverði hafi mjög verið stillt í hóf, en aðgangseyrinn er 3.000 krónur. Tónleikarnir eru í Kristskirkju Landakoti og hefjast klukkan fjögur.

KRISTJÁN JÓHANNSSON Á meðal þeirra sem koma fram á góðgerðatónleikum Caritas til styrktar Mæðrastyrksnefnd.

- sbt



Alþjóðleg viðurkenning fyrir íslensk gæði

Oddi hlýtur Premier Print Awards viðurkenningu árið 2010 fyrir prentun á tveimur bókum sem prentaðar voru fyrir Ameríkumarkað

ODDI P10.06.885

Oddi er umhverfisvottuð prentsmiðja.
Norræna umhverfismerkið Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna.

Oddi er handhafi Kuðungsins
umhverfisverðlauna Umhverfisráðuneytisins fyrir árið 2009

Prentun frá A til Ö

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7. 110 Reykjavík. Sími 515 5000. www.oddi.is

Heimatilbúið, viðgert og notað

Þjóðminjasafn Íslands vinnur nú að söfnun heimilda um heimatilbúið, viðgert og notað. Búin hefur verið til sérstök spurningaskrá til að kanna hvort og í hvaða mæli fólk gerir við búshluti, fatnað eða annað heima hjá sér, hvað það býr til sjálft og hversu mikið það notar hlutina eða endurnýtir.

„Við erum að spyrja vítt og breitt út í það sem kannski má kalla einhvers konar sjálfsþurft," segir Ágúst Ó. Georgsson, fagstjóri Þjóðháttasafns. „Hvort fólk endurnýti hlutina, skipti um dekk, baki brauð, taki slátur, búi til sín eigin jólakort og svo framvegis. Margir hafa á tilfinningunni að Ísland sé einnota land, þar sem því gamla er einfaldlega hent og eitthvað nýtt keypt í staðinn. En það er einmitt það sem við erum að reyna að fiska eftir með þessari spurningaskrá."

ÁGÚST Ó. GEORGSSON

Tilefni heimildasöfnunarinnar er sýning um sama efni sem haldin verður í Þjóðminjasafninu eftir áramót.

„Það er forvitnilegt að komast að því hvernig þetta hefur breyst í gegnum árin og hvort kreppan hafi haft áhrif á þessa þróun. Eftir hrun," segir Ágúst, sem vonast til að með þessu móti verði unnt að varðveita mikilvæga þekkingu sem annars er hætt við að fari forgörðum.

Ágúst hvetur fólk til að leggja heimildasöfnunni lið. Hægt er að nálgast spurningaskrána á heimasíðu safnsins, thjodminjasafn.is, eða hringja beint í safnið. - bs

GAMALT OG GOTT Góði hirðirinn, nytjamarkaður Sorpu, er í hópi þeirra staða þar sem hægt er að kaupa notuð húsgögn og búsáhöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bækur ★★★

Önnur líf

Ævar Örn Jósepsson

Uppheimar

Af skunkum og svörtum englum

Löggugengið úr bókum Ævars Arnar, þau Stefán, Katrín, Árni og Guðni, er löngu orðið heimilisvinir flestra Íslendinga, ekki síst eftir sjónvarpsþáttaraðirnar eftir fyrstu bókunum tveimur. Hér eru þau mætt í sjöttu sögunni og hafa þróast hvert í sína áttina eins og fólk gerir. Árni orðinn hamingjusamur úthverfaplebbi með konu og tvö börn, Katrín einstæð móðir tveggja unglinga í Hvassaleitinu, Stefán í þunglyndi eftir konumissi og Guðni á góðri leið með að drekka sig í hel. Ekki beysin uppskrift að rannsóknarteymi, en auðvitað finna þau lausn gátunnar, þótt mikið gangi á og áföllin læði sér inn í þeirra eigin raðir.

Málið sem þau fást við hér, brútalt morð á ungri konu, er ógeðfellt með eindæmum, ekki síst þar sem sama stúlkan hafði orðið fyrir hrottalegri hópnauðgun rúmu ári áður. Óhugnaðurinn vex enn við það að stúlkan er frænka Katrínar og fyrrverandi barnfóstra og Katrín því í raun beggja vegna borðsins, bæði rannsóknaraðili og aðstandandi. Inn í söguna fléttast búsáhaldabyltingin í janúar 2009 og árekstur anarkistanna á Austurvelli og máttarstólpa þjóðfélagsins, dópsala Lalla feita, ungbarnasund og uppgerð á Landrover, svo fátt eitt sé nefnt. Úr verður spennandi saga sem rígheldur athygli lesandans, vekur til umhugsunar og kemur sífellt á óvart. Annað málið sem löggurnar glíma við og splundrar hópnum er þó óleyst í bókarlok svo lesendur geta strax farið að láta sig hlakka til næstu sögu í beinu framhaldi.

Sagan flakkar fram og aftur í tíma, byrjar í maí 2010, fer síðan aftur til janúar 2009 og lýkur í október 2010. Þannig gefst lesendum færi á að kynnast fórnarlambinu og aðstæðum þess betur en oft gerist í sakamálasögum og láta sig því örlög hennar meiru varða.

Ævar Örn er flinkur krimmahöfundur, byggir sögurnar vel, kynnir bæði fórnarlömb og löggur í þaula af nægum mannskilningi, er gagnrýnin á samfélagið og skrifar betri og eðlilegri samtöl en nokkur annar íslenskur höfundur. Glæpamennirnir fá meira að segja oft eigin rödd, þótt samúðin með þeim sé eðlilega af skornum skammti og persónulýsingarnar því meira einhliða.

Önnur líf sver sig í ætt fyrri bóka Ævars Arnar, en ástæðan fyrir nauðguninni þykir mér dálítið ótrúverðug og skemma annars flott plott. Engu að síður er sagan fínasta glæpasaga, spennan byggð upp jafnt og þétt eins og vera ber og lausn gátunnar langt frá því augljós. Svo ekki sé nú minnst á hversu gaman það er að viðhalda kynnunum við gengið á Hverfisgötunni.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Fínn krimmi með flottu plotti og góðri persónusköpun. Rígheldur athygli lesandans, vekur til umhugsunar og kemur á óvart.

LÆGRA VERÐ!

Á ÖLLUM JÓLABÓKUM ALLA DAGA - ALLTAF

YFIR 700 NÝIR TITLAR

3.899

3.849

3.799



4.599

3.869

3.799

3.789

2.679

3.788

LAGERSALA

Í FULLUM GANGI!



VERÐ 199
ÁÐUR 490

VERÐ 499
ÁÐUR 1490

-50%

VERÐ 1999
ÁÐUR 4209

OPIÐ
ALLA VIRKA DAGA FRÁ 10 TIL 18
LAUGARDAGA FRÁ 11 TIL 17
SUNNUDAGA FRÁ 12 TIL 17

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11

Auglýsingin gildir til og með 22.11.10. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Að klípa þjóninn í rassinn

Leikhús ★★★★

Mojito

Höfundur og leikstjóri: Jón Atli Jónasson
Leikarar: Stefán Hallur Stefánsson og Þórir Sæmundsson

JÓN ATLI JÓNASSON Kann orðið listina að lauma heilli kynslóð, heilli sögunarvél vitleysunnar og innihaldsleysi frasanna undir viljann í texta sínum, segir meðal annar í leikdómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Atli Jónasson heldur áfram að safna frösum og afsökunum hrunsins í leikrænar frásagnir. Í leikritinu Mojito, sem frumsýnt var í Tjarnarbíó á miðvikudagskvöldið, fáum við að sjá enn eina birtingarmynd uppeldisfræði góðærisins svokallaða. Í þessari mynd er það fyrirlitningin og innihaldsleysið sem er í fyrirrúmi.

Tveir menn sem greinilega hafa setið í skilanefnd einhvers bankans hittast fyrir tilviljun og fara að rifja upp eitt einstakt fylleri og vesenið sem það orsakaði. Gæti þó verið lýsing á „góðæris"-tímabilinu í heild sinni. Áhorfendum er skipt niður í hópa hvorum megin sviðs þannig að viðbrögð smitast og atburðarásin stendur eins og öxull millum þeirra. Í upphafi skiptast tveir menn á að blanda sér drykki við lítinn bar undir háværum tónum höggvandi teknótónlistar sem lyftir þeim upp í stemningu og hæðir sem partýin verða að gera til þess að kallast góð.

Þessi inngangur er þó nokkuð langur og þegar mennirnir loksins fara að tala saman er öll samkoman komin inn í þessa stemningu. Stefán Hallur Stefánsson leikur skilanefndarmanninn og Þórir Sæmundsson félaga hans sem síðar bregður sér svo í hlutverk Farúks og reyndar fleiri. Farúk er eigandi indversk/pakistanska veitingastaðarins sem ungu mennirnir lögðu undir sig til þess að halda svokallað strákakvöld sem þó breyttist í parakvöld og eru frásagnir af þeim samskiptum vægast sagt smokkfullar af kvenfyrirlitningu. Fyrir utan að í taumlausri gleðinni var staðnum nánast rústað. Glösum stútað og stólar brotnir í spað.

Stefán Hallur fær hér upp í hendurnar karakter og texta sem rýkur af stað og snýst í andhverfu sína í nánast hverju útspili, eins og runa sjálfsmarka. Hver var hann? Líklega guðspjallamaður græðginnar og um leið talsmaður tómhyggjunnar en aðferðin til þess að koma þessari glæsilegu ámátlegu persónu til skila var húmorinn. Allt kom honum á óvart og allt varð honum að afsökunum. Það er ekki laust við að fréttatímar undanfarinna ára sem hafa hljómað í föstum frösum sem í þessu samhengi verði sprenghlægilegir en þó með sorglegum undirtónum.

Þórir Sæmundsson í hlutverki indversk/pakistanska veitingamannsins hélt uppi reisn og fágun og andstæðurnar urðu mjög skýrar. Hann var fulltrúi þeirra sem stóðu á báðum fótum meðan hinn var á stöðugu flugi sem honum sjálfum þótti sérlega fyndið og var sí og æ að skýra út að fyrirlitleg framkoma eins og að klípa þjóna í rassinn eða hella sprútti upp í stúlku til þess að gera hana að sinni væri bara hluti af hans gríni.

Jón Atli teflir hér fram tveimur andstæðum persónum sem báðar segja sögu sína, önnur er sönn en hin líklega ekki lygasaga, en þó tilbúningur. Skemmtunin er sviðsett með þeim aðkeyptu hjálpartækjum sem einkenndi mörg útrásarpartýin, þ.e. hvítu í nös og flottum drykkjum í glös. Allt verður þetta að heita eitthvað, þar með er hægt að setja á það merkimiða. Með því að vera rosalega klár Mojito-blandari, sem skilanefndarmaðurinn stærir sig af, er hann kominn í hæstu hæðir í einhverju. Að þetta eitthvað, er tómt bull, skiptir hvorki hann né aðra úr hans kreðsum máli, meðan á vímunni stendur.

Samspil leikaranna var einstakt og hliðarsporin í frásögninni styrktu myndirnar af andstæðunum. Jón Atli Jónasson leikstýrir hér sjálfur og það er greinilegt að honum farnast það hlutverk mjög vel. Hann kann orðið listina við að lauma heilli kynslóð, heilli sögunarvél vitleysunnar og innihaldsleysi frasanna undir viljann í texta sínum.

Vafalítið munu fleiri vilja kljást við þennan texta og vinna með þessar persónur sem gjarnan væri hægt að þróa áfram í önnur og stærri verk. **Elísabet Brekkan**

Niðurstaða: Flott sýning þar sem flugust á orð og fastir frasar sem svo sannarlega hanga enn í loftinu.

Flytja flautusónötur Bachs

Flautuleikararnir Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardeau flytja sónötur Wilhelms Friedemanns Bach í heild sinni á tónleikum í Hallgrímskirkju á sunnudag.

Tilefnið er að á mánudag verða liðin þrjú hundruð ár frá fæðingu Wilhelms Friedemanns Bach, elsta sonar Johanns Sebastians Bach og Maríu Barböru, en hann er af mörgum talinn sá sona Bachs sem mesta tónlistarhæfileikana hafði. Sónötur hans fyrir tvær flautur eru sérkennilegar og einstæðar tónsmíðar enda hafa flautudúó alla tíð sóst eftir því að hafa þau á valdi sínu.

Mikið jafnræði er milli raddanna og tónlistin tekur oft á sig furðulegar og frumlegar myndir.

Tónleikarnir hefjast í Hallgrímskirkju klukkan 17 á sunnudag,. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.500 krónur en 1.500 krónur fyrir listvini Hallgrímskirkju.

FLYTJENDURNIR Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardeau flytja flautusónötur Bachs í Hallgrímskirkju á sunnudag.

JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR Segir hlut kvenna í jólabókaflóðinu mjög góðan í ár og telur ekki ólíklegt að kona muni hreppa Íslensku bókmenntaverðlaunin að þessu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kellíngabækur í öndvegi í Gerðubergi

Kellíngabækur er heitið á dagskrá sem haldin verður í Gerðubergi á morgun, þar sem kynnt verða verk eftir yfir 40 kvenhöfunda – skáldsögur, ljóðabækur, ævisögur, barnabækur, fræðibækur og kvæðalög. Þetta er þriðja árið í röð sem slík kynning er haldin Gerðubergi og Jónína Leósdóttir, rithöfundur og einn skipuleggjenda dagskrárinnar, lofar fjölbreyttum atriðum.

„Hver höfundur hefur tíu mínútur til að kynna bókina sína og hefur frjálsar hendur um hvernig hann vill gera það," segir hún. „Í fyrra buðu konur sem voru að gefa út matreiðslubók til dæmis upp á bragðprufur meðan aðrar kynntu verkið sitt með tónlist og ég veit af að minnsta kosti af einni sem ætlar að mæta með tenór á morgun."

Kynningin er haldin í samvinnu Gerðubergs og Góuhópsins, sem stendur að Fjöruverðlaununum, bókmenntaverðlaunum kvenna sem veitt eru árlega.

„Við vildum bara búa til vettvang þar sem konur gátu komið og kynnt það sem þær voru að gera," segir Jónína um markmið kynningarinnar. „Þótt hlutfall bóka sé tiltölulega jafnt á milli kynjanna fyrir hver jól er það því miður þannig að það er mun meiri áhersla lögð á bækur eftir karla í allri umfjöllun; þær eru frekar auglýstar, fá meiri umfjöllun, meiri athygli og fleiri verðlaun. Við erum ekki að segja að konur séu endilega betri höfundar en karlar, heldur viljum einfaldlega veita þeim tækifæri til að njóta sín og koma sér á framfæri."

Jónína segir konur koma sterkar inn í jólabókaflóðið í ár.

„Þetta er mjög gott ár fyrir kvenrithöfunda. Ég giska til dæmis á að Gerður Kristný og Kristín Steinsdóttir fái örugglega tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir sín verk og að önnur þeirra hreppi hnossið. Það væri spennandi því hingað til hafa aðeins níu konur unnið til verðlaunanna á móti 34 körlum."

Dagskráin í Gerðubergi hefst klukkan 13 á morgun og standa kynningarnar samfleytt yfir til klukkan 17.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 19. nóvember

Tónleikar

20.00 **Ívar Helgason** verður með útgáfutónleika í **Salnum** Kópavogi í kvöld í tilefni af plötu sinni Jólaljós. Tónleikarnir hefjat kl. 20 og er miðaverð 3.500 krónur.

20.00 Franska rokksveitin **l'Esprit du Clan** spilar ásamt **Changer** og **Agnist** í **Hellingum** í ÞM. Húsið opnar kl. 20 og kostar 1.500 krónur inn. Ekkert aldurstakmark.

21.00 **Hjaltalín** efnir til útgáfutónleika í **Tjarnarbíói** í tilefni af útgáfu nýrrar plötu í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er miðaverð 1.500 krónur.

21.00 **Stella Haux** og vinir halda tónleika í **Alþýðuhúsinu** Vestmannaeyjum í kvöld kl. 21. Ásamt Stellu koma fram **Andrea Gylfa**, **Gæðablóð** og **Fortíðardraugar**.

22.00 Hljómsveitirnar **Endless Dark**, **Sing for me Sandra**, **Reason to Believe** og **Finnegan** spila á **Rokkveislu Faktorý** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og standa fram eftir nóttu. 500 króna aðgangseyrir.

22.00 Hljómsveitin **Sans** flytur nýlega jazz- og grúvtónlist á **Café Rosenberg** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

Upplestur

20.00 **Mímir**, **Ritvélin** og **Torfhildur** í samvinnu við Forlagið standa fyrir árlegum jólabókaupplestri í **Árnagarði**, stofu 201. **Kári Tulinius**, **Kristín Eiríksdóttir** og **Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir** lesa úr verkum sínum frá kl. 20-23.

Opnanir

Spark Design Space að Klapparstíg 33 opnar sýningu í dag undir yfirskriftinni **GJÖF** og er gjafamenning útgangspunktur sýningarinnar. Sýningin stendur til 20. janúar.

Dans

20.30 **Háskóladansinn** stendur fyrir sérstöku **Rock'n'Boogie** danskvöldi á **Bar 46** í tilefni af því að prófin fara að byrja. Spiluð verður ekta Rock'n'Roll og Boogie Woogie tónlist. Danskvöldið hefst kl. 20.30.

Fyrirlestrar

12.00 **Magnfríður Júlíusdóttir**, lektor í mannvistarlandfræði við Háskóla Íslands flytur fyrirlesturinn **„Framtíð hinna dreifðu byggða: Fámenn og harðbýl svæði í stefnu og stuðningi ESB"**. Fyrirlesturinn fer fram á **Háskólatorgi 103** frá kl. 12-13.

12.30 Tíundi fyrirlesturinn í fyrirlestraröðinni **„Eilífðarvélin"** sem Þjóðmálastofnun og EDDA - öndvegissetur standa fyrir verður haldinn í dag. Fyrirlesari er **Giorgio Baruchello** og mun hann fjalla um hagfræði og efnahagslífið frá heimspekilegu sjónarhorni. Fyrirlesturinn er haldinn á **Háskólatorgi 104** og hefst kl. 12.30.

Samkoma

22.00 **Konukvöld Sódómu** verður haldið í kvöld á skemmtistaðnum **Sódómu** að Tryggvagötu 22. Kvöldið hefst kl. 22 og er aðgangseyrir 1.000 krónur. 18 ára aldurstakmark.

22.00 **Ibiza partý** verður haldið á **Kaffistofunni**, að Hverfisgötu 42 í kvöld. Tónlist, dans og ýmsar uppákomur. Húsið opnar kl. 22. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

ERTU HUNDAVINUR?

Heiðrún Villa, höfundur bókarinnar **„Gerðu besta vininn betri"** hefur gefið út fyrsta íslenska hundaþjálfunarmynddiskinn. Diskurinn **„Auðveld leið til árangurs-hundaþjálfun fyrir alla hundaeigendur"** hefur slegið í gegn.

Hundanámskeið heim í stofu, jólagjöf hundaeigandans í ár!

Fæst í öllum helstu verslunum landsins og á www.hundatjalfun.is

Plastprent
LAGERSALA
VEGNA FLUTNINGA

30-70% afsláttur
laugardaginn 20. nóvember

opið frá kl.10 - 16

Heitt á könnunni og kleinur.



Jóla-gjafa pokar, sælgætispokar, ruslapokar, rennilásapokar, bakarípokar, reimaskjóður, vacuumpokar, dósir, einnota vörur, frauðbakkar. o.m.fl.

Yfir 50 vörunúmer á TILBOÐI

Umbúðin
Rekstrarvöruverslun
Fosshálsi 17 - 25 • Sími 580 5611

48 **JODIE FOSTER** á afmæli í dag og er orðin 48 ára gömul. Næst á dagskránni hjá henni er að frumsýna myndina The Beaver, en hún leikstýrir og fer með aðalhlutverk. Mel Gibson leikur einnig stórt hlutverk í myndinni.

BÍLSKÚRSÆFING Mummi og félagar á bílskúrsæfingu fyrir tónleikana í Iðnó á laugardaginn. Mummi spilar á hljómborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistarar saman í hljómsveit Mumma

Fótboltakappinn Guðmundur Reynir Gunnarsson, eða Mummi, heldur útgáfutónleika í Iðnó á laugardaginn vegna sinnar fyrstu sólóplötu, Various Times in Johnny's Life. Þetta verður í fyrsta sinn sem Mummi spilar opinberlega en hann er hvergi banginn. „Þetta er það skemmtilegasta sem maður gerir. Það þýðir ekkert að vera stressaður."

Hljómsveitin sem Mummi hefur sett saman fyrir tónleikana er skipuð fyrrverandi félögum hans úr þriðja flokki KR í fótbolta. Tveir þeirra eru einnig með honum í meistaraflokki KR, þeir Egill Jónsson og Atli Jónasson. „Við vorum allir saman í þriðja flokki nema einn. Við mynduðum svakalegt lið á sínum tíma," segir bakvörðurinn knái. Strákarnir unnu alla leikina sem þeir tóku þátt í það sumarið og hömpuðu bæði Íslands- og bikarmeistaratitli.

Aðspurður segist Mummi lengi hafa dreymt um að gera sólóplötu. „Tónlistin er eitt af því skemmtilegasta sem maður gerir og það er ennþá skemmtilegra ef maður gefur eitthvað út sjálfur." Hann hefur lokið sjö stigum í píanóleik og menntunin nýttist honum vel á plötunni því hún er uppfull af píanóskotnu poppi í anda bresku hljómsveitarinnar Coldplay. Mummi var í láni hjá KR í sumar frá sænska liðinu GAIS. Hann á þrjú ár eftir af samningi sínum þar og veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. „Það skýrist ekkert fyrr en um áramótin því þeir eru í fríi núna. Það verður bara að koma í ljós hvað gerist."

Útgáfutónleikarnir á laugardaginn hefjast stundvíslega klukkan 20.30. Húsið opnar hálftíma fyrr. **-fb**

SKEMMTILEG HEIMSÓKN Páll Óskar fór húsavillt en lét það ekki á sig fá og tók lagið fyrir krakkana á Álftaborg, sem glöddust mjög við heimsóknina.

PÁLL ÓSKAR SÖNG ÓVÆNT FYRIR BÖRNIN Á ÁLFTABORG

Páll Óskar Hjálmtýsson kom í óvænta heimsókn á leikskólann Álftaborg á miðvikudaginn. Palli var á leiðinni að Lyngási en fór húsavillt og mætti því starfsmönnum Álftaborgar á kaffistofu leikskólans. Heimsóknin endaði með samsöng þar sem Palli og börnin tóku lagið.

„Hann heillaði okkur algjörlega upp úr skónum," segir Anna Ágústsdóttir, leikskólastjóri á Álftaborg, en leikskólinn fékk óvænta heimsókn frá Páli Óskari Hjálmtýssyni á miðvikudagsmorguninn. „Hann kemur inn á kaffistofu og spyr okkur hvar Lyngás sé til húsa og vissi greinilega að hann hefði farið húsavillt. Við vísuðum Palla á réttan stað og spurðum hann í leiðinni hvort hann væri ekki til í að taka lagið fyrir krakkana, sem hann gerði, og þau sungu líka fyrir hann," segir Anna, og bætir því við að lagið hans Palla

> Þetta var án efa ánægjulegasta óvænta heimsókn sem ég hef farið í.
>
> **PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON**
> TÓNLISTARMAÐUR

hafi hljómað stanslaust það sem eftir lifði dags á leikskólanum. Haraldur Diego fékk heldur betur að heyra af komu Páls Óskars, en hann á þriggja ára son á Álftaborg. „Ég fer að sækja litla strákinn minn á leikskólann og þegar ég kem er starfsmaður að aðstoða hann í föt. Hún spyr strákinn hvort hann vilji ekki segja pabba hver hafi komið í heimsókn, hann horfir á mig og segir: „Gordjöss! Gordjöss kom í heimsókn"," segir Haraldur, sem gat ekki annað en hlegið við frásögnina. „Ég verð að viðurkenna að Páll Óskar var ekkert sérstaklega hátt skrifaður hjá mér en hann hefur verið að skríða upp vinsældalistann. Þarna skreið hann síðan algjörlega á toppinn," segir Haraldur.

Fréttablaðið hafði samband við Pál Óskar, sem fannst heimsóknin hin ánægjulegasta. „Ég var á leiðinni á Lyngás, þar sem ég var að veita styrk, og fór bara húsavillt. Þær báðu mig um að taka lagið fyrir krakkana og ég gerði það. Þetta var án efa ánægjulegasta óvænta heimsókn sem ég hef farið í," segir Palli léttur í bragði.

kristjana@frettabladid.is

Svavar Knútur syngur fyrir ömmur sínar

Söngvaskáldið Svavar Knútur hefur gefið út sína aðra plötu, Amma, sem var hljóðrituð á stofutónleikum í október. Plötuna tileinkar hann ömmum sínum enda eru þau flest komin til ára sinna og hafa verið sungin af eldri kynslóðum, þar á meðal Sofðu unga ástin mín og Kvöldið er fagurt.

Svavar segist eiga þrjár ömmur en tvær þeirra eru á lífi, þær Svava og Vilborg. „Svava amma kom á tónleikana þegar við tókum þetta upp. Hún er voða glöð og fékk eintak frá mér um daginn," segir hann. „Það er yndislegt að fá að gera þetta. Það eru svo mikil forréttindi að fá að skapa svona."

Svavar er nýkominn heim úr mánaðarlangri tónleikaferð um Þýskaland til að kynna sína síðustu plötu, Kvöldvaka, sem kemur út þar í landi í janúar. „Þegar ég er að spila er ég alltaf með eitt eða tvö gömul íslensk með. Mér þykir vænt um þessi lög og mér finnst þau eiga svo vel við ömmur mínar. Maður er líka að heiðra fortíðina með þessu." Hann ætlar að fylgja plötunni eftir með útgáfutónleikum þar sem frítt verður inn fyrir allar ömmur. **-fb**

SVAVAR KNÚTUR Svavar tileinkar ömmum sínum plötuna, sem nefnist einfaldlega Amma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

HITAVEITA

ELMA

Dúnúlpa fyrir dömur
með 90% dún og 10% fiðri.

Stærðir: XS-3XL í **54.990 KR.**

ELMAR

Dúnúlpa fyrir herra
með 90% dún og 10% fiðri.

Stærðir: S-3XL í **59.990 KR.**

ELÍAS

Dúnúlpa fyrir herra
með 90% dún og 10% fiðri.

Stærðir: S-3XL í **34.990 KR.**

ELÍSABET

Dúnúlpa með hettu. Úlpan
er aðsniðin og mjög kvenleg.

Stærðir: XS-3XL í **32.990 KR.**

FÆST Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

GEORGE CLOONEY Leikarinn var heiðraður fyrir mannnúðarstarf sitt.

Clooney verðlaunaður

Hjartaknúsarinn George Clooney var fyrir skömmu heiðraður í hátíðlegu kvöldverðarboði í New York fyrir mannúðarstarf sitt. Verðlaunin nefnast Ripple of Hope og eru veitt af mannréttindasamtökum Roberts F. Kennedy. Nick, faðir Clooney, var viðstaddur verðlaunaafhendinguna ásamt kærustu Clooney, Elisabettu Canalis. Leikarinn hefur lengi barist fyrir friði í Súdan. Hann tók upp heimildarmynd í landinu árið 2008 þar sem hann fjallaði um grimmdarverkin sem hafa átt sér stað í Darfur-héraði. Clooney hitti Barack Obama Bandaríkjaforseta nýlega og ræddi við hann um málið.

Susan Boyle á toppnum

Breska söngkonan Susan Boyle á söluhæstu plötuna í Bandaríkjunum og í Bretlandi samtímis í annað sinn á þessu ári. Rúm fjörutíu ár eru liðin síðan þetta gerðist síðast. Bítlunum tókst þetta árið 1969 og hljómsveitinni The Monkees 1967. Plötufyrirtæki Boyle, Sony, segir að hún sé fyrsta konan til að ná þessum árangri. „Ég hef aldrei verið haming jusamari," sagði söngkonan eftir að platan hennar The Gift fór á toppinn og skákaði þar með hinni gríðarvinsælu Rihönnu. Boyle sló í gegn í raunveruleikaþættinum Britain´s Got Talent þar sem hún söng lagið I Dreamed a Dream.

SUSAN BOYLE Breska söngkonan náði samtímis á toppinn í Bandaríkjunum og í Bretlandi.

Brian Griffin með sýningu í París

Íslandsvinurinn og ljósmyndarinn Brian Griffin og Brynja Sverrisdóttir eiginkona hans hafa opnað sýningu í kirkju Guðspekiskólans St. Bernardins í París. Sýningin ber heitið „Black Country" og fjallar um móðurina og uppruna Griffins í Lye nálægt Birmingham á Englandi. Á sýningunni er Brynja í hlutverki íkona og ímynda madonnunnar. Þá er kirkjan einnig skreytt hönnun Brynju í eðalmálmum og gimsteinum úr skartgripalínunni Embracing Faith.

„Brian átti mjög sérstaka æsku og sýningin fjallar um móður hans og barnæskuna," segir Brynja Sverrisdóttir í samtali við Fréttablaðið. „Móðir hans féll frá fyrir tveimur árum og á sýningunni er Brian að kveðja hana."

Í Birmingham á Englandi stendur nú sem hæst yfirlitssýning á verkum Brians Griffin og fer sýningin fram á ýmsum opinberum stöðum í borginni. Ísland og Íslendingar eru áberandi viðfangsefni og má þar sjá bæði ljósmyndir af landslagi á Íslandi og portrettmyndir úr bókinni Vatnafólkið sem Brian vann með Brynju. Sýningin stendur til jóla.

Íslendingar geta um þessar mundir virt fyrir sér myndir Brians Griffin á þremur stöðum. Þær eru til sýnis á Hótel Búðum, á Hótel Höfn í Hornafirði og á Vínbarnum í miðborg Reykjavíkur. Þar er einmitt sölusýning á mörgum af frægustu myndum Griffins, til að mynda portrettum af þekktu fólki á borð við Helen Mirren og Donald Sutherland. **- hdm**

VIRTUR Ljósmyndarinn Brian Griffin sýnir um þessar mundir í París, Birmingham og á Vínbarnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Endalok verksmiðjanna. MYND/BRIAN GRIFFIN

Leifur bóndi. MYND/BRIAN GRIFFIN

Líf mitt hefur alltaf snúist um tónlist

Tómas Young er nýr starfsmaður hjá Útón. Þar starfar hann við ýmislegt sem tengist útflutningi á íslenskri tónlist.

Tómas Young hefur verið ráðinn í fullt starf hjá Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar, Útón. Í lok nóvember lýkur hann við verkefni þar sem heildarveltan í menningu og skapandi greinum á Íslandi er kortlögð. „Þetta er risastórt verkefni og það stærsta sem ég hef tekið þátt í," segir hann. Einnig stjórnaði hann nýlegri og áhugaverðri könnun um veltuna í kringum erlenda gesti á Airwaves-tónlistarhátíðinni.

Tómas lauk við meistararitgerð sína í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá HÍ í febrúar og fjallaði hún um Útón. Áður hafði hann skrifað BS-ritgerð í ferðamálafræði um íslenska tónlist sem landkynningu þar sem hann tók viðtöl við tíu erlenda gesti Airwaves-hátíðarinnar.

Tómas ákvað að skrifa meistararitgerðina eftir að Útón auglýsti eftir meistaranemum til að skrifa um fimm málefni tengd tónlist. Eitt þeirra snerist um að rannsaka hversu mikil áhrif Útón hefur haft á íslenskan tónlistariðnað og ákvað hann að stökkva á það. Hin málefnin fjölluðu meðal annars um verkefnið Made in Iceland og tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður. Tómas tók viðtöl við fjölda tónlistarmanna vegna ritgerðarinnar, þar á meðal Mugison, Barða Jóhannsson, Ólaf Arnalds og hljómsveitina Hjaltalín. Allir báru Útón mjög vel söguna og gátu bent á afrakstur samstarfsins við stofnunina. Tómas fékk námsstyrk frá Útón vegna kostnaðarins sem fólst í verkefninu en segir það alls ekki hafa haft áhrif á niðurstöðuna. „Ég gat ekki litað niðurstöðuna með mínum orðum. Ég byggi þetta á því sem tónlistarmennirnir segja. Ef þeir hefðu rakkað Útón niður hefði ég skrifað það."

Skömmu síðar gerðist hann verktaki hjá Útón og er núna orðinn fastur starfsmaður þar. „Nokkrum mánuðum eftir að ég skilaði ritgerðinni komu upp stór verkefni og Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útón, benti á mig," segir Tómas, sem ákvað þá að segja upp sumarvinnunni á Bílaleigu Akureyrar. Hjá Útón nýtist vel reynsla hans sem tengiliður Íslands við Hróarskelduhátíðina í Danmörku þar sem hann hefur starfað sem sjálfboðaliði í ellefu ár, eða síðan hann var átján ára. „Líf mitt hefur alltaf snúist um tónlist og hennar hlutur er smátt og smátt að aukast. Ég er ekkert að berjast gegn því," segir hann og bætir við um nýja starfið hjá Útón: „Þetta er draumastarfið fyrir mig. Þetta er áhugamálið mitt og öll mín þekking nýtist best hérna."

Þeir sem vilja kynna sér meistararitgerð Tómasar um Útón og skýrslu hans um veltuna í kringum Airwaves-hátíðina geta farið inn á síðuna Uton.is.

freyr@frettabladid.is

TÓMAS YOUNG Tómas hefur verið ráðinn í fullt starf hjá Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar, Útón. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Loi Krathong hátíð

Thailensk-íslenska félagið heldur Loi Krathong hátíð í Rimaskóla í Grafarvogi í Reykjavík laugardaginn 20.nóvember.

DAGSKRÁ:
Thailenskur dans og önnur thailensk skemmtiatriði.

Markaður, tombóla og hægt að bragða á thailenskum réttum frá hinum ýmsu stöðum í Thailandi.

Hátíðin stendur frá kl. 13-18.

Markmiðið er að safna peningum fyrir bágstadda vegna flóðanna í Thailandi.

Allir velkomnir

Vandræði í Bosníu

Hollywood-stjarnan Angelina Jolie hefur hætt við að taka upp nýja mynd sína í Bosníu eftir mótmæli kvenréttindahópa. Myndin, sem hefur ekki fengið nafn, er fyrsta leikstjóraverkefni Jolie. Hún gerist í Bosníustríðinu þar sem ástin kemur við sögu. Orðrómur var uppi um að söguþráðurinn fjallaði um samband nauðgara og fórnarlambs hans. Kvenréttindahópum í Bosníu líkaði þetta illa, settu þrýsting á ráðamenn og fengu þá til að endurkalla leyfið sem Jolie hafði fengið til kvikmyndatöku.

Myndin fjallar um serbneskan mann og bosníska konu sem þurfa að hætta að hittast vegna Bosníustríðsins. Um hundrað þúsund manns voru drepnir í stríðinu og eftir að því lauk voru nauðganirnar sem þar voru framdar viðkvæmt umræðuefni í Bosníu. Tökur á myndinni munu nú alfarið fara fram í Búdapest. Brad Pitt, kærasti Jolie, verður í aukahlutverki í myndinni.

ANGELINA JOLIE Tökur á nýjustu mynd hennar hafa verið blásnar af í Bosníu.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

visir.is

Strákurinn sem malar gull

BÖRN Harry Potter-gengið árið 2000 þegar tilkynnt var að þau hefðu hreppt aðalhlutverkið í Harry Potter og viskusteininum. Daniel er tólf ára, Rupert þrettán en Emma er yngst, ellefu ára gömul.

BYRJUÐ AÐ ÞROSKAST Harry Potter-krakkarnir hafa verið stanslaust í kastljósinu síðan fyrsta myndin var sýnd; hér eru þau saman árið 2002 þegar Harry Potter og leyniklefinn var frumsýndur.

Í tæp ellefu ár hafa þau Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint verið í eigu umheimsins sem Harry Potter, Hermione Granger og Rupert Grint. Lokakaflinn í þessari einstöku sögu verður opnaður í kvöld þegar Harry Potter og Dauðadjásnin, fyrri myndin af tveimur, verður frumsýnd.

Harry Potter-myndirnar verða átta þegar yfir lýkur. Þremenningarnir sem hafa borið uppi síðustu sex myndir hafa auðgast gríðarlega á sínum þætti og þar fremstur í flokki er Daniel Radcliffe sjálfur. Hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort hann muni eiga fyrir salti í grautinn næstu árin og áratugina. Samkvæmt lista sem Sunday Times birti í apríl á þessu ári er Radcliffe ríkari en prinsarnir tveir, þeir Harry og Vilhjálmur, persónuleg auðæfi hans eru metin á 42 milljónir punda eða rúmlega sjö milljarða íslenskra króna. Sem verður að teljast ágætis sjóður að grípa í fyrir 21 árs gamlan strák frá Hammersmith. Emma Watson þarf svo sem heldur ekki að kvíða framhaldinu, Harry Potter hefur aflað henni 20 milljóna punda. Hún hefur þar að auki verið vinsæl og henni er spáð miklum frama þegar Harry Potter er allur.

Þriðja hjólið í þessu sambandi er Rupert Grint, sem þau Emma og Daniel hafa lýst sem afslappaðasta náunga í heimi. Sem er kannski ekkert skrýtið, fjölmiðlar hafa ætíð sýnt þeim Emmu og Daniel mestan áhuga á meðan Rupert hefur getað notið þess að hugsa hvað hann ætti að gera við sínar 20 milljónir punda sem hann er metinn á samkvæmt Sunday Times.

freyrgigja@frettabladid.is

MILLJARÐADROTTNINGIN

Flestir þekkja eflaust söguna ævintýralegu um hina atvinnulausu einstæðu móður J.K. Rowling, sem sagði börnunum sínum frá Harry Potter áður en þau fóru að sofa og skrifaði fyrstu söguna um hann á munnþurrkur á litlum veitingastað. Þetta Öskubuskuævintýri er ótrúlegt í ljósi þess að Joanne Katherine Rowling er nú einn ríkasti listamaður Bretlands, auðæfi hennar eru meiri en Sir Mick Jagger og Elton John eiga samanlagt og hún er ríkari en sjálfur bítillinn Sir Paul McCartney. Talan er 519 milljónir punda; 93 milljarðar.

TÍSKUGOÐ OG KYNTÁKN Emma Watson er í dag orðin eitt heitasta tískutáknið í dag sem þeir Daniel Radcliffe og Rupert Grint hafa ekki roð við. Henni er spáð mestum frama þegar Potter er allur.

AÐ VERÐA STÓR Árið 2004 voru þau Rupert, Emma og Daniel að verða stór og mættu prúðbúin til frumsýningar á kvikmyndinni Harry Potter og fanginn frá Azkaban.

LÍTIL BREYTING Þau höfðu ekki breyst mikið á því ári sem liðið var frá síðustu mynd þegar þau mættu á Harry Potter og eldbikarinn.

EMMA TEKUR STÓRA STÖKKIÐ Emma Watson vakti mikla athygli þegar Harry Potter og Fönixreglan var frumsýnd árið 2007 og skapaði sér ákveðna sérstöðu sem tískuhús heimsins voru fljót að taka eftir.

STÓRSTJÖRNUR Emma, Daniel og Rupert voru árið 2009 orðin stórstjörnur og farin að venjast því að auga fjölmiðla fylgdist með hverju skrefi þeirra. Og svo virðist sem þau þrjú hafi höndlað frægðina ótrúlega vel.

NORDICPHOTOS/GETTY

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

Rímnaflæði í Miðbergi í kvöld

„Það er gríðarlegur áhugi á keppninni og allir miðar uppseldir," segir Björg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samfés, en rappkeppnin Rímnaflæði verður haldin í tólfta sinn í kvöld. Rímnaflæðið hefur fest sig í sessi hjá félagsmiðstöðvum víða um land um leið og það vekur áhuga ungmenna á rappi og gefur því jákvæða umfjöllun.

„Í ár eru tíu lið skráð til keppni frá jafnmörgum félagsmiðstöðvum, og eitt kemur alla leið frá Sauðárkróki," segir Björg. Hún segir reglurnar vera þær að allt þurfi að vera innan skynsamlegra marka. „Þau mega ekki rappa um eitthvað ósiðlegt og verða því að senda textana til okkar, áður en við samþykkjum atriðin," segir Björg. Athyglisvert er að í ár keppa þrjú stelpulið og því vert að spyrja sig hvort áhugi stelpnanna á rappi sé að aukast. „Það held ég alveg klárlega. Ég man allavega ekki eftir því að þrjú lið með einungis stelpur innanborðs hafi áður tekið þátt," segir Björg.

LEYNAST HÆFILEIKAR Á RÍMNAFLÆÐINU? Hver veit nema það leynist annar Kristmundur Axel meðal keppenda í ár.

Kristmundur Axel Kristmundsson, sem sigraði í söngkeppni framhaldsskólanna í vor og gaf nýverið út lagið „Það birtir allaf til", hefur margoft tekið þátt í Rímnaflæðinu. Hann mun sjá um að kynna keppnina í ár, ásamt því að taka lagið í dómarahléinu.

Keppnin fer fram í Miðbergi í kvöld og hefst klukkan 20.00. - ka

Önnur dansmynd til Hollands

„Það er mikill heiður að fá þetta tækifæri. Þetta ýtir manni áfram í að gera fleiri myndir," segir María Þórdís Ólafsdóttir.

Dans-stuttmynd hennar, Between, hefur verið valin til þátttöku á kvikmyndahátíðina Cinedans í Amsterdam sem fer fram 9. til 12. desember. Hátíðin er ein sú stærsta í Evrópu sem sérhæfir sig í dansi. Þar með verða tvær íslenskar myndir á hátíðinni en Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að mynd Júlíönnu Láru Steingrímsdóttur, Retrograde, hefði verið valin á hátíðina.

„Hún fjallar um hvað það er þunn lína á milli draums og veruleika og á milli sturlunar og þess að vera heill," segir hin 23 ára María Þórdís um myndina. „Við erum alltaf að reyna að halda jafnvægi á þessari línu en dettum stöðugt. Ég er að leika mér með þyngdarleysi og öll lögmál eru brotin."

Between var hluti af skólaverkefni Maríu í Listaháskólanum, þar sem hún er á þriðja ári á dansbraut. Einar Sverrir Tryggvason samdi tónlistina, Nína Cohagen sá um kvikmyndatöku og María dansaði ásamt Hilmi Jenssyni leikara. - fb

MARÍA ÞÓRDÍS ÓLAFSDÓTTIR Dans-stuttmynd Maríu, Between, keppir í Amsterdam í desember.

SONY

make.believe

5 ÁRA ÁBYRGÐ

ára ábyrgð

á Sony sjónvörpum í Sony Center!

KDL32EX500 32" 100hz
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg
Tilboðsverð: 149.990

KDL40EX402 40"
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
Tilboðsverð: 169.990

KDL46EX402 46"
Mál: 112,7 x 67,6 x 10,1cm 18,7kg
Tilboðsverð: 239.990

Með EX500 upplifir þú Full HD 1080p myndgæði, hæstu mögulegu upplausn í heimahúsi, og fullnýttir háskerpuefni eins og Blu-ray diska eða PlayStation 3 leiki. Mjúkar hreyfingar og enginn skerpumissir með Motionflow 100Hz tækninni. Motionflow 100Hz tvöfaldar rammafjöldann úr 50 römmum á sekúndu í 100 og meðhöndlar hvern ramma til að auka myndgæði. Njóttu nýjustu myndmeðhöndlunartækni Sony fyrir yfirburða myndgæði, sérlega litríka og líflega mynd, minna suð (noise) og aukna skerpu og dýpt með BRAVIA Engine 3 myndvinnslu. Ljósnemi stillir myndina sjálfvirkt fyrir kvikmyndir á kvöldin eða leiki á daginn. Leiktu tónlist, ljósmyndir eða kvikmyndir af USB minnislykli með USB Media Player. Notaðu sjónvarpið sem myndaramma með Picture Frame Mode. Engar flóknar valmyndir með XMB (Xross Media Bar) viðmótinu úr PS3 og notendahandbok innbyggð í tækið. Möguleiki á þráðlausu neti og BRAVIA Internet Video.

EX500 tæki valið „TV Product of the Year 2010" í What HiFi og „Best Buy" í Home Cinema Choice

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

Tónlist ★★★

Jukk

Prinspóló

Skemmtilegt jukk

Jukk er önnur plata Prinspóló, en sú fyrri Einn heima EP sem kom út í fyrra vakti athygli fyrir skemmtilega texta og flutning. Á fyrri plötunni sá Svavar Pétur Eysteinsson um allan söng og hljóðfæraleik, en á nýju plötunni er Prinspóló orðin fjögurra manna hljómsveit. Það góða er samt að þó að tónlistin hafi þróast nokkuð er „heima í herbergi"-hljómurinn enn þá til staðar á Jukkinu.

Styrkur Prinspóló er sem fyrr snilldartextar, skemmtilegur flutningur og ómótstæðilegur „lo-fi" hljómur, en veikleikinn eru lagasmíðarnar sem eru sumar frekar þunnar. Bestu lögin á Jukkinu eru Prinspóló, Hakk og spaghetti, Njótum afans, Niðrá strönd og Mjaðmir. Allt fyrirtaks jukk sem léttir lund í skammdeginu. Jukk.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Prinspóló gleður með góðu jukki.

ÁNÆGJULEG OPNUN Í LISTASAFNI ÍSLANDS Lena Mjöll, Guðrún Lilja Kvaran og Sigurður Orri voru meðal gesta á opnunni á miðvikudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Glæsileg sýning í Listasafninu

Yfirlitssýning á verkum Karls Kvaran listmálara var opnuð í Listasafni Íslands á miðvikudagskvöld. Karl þykir einn af framsýnustu málurum þjóðarinnar og því er það mörgum fagnaðarefni að nú séu verk hans sýnd. Fjöldi fólks var mætt í Listasafnið á opnunina en sýningin verður opin fram í febrúar á næsta ári.

Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Margrét Auðuns eiginkona hans.

Gestir gerðu góðan róm að sýningunni í Listasafni Íslands.

Grétar Birgisson og Sighvatur Arnmundsson.

Bára Þorgrímssdóttir, Ólafur Jónsson og Steinþór Gunnarsson.

Nýtt lag frá White Lies

Breska hljómsveitin White Lies hefur sent frá sér myndband við lagið Bigger than Us. Myndbandið má finna á vefsíðu tónlistarblaðsins NME, en lagið er það fyrsta sem hljómsveitin sendir frá sér síðan platan To Lose My Life … kom út í fyrra.

SNÚA AFTUR Strákarnir í White Lies senda frá sér plötu í janúar.

Lagið kemur út á plötunni Ritual snemma á næsta ári. „Ritual fjallar um ást með blöndu af trúarbrögðum – það er mikið af trúarlegu myndmáli," segir söngvarinn Harry McVeigh um plötuna.

SNOPPUFRÍÐIR Drengirnir í Kings of Leon vilja ekki að neinn sé sætari en þeir í nýju myndbandi.

Vill vanskapaða í nýtt myndband

Hljómsveitin Kings of Leon auglýsti á dögunum eftir vansköpuðu, óaðlaðandi og illa förnu fólki í myndband við lagið Pyro. Þeir sem eru með slæm ör og líta út fyrir að vera tregir eru einnig velkomnir.

Hljómsveitin býður þeim sem slá til 300 dali á dag fyrir að leika í myndbandinu, eða um 40 þúsund íslenskar krónur. Þeim sem hafa áhuga er bent á að myndbandið verður tekið upp í dag í Bandaríkjunum. Það er því orðið of seint að sækja um – sama hversu vanskapaður sem þú kannt að vera.

Bíó ★★★

Unstoppable

Leikstjóri: Tony Scott. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Chris Pine, Rosario Dawson.

Hasar í lestinni

Klaufskur lestarstjóri hoppar úr járnbrautarlest á hægri ferð til þess að laga eitthvað. Hann treystir á að geta farið aftur um borð en skyndilega eykur lestin hraðann. Hann hafði bæði skilið hana óvart eftir í einhverjum ofurgír og einnig gleymt að tengja bremsurnar. Hann missir því bókstaflega af lestinni sem brunar mannlaus burt á ógnarhraða. Það eru síðan Denzel Washington og Chris Pine sem fá það ömurlega hlutskipti að reyna að ná lestinni og bjarga deginum.

Eins og lesendur eru eflaust búnir að átta sig á þá er ég enginn sérfræðingur um járnbrautir. Það má því vera að lýsing mín á orsökum lestarhvarfsins séu ófullnægjandi. Það kemur þó ekki að sök því Unstoppable er ein af þessum myndum sem óþarfi er að segja frá í fleiri en einni setningu. Mannlaus lest þýtur á móti umferð og allt fer í klessu. Það er nákvæmlega það sem myndin fjallar um.

Tony Scott getur gert svona mynd með lokuð augu og hendur fyrir aftan bak. Unstoppable er gífurlega spennandi og hasarnum linnir ekki fyrr en titlarnir rúlla í lokin. Árið 1985 var kvikmyndin Runaway Train með þeim Jon Voight og Eric Roberts frumsýnd. Ef þú hefur ekki séð hana máttu mín vegna bæta einni stjörnu við þessa rýni. Efnistök myndanna eru afskaplega svipuð og heilu atriðin eru nákvæmlega eins. En það er svo sem ekki bannað.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Hressandi og stressandi hasar. Ekki hugsa of mikið samt.

Jones í þriðja sinn

Breski leikarinn Colin Firth hefur gefið í skyn að þriðja myndin um Bridget Jones sé væntanleg. Hinn fimmtugi Firth hefur leikið Mark Darcy, ástmann Jones, í fyrstu tveimur myndunum. „Ég held að það sé möguleiki á því. Handritshöfundarnir hafa verið duglegir að undanförnu. Það er eitt að gera framhaldsmynd en að gera mynd númer þrjú, þar sem þau hafa elst dálítið, gæti verið enn áhugaverðara.“ Tvær bækur hafa komið út um Jones en höfundurinn Helen Fielding hélt áfram að skrifa um hana í blaðinu The Independent árið 2005. Þá var samband Jones og Darcy komið á hálan ís eftir að hún hafði orðið ófrísk eftir fyrrverandi stjóra sinn Daniel Cleaver, sem Hugh Grant lék í myndunum.

BRIDGET JONES Þriðja myndin um Bridget Jones er hugsanlega á leiðinni.

Klippa kynlíf úr þekktum myndum

Bandaríska fyrirtækið Family Edited DVDs sérhæfir sig í að klippa kynlífs- og ofbeldisatriði úr kvikmyndum til að gera þær fjölskylduvænar. Fyrirtækið selur svo myndirnar aftur og hefur þannig reitt stóru kvikmyndaverin til reiði.

Kvikmyndarisarnir Paramount, Warner Bros., MGM, Disney, Universal og Fox hafa kært fyrirtækið og forstjórann John Webster fyrir að klippa án leyfis og endurselja myndir á borð við Iron Man 2, The Hurt Locker, Prince of Persia og Date Night. Þess má geta að Gísli Örn Garðarsson var ekki í kynlífstengdu hlutverki í Prince of Persia, en ofbeldisatriði sem hann lék í gætu hafa verið klippt út.

Kvikmyndarisarnir telja að Family Edited DVDs hafi brotið höfundaréttarlög. Aðgerðir risanna virðast hafa skilað árangri þar sem Family Edited DVDs auglýsti nýlega sérstaka útsölu þar sem allt átti að seljast, enda væri fyrirtækið að leggja upp laupana.

EKKERT RUGL Prince of Persia er ein af myndunum sem urðu fyrir barðinu á Family Edited DVDs.

IRON MAIDEN Rokkararnir í Iron Maiden mæta á Hróarskelduhátíðina á næsta ári.

Miðasölu á Keldu breytt

Forsvarsmenn Hróarskelduhátíðarinnar hafa ákveðið að loka öllum miðasölustöðum utan Danmerkur. Þetta þýðir að það verða engir miðar seldir í gegnum midi.is eins og venjan hefur verið. Allir miðar verða seldir beint í gegnum heimasíðu hátíðarinnar eða á síðunni Billetlugen.dk, þar sem fólk getur pantað tjaldstæði um leið og það kaupir miða. Þetta fyrirkomulag var prufukeyrt í ár á litlu svæði og það gaf góða raun.

Næsta Hróarskelduhátíð verður haldin dagana 30. júní til 3. júlí á næsta ári. Rokkararnir í Iron Maiden hafa þegar boðað komu sína á hátíðina.

ÞÓR KRISTINSSON Tónleikaröðin Innileikar hefst miðvikudaginn 24. nóvember.

Þór í nýrri tónleikaröð

Tónlistarmaðurinn Þór Breiðfjörð Kristinsson, sem hefur verið búsettur í Kanada, er fluttur til Íslands eftir fjórtán ára fjarveru. Þór byrjar með nýja tónleikaröð miðvikudaginn 24. nóvember á Café Rosenberg þar sem hann syngur þekkt lög sem söngvarar á borð við Bing Crosby, Nat King Cole, Hauk Morthens og Vilhjálm Vilhjálmsson sungu. Tónleikaröðin nefnist Innileikar og er í afslöppuðum anda. Þór, eða Thor, eins og hann kallaði sig ytra, gaf fyrir tveimur árum út plötuna Running Naked. Smáskífulagið Sunny Day var eitt af hundrað lögum sem voru boðin ókeypis til niðurhals á heimasíðu Microsoft.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

SKYLINE	6, 8 og 10	16
JACKASS – ÓTEXTUÐ	4, 6, 8 og 10.15	12
UNSTOPPABLE	5.50, 8 og 10.15	12
ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ	4 - ÍSL TAL	7
ÚTI ER ÆVINTÝRI	4 - ÍSL TAL	L

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HARRY POTTER	kl. 5 - 6 - 6:30 - 8 - 10 - 11	10
HARRY POTTER	kl. 5 - 8 - 11	3D
DUE DATE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	10
RED	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40	7
ÓRÓI	kl. 10	10
FURRY VENGEANCE	kl. 3:40	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

HARRY POTTER	kl. 5 - 8 - 11	10
GNARR	kl. 6	L
DUE DATE	kl. 8 - 10:10	10

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

HARRY POTTER	kl. 2, 3, 5, 6, 8, 9, 11	10
DUE DATE	kl. 5.50, 8, og 10.10	10
DUE DATE POWER	kl. Miðnætursýning	10
GNARR	kl. 4, 6, og 8	L
ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 2 og 4	L
RED	kl. 10.10	12
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ísl. Tali	kl. 2	7

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

HARRY POTTER	kl. 4 - 7 - 10	10
GNARR	kl. 8 - 10:20	L
DUE DATE	kl. 8 - 10:20	10
ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 4	L
THE SWITCH	kl. 5:50	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ísl. Tali	kl. 5:50	L
FURRY VENGEANCE	kl. 3:50	L

FORSALA Á HARRY POTTER HAFIN Á
SAMBIO.IS

Óvænt samstarf Friðriks Dórs og Jakobínurínu

Tvö ár eru liðin frá því að Jakobínarína hætti, en stjarna hljómsveitarinnar reis nokkuð hátt á meðan hún starfaði. Nú hafa þrír af sex meðlimum hljómsveitarinnar tekið saman á ný og leika R&B-tónlist undir hjá hjartaknúsaranum Friðriki Dór á útgáfutónleikum í kvöld.

FRIÐRIK DÓR OG HELMINGUR JAKOBÍNURÍNU Friðrik Dór ásamt Sigurði Möller, Björgvini Inga og Heimi Gesti úr hinni sálugu Hafnarfjarðarsveit Jakobínurínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er í fyrsta skipti sem við spilum opinberlega sem band aftur, þannig að þetta er hálfgert *kommbakk*," segir Sigurður Möller Sívertsson, trommuleikari hinnar sálugu Jakobínurínu.

Sigurður spilar ásamt tveimur af sex meðlimum Jakobínurínu undir með söngvaranum Friðriki Dór á útgáfutónleikum plötunnar Allt sem þú átt á Nasa í kvöld. Jakobínarína var á meðal heitustu hljómsveita landsins nánast frá stofnun, en hjólin fóru að snúast þegar David Fricke, einn af ritstjórum Rolling Stone, lofaði tónleika hljómsveitarinnar á Iceland Airwaves hátíðinni.

„Tímarnir eru svo breyttir í dag," segir Sigurður. „Okkur finnst frábært mál að spila undir hjá svona söngvara. Okkur finnst músíkin frábær og við þekkjum gaurana sem eru að semja með honum. Svo eru þetta Hafnfirðingar og þeir standa saman."

Sigurður bætir við í léttum dúr að ef hugmyndin hefði komið upp fyrir nokkrum árum hefðu þeir félagar ekki tekið eins vel í hana. „Ef þetta hefði komið upp þegar við vorum í rokkinu hefðum við aldrei farið í þetta," segir hann.

Segja má að strákarnir í Jakobínurínu hafi átt frumkvæði af samstarfinu. Björgvin bassaleikari er góður vinur strákanna í Redd Lights upptökustjórateyminu, sem vinna tónlistina með Friðriki Dór, og hugmyndin spratt upp út frá þeim vinskap. „Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt R&B er að virka," segir Sigurður. „Við viljum taka þetta alla leið og búa til band í kringum þetta. Gera þetta almennilega fyrst hann er að þessu. Í staðinn fyrir að standa einn á sviðinu með undirleik af bandi."

En er ekki hætta á því að þið rokkið tónlistina of mikið upp?

„Það er frekar að það vanti upp á," segir Sigurður. „Við vorum að reyna að rokka þetta upp, en sjáum það ekki alveg fyrir okkur. Við reynum að spila tónlistina þannig að hún hljómi sem mest eins og á plötunni – fanga andrúmsloftið. Svo tökum við smá rokk inni á milli, tengjum rafmagnsgítarana og hækkum í þeim. Þetta verður samt ekki rokkútgáfa af Friðriki Dór."

atlifannar@frettabladid.is

Tónlist við myndir Polanskis

Pólski dúettinn SzaZa og tónlistarmaðurinn Ben Frost koma fram á tónleikum í Tjarnarbíói 26. nóvember. SzaZa er samstarfsverkefni Paweł Szamburski og Patryk Zakrocki og þykir tónlist þeirra blanda saman andstæðum öfgum, eða hávaða og þögn, poppi og nútíma klassík, fegurð og ljótleika og fágaðri þekkingu og barnalegu hugsunarleysi. Þeir nota ýmis tæki og hljóðfæri ásamt þátttöku áhorfandans til að sameina þessar öfgar í tónlistinni. „Þeir eru í rauninni að koma af Ameríkutúr. Þetta verða síðustu tónleikar þeirra eftir hann," segir skipuleggjandinn Leifur Björnsson og bætir við að tónlistin sé tilraunakennd.

BEN FROST Ben Frost spilar í Tjarnarbíói 26. nóvember ásamt pólska dúettinum SzaZa.

Á tónleikunum flytur SzaZa verkið Roman Polanski: Shorts, sem er leikið undir stuttmyndum leikstjórans Romans Polanski. Myndirnar bera súrrealískum og dökkum stíl Polanskis gott vitni, auk frásagnagáfu hans og leita að sannleikanum um mannlegt eðli. „Þessar myndir eru mjög merkilegar. Þetta er sería af stuttmyndum sem markaði upphaf ferils Polanskis. Þetta er gott tækifæri til að sjá þessar myndir því það er ekki á hverjum degi sem það býðst," segir Leifur.

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Unsound-hátíðina í Kraká og njóta styrks frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Húsið verður opnað klukkan 20 og tónleikarnir hefjast stundvíslega kl 20.30.

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

SKYLINE	kl.5.50 - 8 - 10.10	12
JACKASS 3D ÓTEXTUÐ	kl.3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12
JACKASS 3D LÚXUS ÓTEXTUÐ	kl.3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12
UNSTOPPABLE	kl.8 - 10.10	L
EASY A	kl.5.50 - 8 - 10.10	L
ARTHÚR 3	kl.3.40	L
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	kl.3.40	L
AULINN ÉG 3D	kl.3.40	L

HÁSKÓLA BÍÓ
SÍMI 530 1919

SKYLINE	kl.5.50 - 8 - 10.10	12
UNSTOPPABLE	kl.8 - 10.10	L
EASY A	kl.8 - 10.10	L
ARTHÚR 3	kl.5.50	L
YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER	kl.8 - 10.15	L
INHALE	kl.6	16
BRIM	kl.6	12

BORGAR BÍÓ
SÍMI 462 3500

SKYLINE	kl.8 - 10	12
JACKASS 3D ÓTEXTUÐ	kl.8 - 10	12
EASY A	kl.6	L
ARTHÚR 3	kl.6	L

facebook.com/smarabio 5% AFSLÁTTUR

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

SÝNINGAR Í KVÖLD

ÁSTARSTJARNA (BRIGHT STAR)(L)	17:50, 20:00, 22:10
SKAFTFELLINGUR(L)	20:00(boð), 22:10
FIÐRUÐ FÍKN (FEATHERED COCAINE)(L)	18:10, 22:10
INSIDE JOB(L)	20:00
FREAKONOMICS(L)	18:00
SUBMARINO(14)	20:20, 22:20
MEÐ HANGANDI HENDI(L)	18:20

SKAFTFELLINGUR
Ný heimildamynd eftir Helga Felixson um skipið Skaftfelling og sögu þess.



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

AMY WINEHOUSE Breska söngkonan ætlar að syngja á sínum fyrstu alvöru tónleikum í rúm tvö ár.

Tónleikar í Brasilíu

Breska söngkonan Amy Winehouse ætlar að syngja á sínum fyrstu stóru tónleikum í rúm tvö ár í janúar á næsta ári. Hún ætlar samt ekki að stíga á svið í heimalandi sínu heldur á tónlistarhátíð í Brasilíu. „Amy var boðið að syngja í Brasilíu og hún hafði mikinn áhuga á því vegna þess að hún hefur aldrei komið þangað," sagði talsmaður hennar. Winehouse gefur út á næsta ári sína fyrstu plötu síðan Back to Black kom út árið 2006. Hún stefnir á heljarinnar tónleikaferð til að fylgja henni eftir og þá verður væntanlega nóg af tónleikum í Bretlandi fyrir hina fjölmörgu aðdáendur hennar þar.

Grét eftir samfarir

Jazmine Waltz, löguleg snót sem svaf hjá David Arquette skömmu eftir skilnað hans og Courteney Cox, segir leikarann hafa verið óspennandi í rúminu. Þetta kemur fram í viðtali við Waltz í bandaríska lífsstílstímaritinu Style.

David og Jazmine hittust á bar í Los Angeles þar sem Jazmine vann og þau áttu innilega stund á æskuheimili hans. „Þetta var ekkert lélegt, þetta var heldur ekkert gott, þetta var bara stutt og sársaukalítið, ákaflega óspennandi," segir Jazmine

Arquette hafði áður tjáð sig um þessi nánu kynni og viðurkenndi meðal annars að þau hefðu látið honum líða karlmannlega. „Ég hafði ekki átt svona nána stund með neinni síðan að við Courteney skildum," sagði David og bætti því við að hann hefði grátið eftir að þeim lauk. „Ég áttaði mig á að allt milli mín og Courteney væri búið."

BARÞJÓNN OPNAR SIG Jazmine Waltz, fyrirsæta og barþjónn, hefur tjáð sig um skyndikynni sem hún átti með leikaranum David Arquette.

MYND Í LEIKSTJÓRN **BALTASARS KORMÁKS**

INHALE

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?

Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

sena

HEIÐAR HELGUSON er byrjaður að æfa með liði sínu, QPR, á nýjan leik eftir að hafa verið frá vegna meiðsla á öxl í fjórar vikur. Þó er óvíst hvort hann geti spilað með liðinu gegn Preston í ensku B-deildinni um helgina. Heiðar missti af landsleiknum gegn Ísrael vegna meiðslanna.

ÖFLUGUR Andre Dabney var stigahæstur hjá Hamri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express deild karla:

Hamar upp í fjórða sætið

KÖRFUBOLTI Hamar komst í gær upp í fjórða sæti Iceland Express deildar karla eftir sigur á KFÍ í frestuðum leik, 83-69. Hamarsmenn byrjuðu vel í leiknum og voru þrettán stigum yfir eftir fyrsta leikhluta, 30-17. Þeir létu forystuna aldrei af hendi eftir þetta.

Hamar er nú með átta stig eins og Stjarnan og Keflavík og er í fimmta sæti deildarinnar. Andre Dabney var atkvæðamestur hjá liðinu í gær með 21 stig en Darri Hilmarsson var einnig drjúgur með tólf stig, níu fráköst og fimm stoðsendingar.

Lítið virðist ganga hjá KFÍ þessa dagana en þetta var fjórða tap liðsins í röð í deildinni þar sem Ísfirðingar eru í níunda sæti.

- esá

ÚRSLIT

N1-deild karla

Afturelding - Valur 22-23 (7-12)

Mörk Aftureldingar (skot): Bjarni Aron Þórðarson 7 (14), Haukur Sörli Sigurvinsson 6 (10), Jón Andri Helgason 4 (7), Daníel Jónsson 2 (7), Arnar Freyr Theodórsson 2 (6/1), Aron Gylfason 1 (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 18 (41/3) 44%.
Hraðaupphlaup: 4 (Haukur 2, Jón, Bjarni).
Fiskuð víti: 1 (Bjarni).
Utan vallar: 14 mínútur.
Mörk Vals (skot): Sturla Ásgeirsson 5 (6), Valdimar Fannar Þórsson 5/2 (9/2), Ernir Hrafn Arnarson 4 (13/1), Alexandr Jedic 3 (6), Jón Björgvin Pétursson 2 (4), Fannar Þorbjörnsson 2 (3), Anton Rúnarsson 2 (4), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (2).
Varin skot: Ingvar Guðmundsson 13 (35/1) 42%.
Hraðaupphlaup: 5 (Sturla 3, Fannar, Anton).
Fiskuð víti: 3 (Sturla, Jón, Ernir).
Utan vallar: 2 mínútur.
Dómarar: Ingvar Guðjónsson og Magnús Jónsson, ágætir.

STAÐAN

Akureyri	**6**	**6**	**0**	**0**	**183-148**	**12**
HK	7	6	0	1	242-232	12
Fram	**7**	**5**	**0**	**2**	**236-202**	**10**
FH	6	4	0	2	188-168	8
Haukar	**7**	**3**	**0**	**4**	**183-193**	**6**
Afturelding	7	1	0	6	179-203	2
Selfoss	**7**	**1**	**0**	**6**	**196-224**	**2**
Valur	7	1	0	6	173-210	2

Iceland Express deild karla

Hamar - KFÍ 83-69 (52-39)

Stig Hamars: Andre Dabney 21, Nerijus Taraskus 12, Darri Hilmarsson 12 (9 fráköst, 5 stoðsendingar), Ragnar Nathanaelsson 10 (10 fráköst), Svavar Páll Pálsson 9 (9 fráköst), Ellert Arnarson 9, Kjartan Kárason 6, Snorri Þorvaldsson 4.
Stig KFÍ: Craig Schoen 18, Darco Milosevic 12, Nebojsa Knezevic 12 (10 fráköst), Hugh Barnett 10, Daði Berg Grétarsson 7, Carl Josey 5, Pance Ilievski 3, Ari Gylfason 2.

STAÐA EFSTU LIÐA

Snæfell	**7**	**6**	**1**	**684-642**	**12**
Grindavík	7	6	1	642-559	10
KR	**7**	**5**	**2**	**702-599**	**10**
Hamar	7	4	3	590-574	8
Stjarnan	**7**	**4**	**3**	**610-594**	**8**
Keflavík	7	4	3	623-610	8
Fjölnir	**7**	**3**	**4**	**624-619**	**6**
Haukar	7	3	4	601-634	6

Sænska úrvalsdeildin

HK Aranäs - Drott Halmstad 22-27

Gunnar Steinn Jónsson skoraði þrjú mörk fyrir Drott Halmstad.

Ríkharður sá eini sem byrjaði betur

Aðeins einn af tólf markahæstu landsliðsmönnum Íslands hefur skorað fleiri mörk í fyrstu fimm landsleikjum sínum en Kolbeinn Sigþórsson. Kolbeinn skoraði sitt þriðja landsliðsmark á móti Ísrael.

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson hefur byrjað vel með íslenska karlalandsliðinu í fótbolta og er nú kominn í fámennan hóp með þeim Ríkharði Jónssyni og Tryggva Guðmundssyni. Fréttablaðið skoðaði byrjun þeirra tólf leikmanna sem hafa náð því að skora tíu mörk eða fleiri fyrir íslenska A-landsliðið. Aðeins fyrrnefndir tveir leikmenn náðu því að skora meira en eitt mark í fyrstu fimm landsleikjum sínum.

Ríkharður Jónsson átti markamet íslenska karlalandsliðsins í 56 ár eða frá 1951 til 2007, og hann náði þeim frábæra árangri að skora 7 mörk í fyrstu fimm leikjum sínum með A-landsliðinu. Þar á meðal er ferna hans í 4-3 sigri á Svíum í hans fjórða landsleik og tvenna í 2-0 sigri á Finnum 1948 en það var fyrsti sigurleikur íslenska karlalandsliðsins frá upphafi.

Tryggvi Guðmundsson skoraði þrjú mörk í fyrstu fimm landsleikjum sínum sumarið 1997 en það sumar jafnaði hann einnig markametið í efstu deild karla með því að skora 19 mörk í 18 leikjum með ÍBV-liðinu. Tryggvi skoraði ekki fjórða landsmarkið sitt fyrr en fjórum árum og 16 leikjum seinna en það er vonandi að Kolbeinn þurfi ekki að bíða svo lengi eftir fjórða A-landsliðsmarki sínu.

Feðgarnir Arnór Guðjohnsen og Eiður Smári Guðjohnsen eru báðir meðal fjögurra markahæstu leikmanna A-landsliðsins en þeir voru báðir rólegir í fyrstu landsleikjum sínum. Arnór skoraði ekki fyrr en í sínum níunda landsleik og Eiður Smári skoraði „bara“ eitt mark í fyrstu tíu landsleikjum sínum. Þriðja A-landsliðsmark Arnórs kom eftir 22 leiki og átta ár með landsliðinu en sonurinn skoraði sitt þriðja landsliðsmark í sínum tólfta A-landsleik.

Ríkharður skoraði sitt þriðja landsliðsmark eftir 302 mínútur sem þýðir að Kolbeinn var á undan honum því þessi tvítugi leikmaður AZ Alkmaar var aðeins búinn að spila í 289 mínútur í A-landsliðstreyjunni þegar hann skoraði sitt þriðja landsliðsmark í Tel Aviv í fyrrakvöld. Tryggvi Guðmundsson gerði reyndar betur en þeir báðir því þriðja landsliðsmark hans kom eftir 172 mínútna leik með A-landsliðinu.



KOLBEINN SIGÞÓRSSON Hefur þegar skorað 3 mörk í fyrstu 5 landsleikjum sínum. Hann skoraði fleiri mörk með A-landsliðinu en 21 árs liðinu á árinu. MYND/AFP

RÍKHARÐUR JÓNSSON Skoraði 17 mörk í 33 landsleikjum á árunum 1947 til 1965.

Kolbeinn lék sinn fyrsta landsleik í Kórnum í mars síðastliðnum og Ólafur Jóhannesson henti honum strax í byrjunarliðið. Kolbeinn skoraði eftir 37 mínútur þegar hann kom íslenska liðnu í 2-0. Hann fékk þá fína fyrirgjöf frá Steinþóri Frey Þorsteinssyni frá hægri og skoraði af stuttu færi. Kolbeinn var einnig í byrjunarliðinu í næsta leik á móti Mexíkó, hann náði ekki að skora en lék allan tímann í markalausu jafntefli.

Kolbeinn var á bekknum í þriðja landsleiknum sínum sem var jafnframt sá fyrsti sem hann spilaði á Laugardalsvellinum. Kolbeinn kom inn á í stöðunni 2-0 þegar 18 mínútur voru eftir af leiknum og innsiglaði 4-0 sigur íslenska liðsins með marki á 89. mínútu eftir að hafa fengið sendingu frá Eggerti Gunnþóri Jónssyni. Kolbeinn náði því líka að skora í fyrsta leiknum sínum á þjóðarleikvanginum alveg eins og í fyrsta A-landsleik sínum 70 dögum áður.

Kolbeinn var aftur á bekknum í fjórða landsleiknum sínum en kom sterkur inn af bekknum í 0-1 tapi á móti Dönum á Parken. Kolbeinn lék í þrettán mínútur en minnti vel á sig á þessum kafla.

Ólafur Jóhannesson setti Kolbein aftur í byrjunarliðið sitt í Ísrael í fyrrakvöld og Kolbeinn skoraði þar sitt þriðja landsliðsmark eftir að hafa fengið óeigingjarna sendingu frá Steinþóri Frey Þorsteinssyni sem er þar með búinn að leggja upp tvö af þremur mörkum hans fyrir A-landsliðið.

Heiðar Helguson var markahæsti landsliðsmaður Íslands á árinu með fjögur mörk og hefur verið á undan Kolbeini í goggunarröðinni. Kolbeinn hefur hins vegar nýtt tækifærin sín vel í fjarveru Heiðars og ætti að vera orðinn fyrsti maður í framlínu íslenska landsliðsins áður en langt um líður.

ooj@frettabladid.is

Fyrstu landsleikir Kolbeins

Ísland-Færeyjar 2-0	84 mínútur, 1 mark
Mexíkó-Ísland 0-0	90 mínútur
Ísland-Andorra 4-0	18 mínútur, 1 mark
Danmörk-Ísland 1-0	13 mínútur
Ísrael-Ísland 3-2	90 mínútur, 1 mark
Samantekt:	
Leikir: 5	Leikir í byrjunarliði: 3
Mínútur: 295	Mörk: 3

Fyrstu landsleikir Ríkharðs

Ísland-Noregur 2-4	90 mínútur
Ísland-Finnland 2-0	90 mínútur, 2 mörk
Danmörk-Ísland 5-1	90 mínútur
Ísland-Svíþjóð 4-3	90 mínútur, 4 mörk
Noregur-Ísland 3-1	90 mínútur, 1 mark
Samantekt:	
Leikir: 5	Leikir í byrjunarliði: 5
Mínútur: 450	Mörk: 7

Fyrstu landsleikir Tryggva

Ísland-Færeyjar 1-0	45 mínútur, 1 mark
Liechtenstein-Ísland 0-4	38 mínútur, 1 mark
Ísland-Írland 2-4	21 mínúta
Rúmenía-Ísland 4-0	9 mínútur
Ísland-Liechtenstein 4-0	90 mínútur, 1 mark
Samantekt:	
Leikir: 5	Leikir í byrjunarliði: 1
Mínútur: 203	Mörk: 3

Mörk í fyrstu fimm A-landsleikjunum sínum

hjá þeim sem hafa skorað 10 A-landsliðsmörk eða fleiri

Ríkharður Jónsson (17 mörk samt.)	7 mörk
Kolbeinn Sigþórsson (3)	**3 mörk**
Tryggvi Guðmundsson (12)	3 mörk
Eiður Smári Guðjohnsen (24)	1 mark
Pétur Pétursson (11)	1 mark
Þórður Guðjónsson (13)	1 mark
Ríkharður Daðason (14)	1 mark
Helgi Sigurðsson (10)	1 mark
Eyjólfur Sverrisson (10)	1 mark
Matthías Hallgrímsson (11)	1 mark
Arnór Guðjohnsen (14)	0 mörk
Heiðar Helguson (12)	0 mörk

Einar Hólmgeirsson kominn á lappir og spilar um helgina – drepur tímann með því að setja heimsmet:

Ekki ónýtt að setja heimsmet fyrir hádegi

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson stórskytta er aftur kominn á ferðina með félagi sínu Ahlen Hamm. Hann mun spila sinn fyrsta leik með félaginu í háa herrans tíð um helgina þegar það mætir Aroni Kristjánssyni og lærisveinum hans í Hannover Burgdorf.

Einar þurfti að fara í aðgerð á hné í upphafi vetrar en hann hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli í gegnum tíðina.

„Ég er ekki alveg kominn á fulla ferð en ætla að reyna að hjálpa til um helgina. Mér líður samt ágætlega. Ég er með verki þegar ég hoppa en það er kannski eðlilegt. Það getur vel farið svo að ég losni aldrei við þessa verki og verð því að læra að lifa með þeim,“ segir Einar.

Félagi hans veitir ekki af aðstoð hans um helgina enda er liðið aðeins með eitt stig og situr eitt og yfirgefið í neðsta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar.

„Ég ætla að reyna að vera skynsamur en það er ekki alltaf minn stíll. Ég vil helst keyra í hlutina á fullu gasi. Þetta er búinn að vera erfiður tími utan vallar og sérstaklega þar sem liðið hefur þurft á mér að halda. Það hafa fleiri leikmenn líka meiðst en við erum að koma til baka,“ sagði Einar en þrír leikmenn liðsins fóru í aðgerð í upphafi tímabilsins.

Einar hefur fundið sér ýmislegt til dundurs í meiðslunum og hann tók þátt í að setja afar sérstakt heimsmet í gær.

„Það var verið að auglýsa gufubaðsgarð sem er hérna í bænum. Ákveðið var að setja heimsmet með því að að koma einstaklingum af sem flestum þjóðernum í einn gufubaðsklefa. Það fóru rúmlega 100 manns í klefann en við vorum frá um 90 þjóðum. Þetta var alveg grillað en samt stórskemmtilegt,“ segir Einar hlæjandi en fóru menn naktir í gufuna eins og tíðkast í Þýskalandi?

„Nei, reyndar var það ekki gert í þetta skiptið. Þetta var samt ótrúlega fyndið. Við vorum þarna inni í um fimm mínútur. Það var ekkert mál fyrir flesta en gaurinn frá Nepal hefði ekki haft það af að vera mikið lengur þarna. Hann var ekki alveg vanur þessum hita þarna inni. Ég hafði gaman af þessu enda orðinn heimsmethafi. Það er ekki ónýtt að setja heimsmet fyrir hádegi,“ segir Einar léttur.

- hbg

AFTUR Á VÖLLINN Einar Hólmgeirsson mun loksins spila handbolta á nýjan leik um helgina. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

GRÆNI JAKKINN

GOLFSKÓLI BIRGIS LEIFS OG YFIR 30 GOLFMÓT Á STÖÐ 2 SPORT

Þú sérð besta golf í heimi á Stöð 2 Sport. Meira en 30 golfmót á ári með fremstu kylfingum veraldar. Og nú bætist Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar við, ný íslensk þáttaröð. Misstu ekki af golfinu í vetur. Tryggðu þér áskrift!

THE GOLF CHANNEL

EIN FLOTTASTA SJÓNVARPSSTÖÐ SINNAR TEGUNDAR Í HEIMINUM FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT.

Children Miracle Network Classic

ADT Skills Challenge
Skemmtilegt golfmót þar sem kylfingar keppa m.a. í púttum, lengd upphafshögga og stutta spilinu.

Chevron World Challenge
Tiger Woods býður 18 bestu kylfingum heims að mæta til leiks.

PGA tour Qualifying tournament
Efnilegustu kylfingarnir leggja allt undir til að vinna sér þátttökurétt á PGA mótaröðinni.

The Shark Shootout

Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar
Ný íslensk þáttaröð um allt sem kylfingar þurfa að vita um upphafshöggin, stutta spilið, púttin, mataræðið, trixin, reglurnar og fleira.

Augusta Masters
Fyrsta stórmót sumarsins þar sem keppst er um að fá að klæðast grænu jakkanum eftirsótta.

US PGA Championship
Eitt af risamótunum fjórum í PGA mótaröðinni.

Konunglegi bikarinn í golfi
Magnað golfmót í anda Ryder Cup þar sem úrvalslið Evrópu mætir fremstu kylfingum Asíu.

Asia One
Frábær 10 móta mótaröð þar sem kylfingar eins og Adam Scott, Fred Couples, Stuart Appleby, Geoff Ogily, Greg Norman o.fl. fara á kostum.

PGA Europro tour
Stærsta og flottasta mótaröðin sem er sérhönnuð fyrir unga og jafnframt efnilegustu atvinnukylfinga heims. 17 mót.

Nedbank Golf Challange
Meðal keppenda eru Ernie Els, Goosen, Justin Rose, Lee Westwood, Miguel Angel Jimenez, Padraig Harrington og fleiri.

Fíton / SÍA

MIKIÐ ÁLAG Úr leik Breiðabliks og Stjörnunnar á síðasta sumri en Blikar mega eiga von á því að missa einhverja leikmenn í U-21 landsliðið í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Drög að niðurröðun fyrir Pepsi-deild karla 2011:

Mögulegt að lið spili sjö leiki strax í maí

FÓTBOLTI Nú liggja fyrir drög að niðurröðun leikja í Pepsi-deild karla næsta sumar. Þátttaka íslenska U-21 landsliðsins í EM í Danmörku næsta sumar hefur mikil áhrif en mótið fer fram dagana 11.-25. júní.

Gert er ráð fyrir því að Íslandsmótið hefjist 1. maí en ljúki 1. október. Um talsvert lengra tímabil er að ræða en á síðasta sumri þegar tímabilið hófst 10. maí og lauk 25. september.

Samkvæmt þeim drögum sem liðin í Pepsi-deild karla fengu að sjá á dögunum er gert ráð fyrir fimm umferðum í maímánuði, rétt eins og í fyrra.

Hins vegar eiga 6. og 7. umferðin að fara fram á meðan EM í Danmörku stendur. Þau félög sem eiga leikmenn í U-21 landsliðinu geta fengið þeim leikjum flýtt fram í maí og myndu þá spila sjö deildarleiki í þeim mánuði auk þess sem gert er ráð fyrir því að 16 liða úrslit bikarkeppninnar fari fram 29.-30. maí.

Ef af því verður er ljóst að álagið á leikmenn verður mikið í maí, sem og á sjálfa vellina sem oft hafa verið viðkvæmir snemma vors.

Þó er enn verið að vinna að drögunum og verða lokatillögur lagðar fyrir formenn og framkvæmdastjóra félaganna á fundi um helgina. Heimildir Fréttablaðsins herma að til standi að spila heila umferð eftir landsleik Íslands og Danmerkur 4. júní og áður en EM í Danmörku hefst 11. júní. Það gæti mögulega létt á álaginu í maímánuði.

- esá

Þetta var virkilega sætt

Sex leikja taphrinu Vals lauk í Mosfellsbænum í gær er Valsmenn mörðu sigur á baráttuglöðu liði Aftureldingar. Litlu munaði að Valur glutraði niður unnum leik.

HANDBOLTI Þungu fargi var létt af leikmönnum Vals í gær eftir 22-23 sigur á Aftureldingu. Fyrsti sigur liðsins í N1-deildinni í sjö leikjum var staðreynd og leikmenn fögnuðu inni í klefa líkt og þeir væru orðnir Íslandsmeistarar. Lái þeim hver sem vill eftir verstu byrjun í sögu félagsins.

„Þetta var virkilega sætt enda búið að vera djöfull erfitt. Það var enn sætara að ná sigri í svona leik á þetta erfiðum útivelli þar sem margt var á móti okkur," sagði Júlíus Jónasson, þjálfari Vals, sem gat loksins leyft sér að brosa í leikslok.

Leikurinn í gær fer ekki í sögubækurnar fyrir gæði en skemmtilegur var hann. Sveiflurnar voru með ólíkindum og dramatíkin hélst allt til loka.

Í stöðunni 6-6 spóluðu Valsmenn fram úr og náðu sex marka forskoti, 6-12. Í upphafi síðari hálfleiks náðu þeir sjö marka forskoti, 7-14, en þá hófst endurkoma heimamanna. Þeir minnkuðu muninn í eitt mark, 13-14, og jöfnuðu loksins í stöðunni 20-20 þegar rúmar fimm mínútur voru eftir.

Þá fóru þeir ákaflega illa að ráði sínu. Létu reka sig ítrekað af velli fyrir klaufaleg brot og það nýttu Valsmenn sér til þess að merja sigur og það mikilvægan. Sigurinn var svo sannarlega ekki fallegur og það eru enn verulegar brotalamir á leik Valsliðsins. Sigurinn ætti þó að gefa þeim smá byr í seglin.

„Síðustu vikur hafa verið mjög erfiðar fyrir okkur en þetta er eitthvað til að byggja ofan á. Menn verða samt að gera sér grein fyrir því að þeir verða að leggja enn harðar að sér til þess að ná næstu stigum. Þetta kemur ekkert af sjálfu sér þó svo að við höfum unnið einn leik," bætti Júlíus við.

Mosfellingar hafa verið að missa menn í meiðsli og gamlar kempur voru því mættar á svæðið. Haukur Sigurvinsson stal senunni með ótrúlegum leik í gær en það dugði ekki til.

„Það var hrikalegt að tapa þessum leik og enn eina ferðina töpum við leik í restina á heimavelli. Það er ekki nógu gott. Við töpuðum þessum leik samt ekki raunverulega þá heldur þegar við lentum mörgum mörkum undir í síðari hálfleik. Strákarnir sýndu síðan karakter að koma til baka en við verðum að gera betur," sagði hundsvekktur þjálfari Aftureldingar, Gunnar Andrésson.

henry@frettabladid.is

LANGÞRÁÐUR FÖGNUÐUR Valsmaðurinn Ernir Hrafn Arnarsson fagnar en hann mætti í gær sínu gamla félagi úr Mosfellsbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira

20% AFSLÁTTUR!

Tilboðið gildir frá föstudegi til mánudags*

Afsláttur er veittur af Outlet-verðum!

Fleiri gerðir

LEVI'S GALLABUXUR F/ FULLORÐNA
Outlet verð kr. 9.995
Verð með 20% afslætti 7.996

CATMANDOO ÚLPA F/ BÖRN
Outlet verð kr. 8.000
Verð með 20% afslætti 6.400

CATMANDOO ÚLPA F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 8.000
Verð með 20% afslætti 6.400

NORTH ROCK BUXUR F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 5.000
Verð með 20% afslætti 4.000

T-BOLIR, ÝMSAR GERÐIR
Outlet verð kr. 1.995
3 saman með 20% afslætti 4.788

LITTLE MISS BOLIR, ÝMSAR GERÐIR
Outlet verð kr. 1.995
3 saman með 20% afslætti 4.788

FÓTBOLTABÚNINGAR, FYRIR BÖRN
Outlet verð kr. 3.500
2 saman með 20% afslætti 5.600

*Gildir ekki vegna DVD og húsgagna

NÝ SENDING AF LEVI'S GALLABUXUM

NEXT VÖRUR FRÁ KR. 500 - 2.000

KORPU OUTLET

Stærsti lagermarkaður landsins

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

> Andie MacDowell

„Mér finnst líkaminn vera mjög fallegur og ég hef í rauninni engin vandamál hvað hann varðar. En það er samhengið og aðstæðurnar sem líkaminn er settur í sem hafa áhrif á mig."

Andie MacDowell leikur í gamanmyndinni Groundhog Day sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR GÍGJA GUNNARSSON BÝÐUR GAMLAN VIN VELKOMINN**

Gott að fá gamla Kastljósið aftur

Kastljósið festist skömmu eftir hrun í stöðugum hamfarafréttum af fjármálalífinu. Það fjallaði ítarlega um það, kvöld eftir kvöld, hversu illa heimilin í landinu væru stödd og viðtölin hófust yfirleitt með þessum orðum: „Eins og greint var frá í fréttum í kvöld." Kastljósið varð framhald á kvöldfréttatímanum sem hafði þegar hrætt líftóruna úr flestum með skelfingartíðindum af gengistryggðum lánum, kúlulánum og óverðtryggðum lánum.

Kastljósið var í miklum metum hjá mér fyrir hrun. Ég reyndi alltaf að horfa á það. Það var lifandi magasínþáttur og Kastljósfólkið var óhrætt við að fjalla um ólíklegustu málefni, dægurmál, menningu, stjórnmál eða efnahagsmál. Allt var þetta sett undir sama hatt. En síðan féll Kastljósið í þá gryfju að halda að pólitík og efnahagshrun væru það eina sem fólk hefði áhuga á, að fólkið heima í stofu sæti límt við skjáinn og biði eftir því að heyra hvernig fjármálafrumvarpið væri í smáatriðum eða hvort það hefðu verið framin lögbrot þegar skuldabréfavafningar voru seldir. Þær fréttir höfðu jú verið fluttar í fréttum skömmu áður.

Ég gladdist því mikið þegar Þóra Arnórsdóttir birtist á skjánum síðastliðið miðvikudagskvöld og þuldi upp dagskrá Kastljóssins. Viðtal við Brasilíufangann Karl Grönvold, innslag um mann sem hannar lógó, frétt um Jónas R. og fiðluverkstæðið hans og svo var botninn sleginn í þáttinn með köntrýlagi Selmu Björns. Enginn Steingrímur, engin Jóhanna, engir útrásarvíkingar. Guði sé lof.

VENJULEG ÞÓRA Þóra Arnórsdóttir bauð venjulegt fólk velkomið í miðvikudags-Kastljósið og losaði um streitu sjónvarpsáhorfenda heima í stofu.

SJÓNVARPIÐ

16.40 Heimilistónar í Ameríku Leikin heimildamynd um tónleikaferð kvennahljómsveitarinnar Heimilistóna til Bandaríkjanna.

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Sportið (e)

18.00 Manni meistari (24:26)

18.25 Frumskógarlíf (8:13)

18.30 Frumskógar Goggi (9:26)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.10 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Kópavogs og Akureyrar.

21.20 Sherlock (3:3) (Sherlock) Breskur sjónvarpsmyndaflokkur byggður á sögum eftir Arthur Conan Doyle.

22.55 Upplandsríkið (Inland Empire) Bíómynd frá 2006. Veruleikaskyn leikkonu brenglast um leið og hún verður ástfangin af meðleikara sínum í endurgerð pólskrar kvikmyndar sem bölvun er talin hafa hvílt á. (e)

01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Doctor Dolittle

10.00 Leonard Cohen: I'm Your Man

12.00 Draumalandið

14.00 Doctor Dolittle

16.00 Leonard Cohen: I'm Your Man

18.00 Draumalandið

20.00 Confessions of a Shopaholic

22.00 The Lodger

00.00 Gladiator

02.30 The Big Nothing

04.00 The Lodger

06.00 Meet Dave

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Tommi og Jenni, Hvellur keppnisbíll, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli, Kalli litli Kanína og vinir

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 60 mínútur

11.05 Glee (22:22)

11.50 Mercy (7:22)

12.35 Nágrannar

13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares (2:8)

13.50 La Fea Más Bella (274:300)

14.35 La Fea Más Bella (275:300)

15.20 Gavin and Stacy (4:7)

15.55 Barnatími Stöðvar 2 i

17.05 Bold and the Beautiful

17.30 Nágrannar

17.58 The Simpsons (22:25)

18.23 Veður Markaðurinn.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.16 Veður

19.25 Auddi og Sveppi

20.00 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.

20.55 Total Wipout (1:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

22.00 Groundhog Day Gamanmynd um veðurfréttamann úr sjónvarpi sem er sendur ásamt upptökuliði til smábæjar nokkurs þar sem hann á að fjalla um dag múrmeldýrsins fjórða árið í röð.

23.40 Aliens vs. Predator - Requiem Spennandi vísindaskáldsaga um íbúa smábæjar sem þurfa að berjast gegn geimverurárás.

01.10 The Assassintation of Jesse James Magnaður, stjörnum prýddur vestri.

03.45 The Butterfly Effect 2 Sjálfstætt framhald af hinni dulmögnuðu mynd The Butterfly Effect.

05.15 Angel-A Rómantísk og áhrifamikil mynd frá Luc Besson.

SPORT *besta sætið*

18.10 Children's Miracle Network Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

19.05 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.

19.30 Á vellinum Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki.

20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

20.30 La Liga Report Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

21.00 Main Event Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.

21.55 European Poker Tour 6 Sýnt frá Evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður sýnt frá PokerStars Caribbean mótinu.

22.45 Box - Manny Pacquiao - Antonio Margarito

SPORT 2 *enski boltinn*

16.00 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

17.00 Tottenham - Blackburn

18.45 Man. City - Birmingham

20.30 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 Premier League Preview 2010/11 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

21.30 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

22.00 Football Legends Magnaðir þættir þar sem fjallað er um bestu knattspyrnumenn sögunnar og að þessu sinni verður fjallað um hinn brasilíska Zico.

22.30 Premier League Preview 2010/11

23.00 West Ham - Blackpool

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

07.30 Game Tíví (10:14) (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.40 Rachael Ray (e)

09.25 Pepsi MAX tónlist

12.00 Game Tíví (10:14) (e)

12.30 Pepsi MAX tónlist

16.45 Rachael Ray

17.30 Dr. Phil

18.10 Friday Night Lights (11:13) (e)

19.00 Melrose Place (5:18) (e)

19.45 Family Guy (9:14) (e)

20.10 Rules of Engagement (4:13) Bandarísk gamansería.

20.35 The Ricky Gervais Show (4:13) Bráðfyndin teiknimyndasería.

21.00 Last Comic Standing (11:14) Bráðfyndin raunveruleikaseríai.

21.45 Parks & Recreation (23:24) (e)

22.10 Secret Diary of a Call Girl (6:8) (e)

22.40 Sordid Lives (11:12)

23.05 Law & Order: Special Victims Unit (15:22) (e)

23.55 Scream Awards 2010 (e)

01.55 Whose Line Is It Anyway (17:20) (e)

02.20 The Ricky Gervais Show (4:13) (e)

02.45 Jay Leno (e)

03.30 Jay Leno (e)

04.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America

11.00 Golfing World (e)

11.50 European Tour - Highlights (5:10) (e)

12.40 JBwere Masters 2010 (4:4) (e)

17.10 Golfing World (e)

18.00 Golfing World

18.50 JBwere Masters 2010 (4:4) (e)

21.50 Golfing World (e)

22.40 PGA Tour Yearbooks (7:10) (e)

23.25 Golfing World (e)

00.15 ESPN America

EXTRA

19.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

19.45 Smallville (5:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.

20.30 That Mitchell and Webb Look (5:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 NCIS: Los Angeles (14:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn sysdeildarinnar í höfuðborginni Washington.

22.35 Human Target (5:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.

23.20 Life on Mars (1:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.

00.05 The Doctors

00.45 Smallville (5:22)

01.30 Auddi og Sveppi

02.00 Logi í beinni

02.50 Fréttir Stöðvar 2

03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Föstudagsþátturinn Með Hildu Jönu Gísladóttur.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórninni líst lítið á samráðsbetl vinstri stjórnarinnar.

21.00 Vogaverk Það gerist flest í Vogunum sem ekki á að gerast, ný gamanþáttaröð á ÍNN.

21.30 Ævintýraboxið Íslendingar í ævintýraleit.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.55
Total Wipeout

Bresk útgáfa af hinum geysivinsælu Wipeout-þáttum sem hafa farið sigurför um heiminn og verið framleiddir í meira en 30 löndum. Þrautirnar eru erfiðari og skemmtilegri en nokkru sinni fyrr og útkoman er stórkostleg. Kynnir þáttanna er Richard Hammond úr Top Gear.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.25 The Weakest Link **13.10** Deal or No Deal **13.50** Monarch of the Glen **14.40** Absolutely Fabulous **15.10** ‚Allo ‚Allo! **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** Survivors **22.00** Fawlty Towers **22.35** QI **23.05** Harry and Paul **23.35** Come Dine With Me **00.00** Come Dine With Me

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Med andre øjne - vansiret **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Karlsson på taget **16.30** Rosa fra Rouladegade **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Ørkenens Sønner - Et skud i tågen **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.20** Ikke et ord **23.10** Kapring i høj fart

NRK 1

12.10 Sjøsprøyt **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Yum Yum med Noman **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.35** Norge rundt **19.00** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen **22.15** Kveldsnytt **22.30** Detektimen **23.20** Christina Aguilera - live i Australia

SVT 1

12.50 Robins **13.20** Veronica Mars **14.05** Starke man **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Hundra procent bonde **16.25** Kinas mat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** Masjävlar **22.35** Elvis Costello med gäster **23.25** Sinchronicity

FRUMSÝNING
KAWASAKI KX 2011
Í DAG KL. 14:00 Í NÍTRÓ REYKJAVÍK OG AKUREYRI

25% AFSLÁTTUR AF VÖRUM*

VORUM AÐ FYLLA BÚÐINA AF ONE 2011 FATNAÐI

*Afsláttur gildir frá kl. 14 -18 í dag, föstudag og frá 10 - 14 á laugardag. Ekki er afsláttur af hjólum né öðrum tilboðum.

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9, REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
N1 VERSLUN TRYGGVABRAUT 18-20, AKUREYRI. SÍMI 461 5522
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík.

Kawasaki NITRO

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Lag sem kemur mér alltaf í gírinn á föstudögum er On to the Next One með Jay-Z og Swizz Beatz.“

Pálmi Ragnar Ásgeirsson, lagahöfundur og meðlimur upptökufyrirtækisins StopWaitGo.

Fljúga frá Ástralíu til að sjá Frostrósir

„Við verðum í Noregi um jólin og áramótin en þegar við fréttum af þessum tónleikum fannst okkur lítið tiltökumál að bæta Íslandi á listann,“ segir Ástralinn Craig Murray. Hann hyggst fljúga alla leið til Íslands og vera viðstaddur jólatónleika Frostrósa sem haldnir verða á Akureyri um miðjan næsta mánuð. Murray er að eigin sögn forfallinn Eurovision-aðdáandi og hefur verið allar götur síðan Abba-flokkurinn kom, sá og sigraði árið 1974. Hann ætti því að fá nóg fyrir sinn pening enda troða upp á tónleikunum þrír söngvarar sem eru með slíka reynslu á bakinu: þau Friðrik Ómar, Regína Ósk og Hera Björk.

Craig upplýsir að hann hafi notið liðsinnis Heru Bjarkar við að panta sér hótel og miða á tónleikana en hann, ásamt félaga sínum Darryl, ætla einnig að skoða Reykjavík og fara ferðamannaleiðina Þingvellir-Gullfoss-Geysir. Hann viðurkennir að þetta hljómi ekkert sérstaklega rökrétt, að fara frá Ástralíu til Íslands og hlýða þar á jólatónlist, en: „Það kom okkur bara svo stórkostlega á óvart hvað allt er ódýrt á Íslandi, flugið til Akureyrar kostaði nánast ekki neitt.“ Eitthvað sem kemur ekki til af góðu.

Craig verður hins vegar ekki sleppt án þess að hann sé spurður út í frammistöðu Heru Bjarkar í Osló sem vakti mikla athygli en fékk ekki mörg stig. „Ég var mjög vonsvikinn með niðurstöðuna, ég hélt í alvöru að hún væri að fara að vinna þessa keppni og trúði því.“ **- fgg**

KEMUR HÁLFA LEIÐ YFIR HNÖTTINN Craig Murray og unnusti hans Darryl Brown (t.h) eru miklir nautnabelgir og ferðalangar og setja það ekki fyrir sig að koma alla leið til Íslands til að sjá Frostrósir.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Leitin að jólunum

Lau 27.11. Kl. 13:00 U	Sun 5.12. Kl. 11:00	Sun 12.12. Kl. 14:30 U
Lau 27.11. Kl. 14:30	Sun 5.12. Kl. 13:00 U	Lau 18.12. Kl. 11:00
Sun 28.11. Kl. 11:00 U	Sun 5.12. Kl. 14:30 U	Lau 18.12. Kl. 13:00
Sun 28.11. Kl. 13:00 U	Lau 11.12. Kl. 11:00	Lau 18.12. Kl. 14:30
Sun 28.11. Kl. 14:30 U	Lau 11.12. Kl. 13:00 U	Sun 19.12. Kl. 11:00
Lau 4.12. Kl. 11:00 U	Lau 11.12. Kl. 14:30	Sun 19.12. Kl. 13:00
Lau 4.12. Kl. 13:00 U	Sun 12.12. Kl. 11:00	Sun 19.12. Kl. 14:30 U
Lau 4.12. Kl. 14:30	Sun 12.12. Kl. 13:00 U	

Finnski hesturinn (Stóra sviðið)

Fös 19.11. Kl. 20:00	Lau 27.11. Kl. 20:00	
Lau 20.11. Kl. 20:00 U	Sun 28.11. Kl. 20:00	
Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.t.	Lau 4.12. Kl. 20:00	

Fíasól (Kúlan)

Lau 20.11. Kl. 13:00	Sun 28.11. Kl. 13:00	Fim 30.12. Kl. 16:00 br. sýn.t.
Lau 20.11. Kl. 15:00	Sun 28.11. Kl. 15:00 100 sýn. U	
Sun 21.11. Kl. 13:00 U	Sun 5.12. Kl. 13:00 br. sýn.t.	
Lau 27.11. Kl. 13:00	Sun 5.12. Kl. 15:00	
Lau 27.11. Kl. 15:00	Mið 29.12. Kl. 16:00 br. sýn.t.	

Hænuungarnir (Kassinn)

Fös 19.11. Kl. 20:00 U	Lau 27.11. Kl. 20:00	Sun 5.12. Kl. 20:00
Lau 20.11. Kl. 20:00	Fös 3.12. Kl. 20:00	
Fös 26.11. Kl. 20:00	Sun 5.12. Kl. 20:00	

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. U	Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Sun 16.1. Kl. 19:00
Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. U	Fim 30.12. Kl. 19:00	Lau 22.1. Kl. 19:00
Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Fös 7.1. Kl. 19:00	Sun 23.1. Kl. 19:00
Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Lau 15.1. Kl. 19:00	



Gerpla (Stóra sviðið)

Fös 26.11. Kl. 20:00 U	Fös 2.12. Kl. 20:00	Fim 3.12. Kl. 20:00 Aukas.



Lér konungur (Stóra sviðið)

Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U	Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn	Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn
Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn	Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 21.1. Kl. 20:00
Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn	

Íslandsklukkan – á Akureyri (Hof, menningarhús)

Fös 19.11. Kl. 20:00 U	Lau 20.11. Kl. 20:00 U	Sun 21.11. Kl. 14:00

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

ATHENA RAGNA: NÚNA LANGAR MIG AÐ LÍMA ALLT DÓTIÐ MITT Á MIG

Rænd tvisvar á einni viku á götum Kaupmannahafnar

„Núna langar mig að líma allt dótið mitt á mig svo það verði ekki tekið af mér,“ segir Athena Ragna, fyrirsæta og nemi í tískumarkaðssetningu í Kaupmannahöfn.

Athena lenti í því á dögunum að vera rænd tvisvar á einni viku á götum Kaupmannahafnar. Ránsalda gengur yfir borgina þessa dagana og danskir fjölmiðlar hafa hvatt almenning til að vera á betur á varðbergi en áður. Athena vonast til að reynsla hennar verði öðrum víti til varnaðar, enda Kaupmannahöfn gríðarlega vinsæll viðkomustaður Íslendinga, sem hafa hingað til ekki nefnt borgina á nafn í sömu andrá og vasaþjófa.

Þegar fyrra ránið var framið var Athena á leiðinni á Ráðhústorgið á sunnudegi. Mikið af fólki var á ferðinni og hún rakst utan í nokkra á leið sinni. „Svo þegar ég ætlaði að fá mér að borða með vinkonu minni var ekkert veski, engin myndavél og enginn sími. Ég tók ekkert eftir þessu,“ segir hún. „Ég tek fulla ábyrgð á seinna ráninu því þá var ég bara kærulaus. Ég lét töskuna mína frá mér þegar ég var á Strikinu. Ég sá engan í kringum mig nema fólkið sem var með mér. Svo 30 sekúndum seinna var taskan horfin.“

Seinni þjófarnir komust á brott á með það sem fyrri þjófarnir náðu ekki: eldri bráðabirgðasíma, húslykla og lestarkort. Athena tekur þessari einstöku óheppni með jafnaðargeði. „Í fyrsta skipti var ég miður mín, en í annað skipti var ég bara „nei, kommon!“. Mamma mín skellihló líka þegar hún frétti þetta,“ segir hún og játar að hún sé miklu varkárari í dag.

Fólkið í kringum Athenu hefur einnig orðið fyrir barðinu á þjófum sem hafa verið sérstaklega klókir undanfarið. „Það komu stelpur í heimsókn yfir helgi og tvær af þeim voru rændar, strákurinn sem ég bý með var rændur, tvær stelpur úr bekknum mínum voru rændar. Þetta er alltaf að gerast,“ segir Athena.

ANSANS ÓHEPPNI Athena lenti í því að vera rænd tvisvar á einni viku í Kaupmannahöfn. Hún flutti þangað fyrir þremur mánuðum og leggur stund á nám í tískumarkaðssetningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið greindi frá ævintýrum Athenu í sumar, en til stóð að hún léki lítið hlutverk í kvikmynd Guy Maddin, Keyhole. Kreppan kom í veg fyrir það þegar hún var komin með handrit og flugmiða í hendurnar á leið til Kanada, þar sem myndin er tekin upp. Framleiðendurnir höfðu ekki efni á að greiða henni laun og uppihald og var því heimastúlka fengin í hlutverkið. „Þetta var búið að vera í gangi frá því í febrúar. Ég var heillengi að sannfærast, en svo var þetta loksins að fara að gerast,“ segir Athena sem tekur óheppninni með stóískri ró. „Skítur skeður.“

atlifannar@frettabladid.is

Helgi Svavar semur fyrir Osló

Helgi Svavar Helgason hefur tekið að sér að semja tónlistina við rómantísku gamanmyndina Okkar eigin Osló í leikstjórn Reynis Lyngdal. Helgi, þekktastur fyrir að vera trymbill í Hjálmum og Flís, hefur unnið töluvert með Stefáni Jónssyni, prófessor í leiklist við Listaháskóla Íslands, og samdi meðal annars tónlistina við Enron sem sýnt er í Borgarleikhúsinu.

Reynir Lyngdal segist í samtali við Fréttablaðið einnig ætla sjálfur að koma að gerð tónlistarinnar. „Við erum svona að spá, ég og Helgi, hvort við eigum ekki að endurhljóðblanda gömul íslensk dægurlög. Myndin á að vera svolítið íslensk og við viljum nýta músíkina. Það er til svo mikið af tónlist sem eitt sinn þótti hallærisleg en er alveg geðveikt góð,“ segir Reynir en hann er ekki ókunnur endurhljóðblöndunum enda hefur hann starfað sem plötusnúður á skemmtistöðum samhliða kvikmyndagerðarhlutverkinu.

Kvikmyndin er nú í klippiherberginu en tökuliðið var nýverið í Osló að taka upp ástarsenur. Að sögn Reynis mátti reyndar litlu muna að dagsverki þeirra yrði stolið einn daginn. „Það var brotist inn í einn bílinn hjá okkur og við fengum mikið sjokk því þar voru upptökur dagsins geymdar á geisladiski. Sem betur fer var bara einu kvenmannsveski stolið.“

Reynir reiknar með því að myndin verði frumsýnd í febrúar. **- fgg**

SAMAN Reynir Lyngdal og Helgi Svavar ætla jafnvel að endurhljóðblanda gömul íslensk dægurlög sem þóttu einu sinni hallærisleg en gætu verið töff í dag.

19. NÓVEMBER

ÆVIMINNINGAR HAUKS GUÐMUNDSSONAR FYRRVERANDI RANNSÓKNARLÖGREGLUMANNS

Haukur greinir frá örlagaríkum atburðum sem tengjast 19. nóvember 1974, deginum sem Geirfinnur Einarsson hvarf á dularfullan hátt. Haukur segir einnig frá uppvaxtarárum sínum, starfinu í lögreglunni í Keflavík, fangelsisvist og lífsbaráttu sinni.

sögur ÚTGÁFA

www.sogurutgafa.is

Spennandi bók um manninn sem upplifði eitt stærsta hneyksli íslenska réttarkerfisins fyrr og síðar.



SÖGUR ÚTGÁFA

BÝÐUR Í ÚTGÁFUTEITI Í EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KL. 17

Upplestur og léttar veitingar

Lestrarfærni er lykill
að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hlunkur á plani

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur las upp úr bók sinni um Gunnar Thoroddsen á fundi hjá félagsskap í Reykjavík í gær. Guðni rifjaði upp að hann hefði sagt í viðtali við Fréttablaðið um síðustu helgi að hann hefði gaman af að skrifa bækur sem „venjulegt fólk" vildi lesa. Kunningi hans spurði hann í framhaldinu hvort hann teldi að venjulegt fólk gæti valdið svona þungri bók, sem er heilar 650 síður.

Guðni hafði á orði að ef bókin hans væri seld á bensínstöðvum yrði hún líklega höfð úti á plani hjá gaskútunum, hún væri svo mikill hlunkur.

Tómassystur sigra Tobbu

Systurnar **Þóra Tómasdóttir** og Kristín Tómasdóttir virðast ætla að vinna stelpustríðið á bókamarkaðinum því bók þeirra Stelpur náði öðru sætinu á metsölulista Eymundsson. Tobba Marinós tekur virkan þátt í þessu stríði með bókinni sinni Dömusiðir en hafði ekki roð við systrunum þessa vikuna. Bók Tobbu náði þó áttunda sætinu á lista Eymundsson. Nú bíða menn spenntir eftir því hvort viðlíka áhugi sé fyrir siðabók handa körlum en það styttist óðar í þriðju bók Egils „Gillz" Einarssonar.

- fgg

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Sjö ára stelpur vildu fá lánaða hunda til að „bíta krakka"
2. Gríðarleg umferðarteppa á Miklubrautinni
3. Ólafi enn haldið sofandi
4. Þekktir Íslendingar lýsa skömm á Páli og Óðni
5. Herjólfur snarsnérist í hafnarmynninu

MÍN SKOÐUN
ALLA VIRKA DAGA
KL. 13 – 15

X 97.7

829 hundar - 81 tegund - 37 ungir sýnendur

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

Alþjóðleg hundasýning
Hundaræktarfélags Íslands

20. – 21. nóvember í Reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Portúgal
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 19. nóvember kl. 18:00

Meðal viðburða

- Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

Sjá dagskrá á hrfi.is

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969